

**Sp.**

## **687. Skýrsla**

Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra um utanríkismál.

### **I. Inngangur.**

Ég legg nú skýrslu um utanríkismál fyrir Alþingi í annað sinn síðan núverandi ríkisstjórn hóf störf hinn 26. maí 1983.

Framkvæmd utanríkismála á þessu tímabili hefur byggst á samkomulagi stjórnarflokkanna sem gert var við myndun stjórnarinnar. Var það svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m. a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar, og réttindi landsins á hafsbotnssvæðunum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila.“

Með þátttöku í því samstarfi þjóða sem nefnt er í textanum, og tvíhliða samskiptum, hefur verið leitast við að gæta sem best þeirra hagsmuna þjóðarinnar er út á við snúa. Farsælt fjölþætt samstarf við góða nágretta og þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið hornsteinn utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins í fjóra áratugi. Sú stefna hefur reynst þjóðinni vel og því engin ástæða til að víkja af þeim vegi.

Mesta sameiginlega hagsmunamál þjóða er að heimsfriður haldist. Friðrof eiga sér því miður sífellt stað víðs vegar um heim, en þau eru staðbundin. Ekkert bendir til að friði sé hættara í okkar heimshluta en verið hefur eða að meiri hætta sé á heimsófriði. Þetta er árangur þeirrar árvekni sem unnendur frelsis og lýðræðis hafa sýnt.

Þjóðin hefur því áfram búið við þau skilyrði að ráða sjálf landi sínu og lífsháttum.

Í framkvæmd utanríkisstefnunnar hef ég lagt sérstaka áherslu á að tryggja og treysta grundvöll þess að þjóðin megi í skjóli friðar og frelsis una glöð við sitt — að bjartar vonir hennar megi halda áfram að rætast.

### **II. Alþjóðamál.**

Slit Sovétríkjanna á samningaviðræðum um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu (INF) og langdrægar kjarnaflaugar (START) og yfirlýsing þeirra um að þeir settust ekki að samningaborði að nýju nema Bandaríkin tækju niður allar Pershing II og stýriflaugar í Evrópu og hættu við uppsetningu nýrra mótaði mjög þróun alþjóðamála á árinu 1984. Það var ekki fyrr en fullsýnt þótti að Ronald Reagan yrði endurkjörinn forseti Bandaríkjanna

með miklum yfirburðum að menn tóku að merkja væga þíðu í samskiptum þessara stórvelda. Og nú hafa þau sest að samningaborðinu á ný með nýju sniði. Tíð leiðtogaskipti í Sovétríkjunum og óvissa þeim tengd ætti nú að vera á enda með vali Mikhails S. Gorbachevs í kjölfar andláts Konstantíns Chernenkos. Vonir allra þjóða hljóta að standa til þess að náð verði á næstu árum samningum um gagnkvæma takmörkun kjarnavopna undir öruggu eftirliti.

Nánar verður vikið að þessum málum í köflunum um samskipti austurs og vesturs og afvopnunarmál hér á eftir. Einnig verður í sérstökum köflum aftar í skýrslunni fjallað m. a. um stríðið milli Írans og Íraks, ástandið í Líbanon, stríðin í Kampútsíu og Afganistan, ástandið í Suður-Afríku og hungursneyðina í mörgum Afríkulöndum. Allt eru þetta sterkir drættir í heimsmyndinni nú.

Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra vék ég nokkuð að störfum og starfsháttum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þar eru helstu mál heimsins rædd og þar er víðfeðmasti og á vissan hátt mikilvægasti vettvangur þjóða til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og kynnast skoðunum annarra. Vonir manna stóðu einnig til þess í upphafi að þar yrðu deilumál þjóða og vandamál leyst. Á þessu ári verður minnst 40 ára afmælis hinna Sameinuðu þjóða. Þær eru nú orðnar 159 talsins. Víst eru þær sundurleitar og um margt einnig æði sundraðar. Þótt sjaldan skorti fögur orð er það stundum í reynd fremur svo að blásið er að glóðum ófriðar en að ófriðarbál séu slökkt. Hér kann að vera tekið full djúpt í árinna, en hitt er víst að ekki var ástæðulaust að taka undir með forseta 39. allsherjarþingsins, Jorge E. Illueca, forseta Panama, er hann gagnrýndi vinnubrögð þingsins, fjölda dagskrármála þess og sífellda endurtekningu mikils fjölda ályktana ár eftir ár án þess að nokkuð sé með þær gert. Þær virðast næstum gleymdar þar til nýtt allsherjarþing kemur saman. Þá samþykkir þingið þær aftur lítt breyttar eða óbreyttar og svona gengur það til jafnvel heila áratugi. Ekki fækkaði dagskrárliðum né ályktunum á síðasta allsherjarþingi. Dagskrármálin urðu 143 talsins og þrátt fyrir kvartanir úr öllum áttum komu fram nær 80 tillögur um afvopnunarmál. Í langflestum tilfellum var um að ræða endurflutning á ályktunum fyrri þinga og margar þeirra þó því miður lítt raunhæfar. Aðeins örfáar voru nýjar af nálinni og ekki líklegar til að rjúfa þann vítahring, sem afvopnunarmálin hafa verið og eru í.

Er 39. allsherjarþinginu var frestað 18. desember sl. hafði verið fjallað um 300 tillögur um hin ýmsu málefni, en 12 dagskrárliðir voru þá óræddir og þeim frestað til framhaldsþings á þessu ári. Meðal þeirra eru norður-suður viðræðurnar svonefndu, ástandið í Mið-Ameríku, stríð Írans og Íraks og Kjúpurmálið.

Vopnaeftirlits- og afvopnunarstofnun Bandaríkjanna (US Arms Control and Disarmament Agency), sem er ríkisstofnun, áætlaði í skýrslu sinni frá 15. maí 1984 að heildarútgjöld til hermála í heiminum mundu hækka úr 800 milljörðum dollara á árinu 1983 í 970 milljarða á árinu 1984 og áætla að þau fari yfir eitt þúsund milljarða dollara á árinu 1985. Sænska rannsóknarstofnunin SIPRI (Stockholm International Peace Research Institute) taldi í skýrslu sem hún gaf út í júní 1984 að heildarútgjöld til hermála í heiminum hefðu numið 750 milljörðum dollurum á árinu 1983 og mundu ná 800 milljörðum 1984. Bandaríska stofnunin segir í fyrrnefndri skýrslu að stærsti hlutinn eða 40% af hinni alþjóðlegu vopnasölu fari til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og ríkin með hæstu hernaðarútgjöld á íbúa séu Saudi-Arabía, Qatar, Oman, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Ísrael, Kuwait og Lýbía. Sænska stofnunin segir að samkeppnin í hinni alþjóðlegu vopnasölu fari mjög harðnandi. Íran og Írak eigi ekki í nokkrum erfiðleikum með að afla sér allra þeirra vopna og varahluta sem þau sækjast eftir. Langstærstu seljendurnir á hinum alþjóðlega vopnasölumarkaði eru Sovétríkin og Bandaríkin.

Viðleitni til að auka mannréttindi og bæta hag þeirra jarðarbúa, sem búa við bágust

kjör hefur einkennt störf Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra. Ýmsum finnst sorglega seint miða og vissulega er margt óunnið og bágindin víða sár og átakanleg. En ekki má vanmeta það sem gert er og meðal merkustu mála sem samþykkt voru á allsherjarþingi-  
inu nú eru tvímælalaust samningurinn um bann við pyntingum og hvers konar ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð manna og yfirlýsingin um efnahagslega viðreisn Afríku.

#### a. Samskipti austurs og vesturs.

Erfitt hefur reynst að minnka varanlega þá miklu tortryggni milli austurs og vesturs sem magnaðist fljótlega eftir heimsstyrjöldina síðari. Tilraunir til þess að bæta þetta ótrygga ástand hafa fram að þessu mistekist og varanlegt trúnaðartraust hefur ekki skapast milli risaveldanna.

Á tímabili slökunarstefnunnar (détente) á fyrstu árum áttunda áratugarins virtist svo sem hafin væri markviss þróun er dregið gæti úr viðsjám milli Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra annars vegar og Vesturlanda hins vegar. Nokkrir hornsteinar slökunarstefnunnar voru lagðir á þessum árum: SALT I — samningurinn um takmörkun langdrægra kjarnavopna var undirritaður í maí 1972 og MBFR-viðræðurnar í Vín um gagnkvæman samdrátt heraflla Varsjárbandalags- og Atlantshafsbandalagsríkja hófust í október 1973. Hámark slökunarstefnunnar var síðan undirritun Helsinki-samþykktarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu 1. ágúst 1975. Við þá undirritun sagði ég m. a.: „Fundur sá, sem við nú sitjum, er lokaáfangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, en táknaþ þó miklu fremur upphaf en endi. Upphaf nýrrar viðleitni til að efla samstarfið milli ríkja Evrópu og vina okkar í Norður-Ameríku, Bandaríkjunna og Kanada.“ Þannig bundu menn vonir við jákvætt framhald þróunarinnar, enda var þá enn margt óunnið.

Nýr samningur um takmörkun langdrægra kjarnaeldflauga, SALT II, var undirritaður í árslok 1974 en hann var aldrei staðfestur. Risaveldin virða þó bæði ákvæði hans.

Árið 1977 byrjuðu Sovétmenn að setja upp SS-20 eldflaugar í Austur-Evrópu sem beint var að skotmörkum í ríkjum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Með þeim var valda-  
jafnvæginu í álfunni raskað, hernaðarlegu jafnvægi, sem Sovétmenn höfðu talið vera við lýði áður en þeir hófu þessa uppsetningu. Í desember 1979 tók ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins þá ákvörðun til mótvægis að koma á sjötta hundrað meðaldrægum stýri-  
flaugum og Pershing II eldflaugum fyrir í fimm ríkjum NATO: Belgíu, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu og V-Þýskalandi, frá árslokum 1983 til ársloka 1988. Það vill því miður gleymast í þessu sambandi að ákvörðun þessa ráðherrafundar var tvíþætt því Atlantshafsbandalagið bauðst til að hætta við að koma nýju eldflaugunum fyrir, ef Sovétríkin tækju niður SS-20 eldflaugar sínar. Átti að nota árin fjögur fram að umræddri uppsetningu vestrænna kjarnaeldflauga til að freista þess að ná samkomulagi við Sovétríkin um fækkun kjarnavopna í Evrópu. Þetta hefur því miður ekki tekist. Hinar meðaldrægu SS-20 flaugar Sovétmanna eru nú orðnar a. m. k. 400 með 1200 kjarnaodda því hver SS-20 ber þrjá kjarnaodda. Sovétmenn eru enn að koma fjölda SS-20 eldflauga fyrir á um 10 stöðum í Austur-Evrópu. Þess má geta, að sambærilegar eldflaugar ríkja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu eru aðeins um 1/10 af því, sem ríki Varsjárbandalagsins hafa komið sér upp, sé borinn saman fjöldi kjarnaodda.

Slökun í samskiptum austurs og vesturs getur ekki eflst á ný né orðið varanleg ef annar aðilinn lítur svo á að hægt sé að skilgreina hana að vild. Traust eða tortryggni ræðst líka af öðrum aðgerðum hlutaðeigandi ríkja. Þannig er ógjörningur fyrir Vesturlönd að horfa fram hjá innrás Sovétmanna í Afganistan, hersetu þar og óstöðvandi blóðbaði allt frá því í desember 1979. Ekki er heldur hægt að þurrka út rás atburða í Póllandi og hvernig margháttað mannréttindi hafa verið og eru fótum troðin þar og annars staðar í Austur-Evrópu þrátt fyrir hátíðlegar skuldbindingar, t. d. í Helsinki-sáttmálanum. Þá munu fáir

hafa gleymt því er Sovétmenn skutu niður kóreönsku farþegaflugvélina með þeim afleiðingum að hátt á þriðja hundrað manns fórust.

Þegar atburðir á borð við þessa koma í kjölfar uppsetningar meðaldrægra kjarnaflauga Sovétmanna í Austur-Evrópu kallar slíkt beinlínis á varnarviðbrögð Atlantshafsbandalagsins sem ætlað er það hlutverk að forða aðildarþjóðum sínum frá einmitt þesskonar hlutskipti sem hér er lýst. Friður á viðsjárverðum tímum getur nefnilega ekki grundvallast einvörðungu á trú á góðum ásetningi. Hann verður þvert á móti að byggjast á varnarviðbúnaði í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og jafnvægi í vopnabúnaði aðila, helst á sem lægstu stigi. Niðurskurður varna þarf að vera byggður á samningum um afvopnun og á fullnægjandi gagnkvæmu eftirliti samningsaðila, eftirliti sem ekki er hægt að víkjast undan. Einhliða samdráttur eða tilslakanir vesturs gætu eins og bitur reynsla sýnir haft þveröfug áhrif við það sem ætlað er, þ. e. fremur aukið líkurnar á að valdi verði beitt eða hótad en dregið úr þeim.

Eftir að hafin var uppsetning Pershing II flauganna, skv. hinni tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979, til mótvægis við aukinn vígbúnað Sovétríkjanna, slitu Rússar hinn 23. nóvember 1983 Genfarviðræðunum um fækkun meðaldrægra kjarnaeldflauga í Evrópu (INF) og um takmörkun langdrægra kjarnaeldflauga (START). Frá þeim tíma má segja, að ríkt hafi óvanalega mikill kuldi í samskiptum austurs og vesturs þar til í september sl. að heldur tók að rofa til.

Öll ríki Atlantshafsbandalagsins hafa þetta kuldatímabil lagt ríka áherslu á að viðræður hefjist að nýju, viðræður án skilyrða. Það skyldi engan undra þótt Bandaríkin og önnur ríki Atlantshafsbandalagsins hafi ekki verið reiðubúin til þess að skuldbinda sig fyrir fram til afvopnunar eða takmörkunaraðgerða. Hefur áherslan því verið lögð á, að þau væru reiðubúin til þess að ræða um allar mögulegar lausnir, þ. á m. að hætta við að koma Pershing II og stýriflaugunum fyrir og jafnvel að eyðileggja þær. En allt slíkt verður að byggja á gagnkvæmni.

Heldur minnkandi kuldablær var á samskiptum austurs og vesturs þegar loks náðist samkomulag á Stokkhólmsráðstefnunni um nefndir og vinnutilhögun eftir mikið þref allt sl. ár. En það sem menn þó einkum bundu vonir við var samkomulag risaveldanna um fund utanríkisráðherranna, Shultz og Gromyko, í Genf, „viðræður um viðræður“ sem fram fóru 7. og 8. janúar sl. Þar varð niðurstaðan að tvíhliða viðræður risaveldanna færu af stað í Genf bráðlega um: a) geimvopn, b) meðaldræg kjarnavopn og c) langdræg kjarnavopn. Þessar viðræður eru svo nýlega hafnar.

Þótt nú blási því heldur byrlegar en undanfarin misseri í samskiptum austurs og vestur er öllum ljóst að mörg ljón eru á vegi samkomulags um afvopnunarmál. Ríki Atlantshafsbandalagsins geta t. d. ekki horft fram hjá þeim algeru yfirburðum sem Sovétríkin hafa að því er varðar mannafla, hefðbundinn herbúnað og meðaldrægar eldflaugar á meginlandi Evrópu; vestrænar kjarnorkuvarnir eru því miður óhjálpsleg mót vægi meðan Sovétríkin hafa þessa yfirburði. Enn fremur hafa Sovétmenn ávallt lýst andstöðu sinni við fullnægjandi og gagnkvæmt eftirlit sem nauðsynlegt er til að tryggja að samningar verði haldnir.

Í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Varsjárbandalagsríkja sem haldinn var í Austur-Berlín 3.—4. desember sl. segir að það sé „nauðsynlegt að gera allt sem mögulegt er til að minnka hernaðarógnina og að koma alþjóðlegum samskiptum á ný inn á braut slökunarstefnunnar og gagnkvæmrar samvinnu ríkja“. Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Brussel 13.—14. desember sl. gaf einnig út yfirlýsingu þar sem m. a. er sagt að verulega beri að fækka kjarnavopnum með samningum milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, samningum sem byggi á réttlátum jafnræðisgrundvelli og jafnvægi. Hægt verði að vera að sannreyna þá með öruggu og gagnkvæmu eftirliti, þannig að allir aðilar geti haft traust á samningunum.

Þessar yfirlýsingar og ýmsar aðrar undanfarið vekja vissulega vonir. Vanmáttur okkar á liðnum árum til þess að snúa vopnakauphlaupinu við varpar þó skugga á vonir um fljótvirkar lausnir í samskiptum austurs og vesturs. Samt megum við ekki missa trúna á betri og bjartari framtíð í þessum efnum og verðum að vinna látlaust að því að breyta vonum í veruleika.

#### **b. Afvopnun.**

Við Íslendingar viljum annars vegar leggja lóð á vogarskálar gagnkvæmrar afvopunar undir öruggu eftirliti og hins vegar tryggja öryggi okkar með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu. Þátttakan í Atlantshafsbandalaginu veitir okkur Íslendingum og öðrum bandalagsþjóðum einstakt tækifæri til þess að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna í Genf sem fyrr eru nefndar vegna samráða um þessi mál innan bandalagsins. Það leikur á hinn bóginn ekki minnsti vafi á að Sovétmenn telja sér hag í að reka fleyg milli ríkja Atlantshafsbandalagsins. Það er því nauðsynlegt að Vesturlönd samræmi vel afstöðu sína og séu einhuga.

Við endurvaktar viðræður risaveldanna um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), um meðaldræg kjarnavopn (INF) og jafnframt um geimvopn eru sem fyrr segir miklar vonir bundnar.

START: Langdrægar kjarnaeldflaugar hafa orðið mun markvísari hin síðustu ár. Styrkur risaveldanna felst í því, að hvort um sig telji sig öruggt um að geta gert gereyðingarárás á hitt eftir að hafa sjálft þolað slíka árás. Með því að viðhalda slíkum mætti er haldið aftur af hugsanlegum áráðum; hann veit að hann á eyðingu á hættu ef hann ræðst til atlögu. Í því dæmi eru langdrægu kjarnavopnin afgerandi, hvort sem þau eru staðsett á landsvæði annars hvors risaveldisins, í sprengjuflugvélum eða kafbátum. Fækkun langdrægra kjarnavopna er afar flókið mál og viðkvæmt, eins og svo margir þættir afvopnunarmála, t. d. að því er varðar öruggt eftirlit með samningum.

INF: Fækkun meðaldrægra kjarnavopna skiptir grundvallarmáli fyrir Evrópu. Ég hef hér að framan getið fjölda sovésku SS—20 flauganna sem beint er að V-Evrópu og andsvars Atlantshafsríkjanna sem fólst í uppsetningu 572 Pershing II og stýriflauga. Töluverður hluti kjarnavopna Sovétmanna er til taks á Kolaskaga. Stýriflaugar þar, á landi og í kafbátum, geta hæft skotmörk í öllum Evrópuríkjum Atlantshafsbandalagsins. Sovétmenn geta einnig, ef til átaka kemur, beint þeim að skipum á N-Atlantshafinu sem flytja munu herafra og gögn frá Bandaríkjunum. Í varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins er gert ráð fyrir slíkum flutningum að vestan, svo sem kunnugt er, og eru þeir ein af lífæðum varna bandalagsins.

GEIMVOPN: Af hálfu Sovétmanna hefur verið lögð mikil áhersla á þennan þátt fyrirhugaðra viðræðna við Bandaríkjamenn. Fyrir þeim vakir að stöðva rannsóknir Bandaríkjamanna á varnarkerfum í geimnum, en bæði risaveldin huga nú að notkun geislavopna frá gervihnöttum. Bandaríkjamenn hyggjast fljótlega efna til tilrauna með því að beina geislum frá gervihnetti á móti raunverulegu skotmarki. Gífurlega fjármuni þarf í rannsóknaráætlanir af þessu tagi. Hugmyndin að baki rannsóknaráætlun Bandaríkjanna er sú að varnarkerfi í geimnum geti hugsanlega gert kjarnavopn gagnslaus í framtíðinni. Þess ber að geta að á árunum 1958—1983 var samtals 2114 gervihnöttum með hernaðarhlutverk skotið á loft, en það svarar til a. m. k. 75% allra gervihnatta á þessu tímabili. Hernaðarhlutverk núverandi gervihnatta er fyrst og fremst eftirlit, en tilkoma þeirra gerði mögulega samninga um vopnatakmarkanir sem áður höfðu strandað á ágreiningi um eftirlit.

Það er vissulega ekki hið ákjósanlegasta að þurfa að búa við ógnarjafnvægið svonefnda. Þó er það betra en að búa við þá ógn er fylgir yfirburðum alræðisríkis.

Eftir fund sinn með Shultz í janúar sl. sagði Gromyko á blaðamannafundi að útilokað væri að semja aðeins um einn þátt í Genfarviðræðum risaveldanna. Sovétmenn telji nauðsyn bera til að semja jafnhliða um langdræg og meðaldræg kjarnavopn og bann við geimvopn-

um. Talið er að Sovéttmenn standi langt að baki Bandaríkjamönnum í rannsóknum á geimvopnum. En hafa ber í huga að einungis er nú um að ræða rannsóknaráætlanir Bandaríkjamanna og að engar ákvarðanir er hægt að taka fyrr en síðar um hugsanlega notkun varnarkerfa í geimnum, einskonar varnarhlífar gegn eldflaugaárásum. Ekki er við því að búast að ríki vilji við núverandi aðstæður falla frá rannsóknum á þessu sviði sem vitað er að bæði risaveldin hafa stundað a. m. k. síðasta áratug.

MBFR: Viðræðurnar í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafra og venjulegs vopnabúnaðar héldu áfram hinn 31. janúar sl. og hófst þá 35. lota þessara viðræðna sem fóru af stað 30. október 1973, og sést því að þeim miðar því miður hægt. Þar hittast fulltrúar 19 þjóða frá ríkjum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Við upphaf þessa áfanga ríkti nokkur bjartsýni, sem byggði á því að risaveldin höfðu komið sér saman um að endurvekja tvíhliða viðræður sínar um kjarnavopn í Genf.

Í hinum erfiðu viðræðum í Vín hafa aðilar komið sér saman um nokkur atriði, en mjög erfitt reyndist t. d. að fá upplýsingar um herstyrk Austur-Evrópuríkjanna. Takmarkið er að samanlagður land- og flugher bandalaganna hvors fyrir sig verði eftir samdrátt ekki yfir 900 þúsund manns. Óleyst eru enn mikilvæg atriði. Alvarlegasti ágreiningurinn snertir hugmyndir um eftirlit með samningsbundnum samdrætti herafra í Mið-Evrópu. Dr. Josef Holik sendiherra og málsvari V-Þjóðverja í MBFR-viðræðunum talaði 31. janúar fyrir hönd ríkja Atlantshafsbandalagsins og sagði m. a.: „Staða okkar nú ætti að gera okkur kleift að ná árangri. Samningsefnið er nægjanlega vel skilgreint og þau fáu atriði sem leysa þarf eru öllum ljós. Takist okkur að leysa þau er samkomulag á næsta leiti. Slíkum niðurstöðum er hægt að ná ef báðir aðilar hafa til þess nógu sterkan vilja. Vilja til að rannsaka markvisst þá jákvæðu möguleika sem fyrir hendi eru í hreinskiptnum samningaviðræðum. Við skorum á ríki Austur-Evrópu að takast á við þetta verðuga verkefni með okkur.“ Vegna aðildar sinnar að Atlantshafsbandalaginu geta Íslendingar fylgst vel með viðræðunum í Vínarborg, því um þær fara reglulega fram samráð í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR: Á allsherjarþingi S.þj. 1983 var ákveðið að þriðja auka-allsherjarþing S.þj. um afvopnun skuli haldið eigi síðar en árið 1988. Fyrsta auka-allsherjarþingið var haldið 1978 en annað 1982. Á hinu síðara lýstu margir yfir óánægju sinni með lítinn árangur, enda hefur því miður um langt árabíl mikill áhugi á afvopnunarmálum ekki borið árangur sem skyldi. En áhugann sýndi m. a. hin mikla þátttaka ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra í auka-allsherjarþingunum.

Frá því á árinu 1978 hafa umræður um afvopnunarmál innan S.þj. fyrst og fremst farið fram á þremur stöðum:

a) Afvopnunarráðstefnan í Genf (frá 1978 til 1984 kallaðist hún afvopnunarnefndin og var þá ekki eins fast bundin S.þj. og núverandi afvopnunarráðstefna). Þar sitja fulltrúar 40 þátttökuríkja S.þj., þ. á m. kjarnavopnaveldanna fimm. Á afvopnunarráðstefnunni fara fram samningaviðræður um ýmis afvopnunarmál og skilar ráðstefnan skýrslum til allsherjarþings S.þj. Af þeim málum, sem nú eru til meðferðar á þessum vettvangi binda menn mestar vonir við að samkomulag náist fljótlega um alþjóðasamning um bann við eitrefnavopnum.

b) Afvopnunarráðið (Disarmament Commission), en innan þess eiga öll ríki S.þj. sæti. Þar fara fram umræður um afvopnunarmál þegar allsherjarþingið er ekki að störfum.

c) Fyrsta nefnd allsherjarþings S.þj. fjallar nú eingöngu um afvopnunarmál. Í aðalstöðvum S.þj. í New York er starfandi afvopnunarmáladeild og á hennar vegum er starfrækt rannsóknarstofnun um afvopnunarmál. Meðal margháttaðra starfa deildarinnar er að skipulegga afvopunarvikur sem hefjast 24. október ár hvert og eiga að vekja almenning til vitundar um mikilvægi raunverulegrar afvopunar.

Segja verður eins og er, að allt of lítið hefur miðað í samkomulagsátt á sviði afvopnunarmála innan S.þj. Um þetta fjallaði ég m. a. í ræðu minni hinn 24. september sl.

við upphaf allsherjarþingsins. Þá sagði ég m. a.: „Ætlum við nú, eins og í fyrra og svipað og á þinginu þar áður, að samþykkja 63 ályktanir um afvopnunarmál án raunverulegrar viðleitni til að jafna ágreining okkar á milli eða benda á leiðir út úr núverandi sjálfheldu?“ Ég varð þess var að margir hugsuðu það sama, að hér þyrfti að verða breyting á. En reyndin varð sú að tillögnum fjölgaði, eins og fyrr var getið í þessari skýrslu, en árangurinn varð — ef eitthvað þá breyttist — minni.

Það mál 39. allsherjarþingsins á sviði afvopnunar sem var hvað mest umtalað var „frysting kjarnavopna“, sem ekki var nýtt af nálinni. Þrjár tillögur um „frystingu“ voru lagðar fram á þinginu, ein af Sovétríkjunum, önnur af Indlandi og hin þriðja af Mexíkó, Svíþjóð o. fl. Samkomulag stærstu kjarnavopnaveldanna er að sjálfsgöðu algjört skilyrði fyrir því að slík „frysting kjarnavopna“ verði framkvæmd og útilokað er að slíkt samkomulag náist nema tryggt verði öruggt, víðtækt og gagnkvæmt eftirlit með því að samningar verði haldnir. Engin tillagnanna tók nægjanlegt tillit til þessara grundvallaratriða, auk þess sem t. d. var fullyrft í sænsk-mexíkönsku tillögunni að jafnvægi ríkti milli risaveldanna á sviði kjarnorkuvopna. Þar með var m. a. algjörlega litið framhjá hinum nýju kjarnaflaugum Sovétríkjanna í Evrópu. Fastanefnd Íslands gerði ítrekaðar tilraunir í samvinnu við norsku sendinefndina til að ná fram slíkum breytingum á sænsk-mexíkönsku tillögunni er gert hefðu texta hennar raunsærri og þar með okkur, Norðmönnum og etv. fleirum kleift að greiða henni atkvæði — en án árangurs. Ísland greiddi atkvæði gegn sovésku tillögunni, sem með tilliti til aðgerða Sovétríkjanna á sviði kjarnorkuvígðunaðar verður að telja sýndarmennsku, en sat hjá við atkvæðagreiðslu um hinar tvær.

Þótt hægt miði og alltof mikið óraunsæi ríki má ekki gleyma því sem vel hefur tekist. Þannig hafa á vegum S.þj. verið gerðir a. m. k. 9 mikilvægir alþjóðlegir samningar á sviði afvopnunarmála. Einn þeirra er samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT). Sá samningur tók gildi 1970 og 125 ríki, þ. á m. Ísland og öll Norðurlönd, eru nú aðilar að honum. Í samningnum skuldbinda kjarnavopnaveldin sig til að láta ekki öðrum ríkjum kjarnavopn í té og kjarnavopnalaus ríki skuldbinda sig til að taka ekki við kjarnavopnum né framleiða slík vopn. Í september n. k. verður þriðja ráðstefnan um framkvæmd samningsins haldin. Af því tilefni hafa Norðurlöndin fimm formlega hvatt öll ríki sem ekki eru aðilar að samningnum til að gerast það. Hafa sendiherrar Norðurlandanna gengið í þessum erindagjörðum á fund ýmissa ráðamanna í þeim ríkjum sem ekki eru aðilar að samningnum. Af þeim ríkjum eru nokkur sem geta nú þegar framleitt kjarnavopn, þ. e. Ísrael, S-Afríka, Argentína, Brasilía, Pakistan og Indland. Þá eru kjarnavopnaveldin Frakkland og Kína ekki aðilar að samningnum.

### **c. Kjarnavopnalaus Norðurlönd.**

Ég ætla að víkja hér sérstaklega að hugmyndinni um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, þar sem um hana hefur mikið verið rætt frá því ég síðast flutti skýrslu mína um utanríkismál.

Norðurlöndin fóru mismunandi leiðir til að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöldina. Hingað til hefur það gefist þeim öllum vel og hefur skapast það sem kallað hefur verið hið norræna jafnvægi. Áhrifamenn á öllum Norðurlöndum hafa talið rétt að varðveita þetta jafnvægi og varað við að breytingar á stefnu eins Norðurlandanna í öryggismálum gætu haft áhrif til hins verra fyrir hin Norðurlöndin.

Hugmyndin um kjarnavopnalaus Norðurlönd er all gömul. Spurningin er m. a. hvort Norðurlöndin eigi að þessu leyti samleið og þá með hvaða skilyrðum?

Öll gerum við okkur grein fyrir ógn kjarnavopna, og nauðsyn þess að koma í veg fyrir að þeim verði beitt, að ráðstafanir verði gerðar til að fækka og helst útrýma þeim. En

kjarnavopn eru til staðar. Við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Vissulega kann svo að vera að ógn kjarnavopna hafi komið í veg fyrir átök og stríð og þannig átt þátt í að vernda friðinn. En við getum verið sammála um að friðinn verðum við að treysta til lengdar með öðrum og betri hætti en ógnarjafnvægi. Er yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd þáttur í því?

Ávallt þegar rætt hefur verið um hugmyndina kjarnavopnalaus Norðurlönd, hef ég talið eðlilegt og sjálfsagt, að við Íslendingar tækjum þátt í umræðunni og athugunum til þess að gera okkur grein fyrir hvað þjónaði öryggishagsmunum okkar og friðargæslu í heiminum almennt best.

Á auka-allsherjarþingi S.þj. 1978 um afvopnun var m. a. fjallað um hugmyndina að kjarnavopnalausum svæðum. Í álitsgerð um það efni voru forsendur þeirra m. a. taldar að viðkomandi ríki væru sammála um að stofna slík samningsbundin svæði og hvernig grundvöllur væri að þeim lagður svo og hvernig tryggja mætti með raunhæfu eftirliti að svæðin héldust kjarnavopnalaus.

Umræðan um kjarnavopnalaus Norðurlönd má ekki verða til þess að gefa í skyn að kjarnavopn séu nú á Norðurlöndum. Menn skulu hafa hugfast að Norðurlöndin eru nú kjarnavopnalaus. Veruleiki er mun meira virði en allar yfirlýsingar. Hvorki Ísland né önnur Norðurlönd hafa eigin kjarnavopn eða geyma slík vopn innan síns svæðis og öll Norðurlöndin eru aðilar að hinum alþjóðlega samningi gegn útbreiðslu kjarnavopna, eins og fyrr sagði. Þessi staðreynd er mikilvægur þáttur í því norræna jafnvægi í öryggismálum sem ríkt hefur allt frá stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Ég fæ ekki séð að sérstök yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, varðandi svæði sem þegar er kjarnavopnalaust, eflí öryggi Íslands, annarra Norðurlanda eða friðargæslu í heiminum nema meira komi til.

Ástæða væri frekar til að beina athyglinni að umræðum um útrýmingu kjarnavopna þar sem kjarnavopn eru nú til staðar en að vera með vangaveltur um svæði sem eru kjarnavopnalaus. Þá á ég t. d. við víghreiðrin á Kolaskaga og við Eystrasalt. Kjarnavopnakafbáturinn sem kom á fjörur Svía um árið minnti okkur óþyrmilega á nálægð þessara ógnarvopna. Skilyrði þess að ný yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd hafi eitthvert gildi er að slík vopn sem beina má til Norðurlanda séu fjarlægð. Sovétmenn hafa nokkrum sinnum gefið í skyn að hugsanlega megi ræða um tilslakanir af þeirra hálfu varðandi kjarnavopnalaus svæði en ítrekaðar beiðnir norrænna ráðamanna um að Sovétmenn geri nánari grein fyrir þessum hugmyndum hafa engan árangur borið. Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði hefur tæpast nokkurt gildi nema sem þáttur í samningum helstu kjarnavopnaveldanna sem bæru ábyrgðina á að slíkt samkomulag yrði virt. Við hljótum einnig að gera okkur grein fyrir því, að séum við í varnarbandalagi og viljum njóta góðs af því, þá er eðlilegt og sjálfsagt að hafa samráð við bandamenn okkar. Það er hornsteinn í stefnu vestrænna þjóða og öryggisviðbúnaði að líta á bandalagssvæðið sem eina heild, eitt og sama varnarsvæðið. Allar umræður um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum hljóta því að fara fram í samráði við samherja okkar í Atlantshafsbandalaginu. Okkur ber innan og utan Atlantshafsbandalagsins að stuðla að öllu því sem kemur í veg fyrir beitingu kjarnavopna.

Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði ein sér kann því miður að hafa minni áhrif en vonir standa til. Ég nefni tvennt. Fyrst það að lítill ávinningur er í því að ákveðin svæði séu lýst kjarnavopnalaus ef kjarnavopnum fækkar ekki en eru ýmist flutt þéttar saman eða út í hafið. Við Íslendingar viljum ennþá síður kjarnavopn í eða á höfum úti, þar sem óhapp á friðartímum gæti eytt sjávarauðlindum okkar og þar með lífsbjörg hvað þá heldur ef hugsað er til þess sem ætti sér stað í styrjöld. Annað er það, að kjarnavopnum er vandalaust að skjóta langa vegalengd og einhliða yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði tryggir ekki að þau svæði verði ekki fyrir kjarnavopnaárás ef til átaka kemur.



Allt frá árinu 1981 og lengur hafa utanríkisráðherrar Norðurlandanna haft með sér samráð um hugmyndina um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, nú síðast á fundi okkar í Helsinki fyrir skemmstu og í Reykjavík í september sl.

Í umræðum í norska Stórþinginu í maí 1984 kom fram, að bæði stjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir þar telja samning um einangrað kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum óraunhæfa ráðstöfun.

Í skýrslu norska utanríkisráðherrans til Stórþingsins í desember s. l. sagði hann m. a.: „Allir samningar varðandi takmarkanir á kjarnavopnum verða fyrst og fremst að vera á vegum stærstu kjarnorkuveldanna tveggja. Ekkert samkomulag um þessháttar vopn í okkar heimshluta er mögulegt án samþykkis Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Noregur er kjarnavopnalaus ríki. Það er hins vegar engin ástæða fyrir okkur að ganga til samninga varðandi þann þátt nema þá sem hluta af víðfeðmu afvopnunar-samkomulagi milli austurs og vesturs. Slíkt samkomulag verður að fela í sér tilslökun af hálfu Sovétríkjanna sem hægt er að sannreyna. Orð, ein sér, nægja ekki.“

Í nýrri skýrslu um dönsk öryggismál á 9. áratugnum (Dyvig-skýrslunni) segir, að ráðunautar dönsku ríkisstjórnarinnar í afvopnunarmálum hafi eftir heimsóknir til höfuðborga Norðurlandanna komist að þeirri niðurstöðu að Norðurlöndin séu nú ósammála í afstöðunni til hugmyndarinnar um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. Þau líti ekki öll á það sem nauðsyn að samningur um slíkt svæði verði hluti af umfangsmeiri aðgerðum á sviði afvopnunar í Evrópu. Hér mun átt við Finnland og Svíþjóð sem telja að samningur um einangrað svæði á Norðurlöndum án kjarnavopna myndi vera til þess fallinn að skapa traust og að önnur ríki myndu líkja eftir honum. Mér virðist ákaflega hæpið að byggja öryggi okkar á slíkri trú. Þær forsendur sem auka-allsherjarþingið kvað nauðsynlegar fyrir kjarnavopnalausum svæðum vantar nú á Norðurlöndum.

Ef kjarnavopnum verður beitt, er öll heimsbyggðin ofurseld þeim án tillits til landamæra. Ef til slíkrar heimsstyrjaldar kemur er hætt við að orð og eidar verði lítils virði. Meginmarkmiðið hlýtur því að vera það sem vakir fyrir þjóðum Atlantshafsbandalagsins, að koma í veg fyrir að stríð brjóti út. Samningur um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum yrði að vera þáttur í þeirri viðleitni, hluti umfangsmikilla gagnkvæmra aðgerða austurs og vesturs í afvopnunarmálum Evrópu sem miðuðu að kjarnavopnalausri álfu. Norrænt kjarnavopnalaus svæði yrði að vera liður í afvopnunarviðræðum stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem bæru ábyrgð á að samkomulag um svæðið yrði virt. Eða eins og forveri minn í embætti Ólafur heitinn Jóhannesson sagði í skýrslu sinni um utanríkismál til Alþingis 1982: „Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni (kjarnavopnalaus Norðurlönd) hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi.“

#### **d. Helsinki-samþykktin 1975 og framkvæmd hennar (CSCE-þróunin).**

Nú í sumar er áratugur liðinn frá því að Helsinki-samþykktin var undirrituð af leiðtogum 35 þátttökuríkja. Verður þess minnst á sérstökum hátíðarfundi þar í borg um mánaðamótin júlí/ágúst n. k.

Á þessum tíu árum hafa verið tvær framhaldsráðstefnur í Belgrad 1977—'78 og í Madrid 1980—'83. Sú hin þriðja verður í Vínarborg og hefst í nóvembermánuði 1986. Á framhaldsráðstefnunum er m. a. farið yfir framkvæmd þátttökuríkjanna á ákvæðum samþykktarinnar. Þau ákvæði skuldbinda öll ríki Evrópu (nema Albaníu), auk Bandaríkjanna og Kanada, til að fara eftir ákveðnum meginreglum í samskiptum sínum. Þar er ekki aðeins fjallað um öryggismál heldur einnig um samvinnu ríkjanna á sviði viðskipta, iðnaðar, vísinda- og tækni, umhverfismála o. fl. M. a. skuldbundu ríkin sig til þess að efla samvinnu á sviðum mannréttindamála og menningar og menntamála. Á milli framhaldsráðstefnanna

eru haldnir fundir sérfræðinga. Þar er rætt enn frekar um framkvæmd sérhæfðra ákvæða Helsinki-samþykktarinnar. Þannig er þeim þáttökuríkjum sem vanefnt hafa ákvæði samþykktarinnar veitt aðhald.

Nokkrir sérfræðingafundir sem ákveðnir voru á framhaldsráðstefnunni í Madrid hafa farið fram frá því ég flutti skýrslu mína um utanríkismál í fyrra:

a) **Fundur um friðsamlega lausn deilumála** sem haldinn var í Aþenu 21. mars — 30. apríl 1984. Þar lögðu Svisslendingar fram tillögur sem gerðu ráð fyrir lausn deilumála með meðalgöngu og málamiðlun. Ríkjum Varsjárbandalagsins fannst þessi tillaga ganga of langt, en Vesturlönd kváðu hana aftur á móti ekki ganga nógu langt. Töldu þau síðarnefndu m. a. að gerðardómsákvæði tillögunnar væru allt of óljós. Engin samstaða náðist því á fundinum um annað en að lýsa yfir að frekari umræður þyrftu að fara fram innan vettvangs Helsinki-samþykktarinnar. Svisslendingar munu taka málið upp á framhaldsráðstefnunni í Vín í lok næsta árs.

b) **Fundur um Miðjarðarhafsmálefni** sem haldinn var í Feneyjum 16.—26. október 1984. Sérstakur kafli er í lokaskjalinu frá Helsinki um öryggismál og samvinnu í Miðjarðarhafshluta Evrópu. Var þessi fundur haldinn í framhaldi Valletta-fundarins 1979. Allar ákvarðanir á grundvelli Helsinki-samþykktarinnar eru teknar samhljóða að höfðum samráðum. Þótt ljóst sé að einstakir hlutar Helsinki-samþykktarinnar séu misjafnlega mikilvægir fyrir okkur eins og aðra, er jafnljóst að brestur kæmi í samstarfið ef aðildarríkin sinntu aðeins fundum um helstu áhugamál sín hverju sinni. Væri það ekki í samræmi við samþykktina frá Helsinki. Tókum við því þátt í Feneyjafundinum sem fjallaði um efnahags-, vísinda- og menningarsamvinnu Miðjarðarhafsríkja Evrópu og gerði samþykktir um þau efni.

c) **Undirbúningsfundur vegna fyrirhugaðs menningarþings** sem haldinn var í Búdapest 21. nóvember — 4. desember 1984. Madrid-ráðstefnan ákvað að menningarþing („Cultural Forum“) skyldi haldið í Búdapest og mun það hefjast 15. október n. k. Þar verður rætt um aukna samvinnu þáttökuríkjanna innan hinna ýmsu sviða menningarmála. Undirbúningsfundurinn gekk frá dagskrá og tímasetningum fyrir menningarþingið. Gengið var út frá að þátttakendur á menningarþinginu yrðu sérfræðingar í samskiptum austurs og vesturs úr utanríkisráðuneytum og stjórnarereindrekar úr menningarmálaráðuneytum, auk ýmissa menningarfrömuða frá ríkjunum. Undirbúningsfundurinn í Búdapest var fyrsti fundurinn innan Helsinki-ferilsins sem haldinn er í Varsjárbandalagsríki.

Á yfirstandandi ári verður, auk hátíðarfundarins í Helsinki og menningarþingsins í Búdapest, haldinn sérstakur fundur í Ottawa um **mannréttindamál**. Hefst hann 7. maí n. k., en undirbúningsfundur 23. apríl. Á Ottawa-fundinum verður m. a. farið yfir, hvernig þáttökuríkin 35 hafa efnt ákvæði Helsinki-samþykktarinnar um mannréttindi, en þar er víða pottur brotinn svo sem kunnugt er.

Helsinki-samþykktin er einstakt skjal er lagði grunn samstarfs milli austurs og vesturs sem ekki á sér hliðstæðu. Í þeirri þróun taka ríkin 35 þátt á jafnréttisgrundvelli. Hvað sem um vanefndir á framkvæmd einstakra þátta Helsinki-samþykktarinnar er að segja má ekki gleyma því að einn áratugur er ekki langur tími. En takmörk eru þó fyrir því hve einstök ríki geta vanrækt efndir mikilvægra ákvæða Helsinki-samþykktarinnar án þess að hún bíði verulegt og varanlegt tjón af.

#### e. Stokkhólmsráðstefnan.

Þótt Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun í Evrópu sé í rauninni sérfræðingafundur innan Helsinki-rammans, eins og frammanefndir fundir, kýs ég að hafa sérkafla um hana.

Fyrsta árið var Stokkhólmsráðstefnan haldin í 4 lotum, þ. e. 17. janúar — 16. mars, 8.

maí — 7. júlí, 12. september — 12. október og 6. nóvember — 14. desember s. l. Verður að segjast eins og er að þetta fyrsta ár ráðstefnunnar hafi að mestu farið í ómarkvissar umræður, að öðru leyti en því, að tillögur voru lagðar fram. Á þessu varð í lok ársins breyting, sem vonir eru bundnar við.

Á þessu stigi ráðstefnunnar er aðeins rætt og reynt að semja um aðgerðir til að efla traust og eyða tortryggni milli þátttökuríkja 35. Á síðara stigi, e. t. v. eftir ákvörðun Vínarfundarins 1986, er svo stefnt að því að ræða um afvopnunarmál. Í Helsinki-samþykktinni eru ákvæði um skyldu þátttökuríkja að tilkynna heræfingar og herflutninga af tilteknu umfangi og um fleiri svonefndar aðgerðir til að efla gagnkvæmt traust og öryggi. Skyldan samkvæmt Helsinki-samþykktinni náði yfir svæði 250 km inn í Sovétríkin, en í Madrid var ákveðið að Stokkhólmsráðstefnan skyldi ræða um svæðið frá Atlantshafi til Úralfjalla ásamt aðliggjandi haf- og loftsvæði ef hernaðaraðgerðir á eða í hafinu eða yfir því standi í sambandi við heræfingar í Evrópu. Orðalagið frá Madrid um Stokkhólmsráðstefnuna var, að þar skyldi reynt að ná samkomulagi um aðgerðir, sem yrðu „hernaðarlega mikilvægar, pólitískt bindandi og séð verði fyrir fullnægjandi eftirliti í samræmi við efnisþætti þeirra.“ Hugmyndirnar að baki slíkum aðgerðum eru þær að með innsýn aðila í herbúnað og heræfingar hvers annars megi eyða tortryggni og minnka líkur á ófriði. Í þessu felst hins vegar engin fækkun vopna.

Ríki Atlantshafsbandalagsins lögðu þegar í upphafi fram vandaðar og ítarlegar tillögur í anda Madrid-umboðsins. Þar var m. a. fjallað um tilkynningarskyldu vegna heræfinga og hvers konar herflutninga, skyldu til að bjóða eftirlitsmönnum frá öðrum þátttökuríkjum og um aðrar gagnkvæmar ráðstafanir til að tryggja raunhæft eftirlit með því að rétt sé frá skýrt. Var lögð mikil áhersla á slíka innsýn.

Ríki Varsjárbandalagsins kölluðu kröfuna um slíka gagnkvæma innsýn í raun kröfu um lögmætar njósnir. Lögðu þau í staðinn fram tillögur um, að þátttökuríkin geri með sér sáttmála um að beita ekki valdi og verða ekki fyrst til að nota kjarnavopn. Þau nefndu tillögur Atlantshafsbandalagsins tæknilegar og ekki mikils virði, en ríki Atlantshafsbandalagsins kölluðu tillögur Varsjárbandalagsríkjanna endurtekningar á því sem öll þátttökuríki hefðu þegar samþykkt t. d. í Helsinki-samþykktinni, í sáttmála S.þj. o. fl. Jafnframt var sagt, að kjarnavopnamál ættu ekki heima á Stokkhólmsráðstefnunni, samkvæmt Madrid-samkomulaginu.

Rúmenía lagði fram sértillögur og hlutlausu ríkin einnig. Þá lagði Malta fram tillögur varðandi efni Miðjarðarhafskafila Helsinki-samþykktarinnar.

Í byrjun desember náðist loks samkomulag á ráðstefnunni um nefndaskipan. Það samkomulag tókst m. a. vegna beinna, óformlegra viðræðna bandarísku og sovésku fastafulltrúanna. Standa nú vonir til að starf í nefndunum um fyrirbyggjandi tillögur og bætt andrúmsloft risaveldanna leiði til árangurs á Stokkhólmsráðstefnunni þótt enn sé of snemmt að spá um hvenær eða hve víðtæku samkomulagi verði náð.

#### **f. Afríka.**

Efnahagslegar þrengingar og óstöðugt stjórnarfar í ýmsum ríkjum Afríku hafa verið helstu einkenni þróunarinnar þar í álfu undanfarin misseri eins og raunar um langa hríð áður.

**Apartheid**, stefna ríkisstjórnar hvíta manna í **Suður-Afríku** um aðskilnað kynþáttanna og nær algjört réttleysi svarta meirihlutans í landinu er enn óhöggud. Suður-Afríkustjórn þverskallast og einnig við að láta **Namibíu** af hendi. 7 ár eru liðin frá því Öryggisráðið samþykkti ályktun um sjálfstæði Namibíu, sem er gæsluverndarsvæði Sameinuðu þjóðanna. Kveðið var á um frjálssar kosningar í landinu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, sem undanfara fullveldis og sjálfstæðis Namibíuþjóðarinnar. Margítrekaðar tilraunir hafa verið

gerðar til að fá Suður-Afríkustjórn til að fallast á þá leið til sjálfstæðis Namibíu, sem Öryggisráðið markaði (ályktun 435/1978), en án árangurs. Suður-Afríkustjórn hefur ekki vísað fyrirætlunum Öryggisráðsins algerlega á bug heldur haft uppi ýmsa fyrirvara og skilyrði, sem fullnægja yrði áður en til sjálfstæðis landsins kæmi. Veigamesti þrándur í götu nú er það skilyrði Suður-Afríkustjórnar að kúbanskar hersveitir verði á brott frá nágrennaríkinu Angólu áður en Namibía hlýtur sjálfstæði. Þessi krafa Suður-Afríkustjórnar nýtur stuðnings Bandaríkjanna. Þessari kröfu hafa málsaðilar hafnað og segja að kúbanskir hermenn í Angólu komi sjálfstæði Namibíu ekki við. Í febrúar og mars á síðasta ári voru gerðir vopnahléssamningar milli Suður-Afríku og Angólu og Mósambík. Hafa þeir verið sæmilega haldnir. Hafa menn vonað að þessir samningar gætu orðið upphaf jákvæðari þróunar. Síðustu mánuði hefur stjórn Angólu gefið í skyn að hún sé reiðubúin til að senda kúbönsku hersveitirnar, eða a. m. k. hluta þeirra á brott, ef unnt yrði að tryggja það að skæruliðar Jonas Savimbi, sem berjast gegn stjórninni og ráða hluta landsins, dragi úr borgarastríðinu. Gerðist það myndi hugsanlega opnast fær leið til fulls sjálfstæðis Namibíu. Vesturlöndum er nú orðið ljóst, að herða verður andröður og refsiaðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku, ef vonir eiga að verða til þess að hún hverfi frá aðskilnaðarlögunum. Þann 12. mars sl. samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samhljóða afar harðorða ályktun gegn stjórn Suður-Afríku. Þar var hún fordæmd fyrir að fangelsa og ákæra um landráð alla helstu forystumenn Lýðræðissambandsins (United Democratic Front), sem eru samtök hvíttra manna og svartra, sem berjast gegn apartheid í Suður-Afríku. Þess er krafist að stjórnin láti af drápum á andstæðingum sínum og hætti að hrekja þá frá bústöðum sínum og allir pólitískir fangar verði leystir úr haldi, þeirra á meðal Nelson Mandela, leiðtogi blökkumanna, sem setið hefur í fangelsi á þriðja áratug vegna andstöðu sinnar gegn apartheid og réttleysi hins svarta meirihluta landsins. Það vakti mikla athygli, enda vottur um harðnandi andstöðu Bandaríkjanna gegn apartheid í Suður-Afríku, að Bandaríkin guldu þessari ályktun Öryggisráðsins jáyrði sitt.

Norðurlöndin hafa verið mjög framarlega í hópi þeirra ríkja sem fordæma kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar. Þegar árið 1978 samþykktu norrænu utanríkisráðherrarnir sameiginlega áætlun um aðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku. Í júní í fyrra héldu norrænu utanríkisráðherrarnir fund í Stokkhólmi með starfsbræðrum sínum frá nágrennaríkjum Suður-Afríku, skiptust á upplýsingum, ræddu um frekari aðgerðir til að knýja Suður-Afríkustjórn til undanhalds í kynþáttamálum og um aukna aðstoð norrænu ríkjanna við grannríki Suður-Afríku. Hefur hert stefna Norðurlanda verið í undirbúningi upp á síðkastið. Á nýafstöðnum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsinki var tillögum Norðmanna þar að lútandi vísað til sérstaks vinnuhóps, sem mun skila álitum síðar á þessu ári.

Á síðasta ári skapaðist algert **neyðarástand í Afríku** vegna matvæðis á fjölda Afríkurríkja, einkum á þurrkasvæðunum í álfunni. Ástandið hefur um langt árabil verið mjög bágborið. Samkvæmt nýlegri skýrslu OECD eru þjóðartekjur á mann í 14 fátækum Afríkurríkjum nú lægri en fyrir 15 árum og 12 Afríkurríki hafa nú lægri meðaltekjur á mann en þau höfðu er þau hlutu sjálfstæði. Samkvæmt skýrslum Sameinuðu þjóðanna hefur helmingur vinnufærra manna í álfunni allri ónóga atvinnu eða er atvinnulaus. Miklu herra hlutfall íbúa Afríku býr við vannæringu en í ríkjum Asíu. Ungbarnadauði er hvergi hærri í heiminum en í Afríku. Þar deyja 5 milljónir ungbarna á ári af þeim 7 milljónum, sem deyja árlega í heiminum öllum. Íbúar Afríku eru samt aðeins tæplega einn sjötti hluti íbúa þróunarlandanna, þar sem barnadauði er mestur. Í heild hefur útflutningur Afríkurríkja minnkað og viðskiptakjör versnað og þau eru flest skuldum vafin. Þannig hækkuðu greiðslur þeirra vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur um 24,3% á síðasta ári.

Ljóst er að stjórn landbúnaðarmála hefur farið í handaskolum í flestum Afríkurríkjum, en flest þeirra utan þurrkasvæðanna eru einkar vel fallin til landbúnaðar.

Talið er að um 30 milljónir manna á þurrkasvæðunum lifi á mörkum lífs og dauða og tugir þúsunda hafa fallið úr hungri og sjúkdómum á síðustu misserum og nú er áætlað að á annan tug milljóna manna hafi þurft að yfirgefa heimili sín í leit að fæðu, vatni og högum fyrir búsmala sinn. Til marks um hve erfiður úrlausnar þessi mikli vandi er má nefna, að í mati Sameinuðu þjóðanna á ástandinu er áætlað að á þessu ári nemi matvælaframleiðslan í **Níger** aðeins 1.9 milljónum dollara, en þörf íbúa landsins fyrir neyðarhjálp með matargjöfum sé 139.5 milljónir dollara.

#### **g. Austurlönd nær.**

Skömmu eftir að ég lagði skýrslu mína fyrir Alþingi í fyrra fól Gemayel, forseti Líbanons, Rashid Karami að mynda ríkisstjórn, er vinna skyldi að þjóðarsátt, en borgarastyrjöld hafði þá staðið í Líbanon í fullan áratug. Karami tókst stjórnarmyndunin og áttu fulltrúar allra helstu trúarættflokka og stjórn málaafra í landinu aðild að stjórninni. Vopnahléi var komið á, en það var illa haldið, einkum í Beirút og nágrenni. Herir Sírlands og Ísraels sátu áfram í landinu og styrkur stjórnarhersins mjög lítill.

Kosningar höfðu verið boðaðar í Ísrael í lok júlí og var talið að sigur Verkamanna-flokksins, sem farið hafði með stjórn í Ísrael allt frá upphafi þar til Likud-bandalag Begins fékk meirihluta, myndi hafa í för með sér stefnubreytingu varðandi Líbanon og herteknu svæðin. Úrslit kosninganna urðu þau, að báðir stóru flokkarnir töpuðu þingsætum. Verkamannaflokkurinn hlaut 44 þingsæti, tapaði 3. Likud-bandalagið fékk 41 þingmann kjörinn, tapaði 7.

Eftir langt þóf tókst myndun þjóðstjórnar stóru flokkanna og skyldu þeir skiptast á um embætti forsætisráðherra árlega.

Peres forsætisráðherra hefur unnið að því innan stjórnar sinnar að Ísrael dragi herlið sitt einhliða til baka frá Suður-Líbanon, en öflug andstaða var við það innan stjórnarinnar. Nú hefur Peres haft sitt fram og lýst yfir að Ísraelar muni draga herlið sitt frá Suður-Líbanon, 22 þúsund hermenn, í þremur áföngum á þessu ári. Fyrsti áfangi brottflutningsins var framkvæmdur í febrúar sl. Sex ráðherrar greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun, en þeir eru 25. Talið er að herseta Ísraela í Suður-Líbanon hafi kostað 600 þúsund dollara á dag.

Erfitt er að spá um hver áhrif þessi ákvörðun Ísraels muni hafa. Peres hefur lýst sig fúsan til samningaviðræðna, er leitt gætu til lausnar á Palestínuvandamálinu, en staða hans er veik vegna andstöðuafla í Likud-bandalaginu.

Þýðingarmiklir pólitískir atburðir og breytingar, sem orðið hafa í málefnum Austurlanda nær á síðustu misserum, gætu haft áhrif á þróun mála í næstu framtíð og gætu orðið til þess að stuðla að nýjum viðhorfum deiluaðila, er leitt gætu til friðarsamninga á grundvelli ályktana Öryggisráðsins nr. 242 (1967) og 338 (1977).

Þegar fyrrum samherjar og vopnabræður Yassir Arafats flæmdu hann með lið sitt á brott frá Líbanon með stuðningi Assad Sírlandsforseta, komst að nýju á samband milli Arafats og Egypta, en frá því Sadat Egyptalandsforseti gekk til samninga við Ísraela hafði ríkt fullkomið hatur þar á milli. Jórdanía sem og öll önnur Arabaríki stóð að einangrun Egypta eftir heimsókn Sadats til Jerúsalem. Nú hefur hins vegar skapast traust samband milli Mubarak Egyptalandsforseta og Husseins, konungs Jórdaníu. Í janúar á sl. ári krafðist Hussein þess að Egyptum yrði á ný veitt aðild að Bandalagi Múhamedstrúarríkja (Islamic Conference Organization) og fékk það samþykkt. Í september sl. var komið á ný á fullu stjórn málasambandi milli Kairó og Amman. Nokkru síðar bauð Hussein Arafat að halda fund þjóðarráðs Palestínumanna (eins konar þjóðþing í útleð) í Amman. Þeir áttu saman langar viðræður um friðartillögur þær, sem Hussein hefur undirbúið. Á fundi þjóðarráðsins tókst Arafat að vinna algjöran sigur á andstæðingum sínum, vinstri öfgahópum, og fékk þjóðarráðið til að lýsa stuðningi við friðarviðleitni Husseins. Náin samvinna er milli

Mubaraks og Husseins um mótun friðartillagna er leitt gætu til varanlegs friðar en augljóst er að slíkur friður verður ekki tryggður nema PLO viðurkenni ótvírætt tilverurétt Ísraelsríkis og að Palestínubjóðin eignist land, sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði.

Að lokum er rétt að minna á þær viðræður sem nú fara fram milli stjórna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um ástandið í Mið-Austurlöndum og friðarumleitanir þar. Slíkar viðræður stórveldanna hafa ekki farið fram svo árum skiptir. Þessar viðræður eru leynilegar og engar upplýsingar gefnar um efni þeirra. Samkomulag risaveldanna um tillögur til friðarsamninga gætu ráðið úrslitum um jákvæða framvindu mála í þessum hrjáða heimshluta.

#### **h. Fjarlægari Austurlönd.**

Þróun mála í Asíu, víðlendustu heimsálfunni, verður æ stærri þáttur í þróun heimsmála. Í Asíu býr meira en helmingur mannkynsins, og þar eru fjögur af fimm fjölmennustu ríkjum heims: Kína, Indland, Indónesía, og auk þess Sovétríkin, sem teljast jafnt Asíuríki sem Evrópuríki, en þau ráða yfir öllum norðurhluta þessarar risaálfa.

Í austurhluta Asíu hefur hagvöxtur orðið miklu meiri en á Vesturlöndum á undanförunum árum, og framfarir verið þar miklar. Samskipti Vesturlanda við þann heimshluta fara stöðugt vaxandi, — einkum á efnahagsviðinu. Má m. a. nefna, að útflutningur Bandaríkjanna þangað er nú talsvert meiri en til Evrópu, og að viðskipti við Japan verða æ þýðingarmeiri. En samskipti Vesturlanda við Austur-Asíulönd á öðrum sviðum færast einnig í aukana, — og allt bendir til þess að áhrif Asíuríkja í heimsmálum muni fara vaxandi á komandi árum — ekki síst ef hinar miklu framfarir sem nú eru hafnar í Kína, halda áfram. Af þessum ástæðum, og einnig vegna líklegra markaðsmöguleika Íslendinga í Austurlöndum í framtíðinni, bæði hvað snertir vörur og tækniþekkingu, hljótum við að fylgjast í vaxandi mæli með þróun mála í Asíu.

— Eftir 1975 hefur innbyrðis samvinna ríkja Suður-Asíu bandalagsins, ASEAN, stóraukist og leitt til batnandi efnahagsástands í þessum ríkjum. Bandalagið var stofnað 1967 af fimm ríkjum: Thailandi, Indónesíu, Malasíu, Singapore og Filippseyjum. Nýlega hefur sjötta landið slegist í hópinn, þ. e. hið nýja, olíuauðuga Brunei-ríki á norðurströnd Borneo.

— Japan er eitt af mestu iðnaðarveldum heims, og góð samvinna og samstarf hefir tekist milli Japana og Kínverja.

— Á Indlandi hefur ný stjórn komið til valda eftir þingkosningar í kjölfar morðsins á Indiru Gandhi. Of snemmt er að spá, hvort þessi breyting hefur áhrif á utanríkisstefnu Indlands, en Indlandsstjórn hefur löngum haft nána samvinnu við Sovétríkin.

— Sovétmenn hafa á síðari árum, einkum eftir 1978, eflt mjög hernaðarmátt sinn á Kyrrahafssvæðinu, og Kyrrahafsfloti þeirra mun nú vera stærstur af hinum fjórum herflotum þeirra. Stöðugt fjölga þarna herskipum, kafbátum, herflugvélum og herþyrlum Sovétmanna. Verulegur hluti kafbátaflotans er kjarnorkuknúinn. Mikil sovésk hernaðaruppbygging fer fram á eyjunum norður af Japan, þ. á m. á eyjunum fjórum sem Japanir gera tilkall til. Auk þess hafa Sovétmenn nú fengið aðstöðu í Vietnam, þar sem þeir eru smátt og smátt að efla flota sinn og flugher, en þarna í nánd liggja skipaleiðirnar til og frá Kína og Japan. Sovétflotinn er á sveimi allt frá Okhotskhafi norður við Kamtsjatka og suður fyrir Malakkaskaga, þar sem hann tengist sovétflotanum á Indlandshafi. — Við norðurlandamæri Kína er hinn mikli herafli og herbúnaður sem Kínverjar eru stöðugt að benda á, þ. á m. 100—150 kjarnaeldflaugar (SS—20) sem draga til Japan og Bandaríkjanna.

Í forsetatíð Nixons og Carters var það stefna Bandaríkjamanna að draga úr hernaðarumsvifum sínum á Kyrrahafssvæðinu. En vegna hinnar miklu hernaðaruppbyggingar Sovétmanna auka nú Bandaríkjamenn hernaðarmátt sinn á ný á þessum svæðum.

Um málefni Vestur-Asíu, þ. e. vandamálin við botn Miðjarðarhafsins, hefur þegar verið rætt.

Styrjöld Írans og Íraks heldur áfram og gengur á ýmsu. Í bili virðast Írakar hafa frumkvæðið. Mannfall hefir verið gífurlegt í styrjöldinni, og stórkostlegt eignatjón í báðum löndunum og á skipum sem hafa orðið fyrir loftárásum á Persaflóa.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að miðla málum milli stríðsaðilja, bæði á vegum S.þj., samtaka íslamskra ríkja og samtaka óháðra ríkja, en án árangurs. Írakar hófu styrjöldina en sýnast nú vilja ná samkomulagi, en í Íran eru ennþá þau öfl ofan á, sem vilja halda stríðinu áfram, nema Írakar reki núverandi stjórnendur frá völdum og greiði gífurlegar skaðabætur auk þess sem þeir láti af hendi öll hertekin svæði.

Sú breyting hefur nýlega orðið, að Írakar hafa á ný tekið upp stjórnmalasamband við Bandaríkjamenn, en því var slitið í 6 daga stríðinu 1967. Bandaríkjamenn hafa lýst yfir, að upptaka stjórnmalasambandsins þýði ekki að þeir ætli að styðja Írak á hernaðarsviðinu né heldur, að þetta hafi nein áhrif á samstöðu þeirra með Ísrael. Sumir binda vonir við það, að breytingar sem leiði af stofnun stjórnmalasambandsins flýti fyrir lausn á deilum Íraks og Írans.

Í Afganistan situr áfram leppstjórn sú, undir forustu Babraks Karmals, sem sett var á fót, er Sovétherinn réðst inn í landið um jólin 1979. Þeirri stjórn er haldið við völd af Sovétmönnum, er stöðugt hafa 100—150 000 manna her í landinu. Sovétherinn berst við skæruliða víðsvegar um landið, og beitir nýjustu hernaðartækjum, loftárásum á þorp og bæi og öðrum grimmdaraðferðum, en allt kemur fyrir ekki. Um þrjár milljónir manna hafa flúið frá Afganistan til Pakistan, og nærri ein milljón til Írans, þ. e. alls meira en fimmtungur landsmanna.

Tilraunir aðalfrumkvæmdastjóra S.þj. til að finna pólitíska lausn á Afganistanmálinu hafa engan árangur borið. Fulltrúi hans, Diego Cordovez, hefur lengi unnið að því máli, rætt aftur og aftur við stjórnirnar í Moskva, Kabúl, Islamabad og Teheran og haldið fundi um málið (í Genf).

Sú hugsanlega pólitíska lausn sem rætt er um er í aðalatriðum í fjórum þáttum:

- brottflutningur alls erlends herliðs
- heimflutningur flóttafólksins
- afskiptaleysi erlendra ríkja af málum Afganistans
- alþjóðlegar skuldbindingar um að tryggja framkvæmd samkomulagsins.

Ekkert bendir til að nein lausn á Afganistanmálinu sé í sjónmáli.

Í nóvember s. l. samþykkti allsherjarþing S.þj. á ný áskorun um brottflutning hins erlenda hers frá Afganistan eftir þriggja daga umræður. Að þessu sinni var ályktunin samþykkt með 119 atkvæðum gegn 20, en 14 sátu hjá. Samskonar ályktun var í fyrra samþykkt með 116 atkvæðum gegn 20, en 17 sátu hjá. Þau ríki sem greiða atkvæði gegn ályktuninni eru Sovétríkin, flest kommúnistaríkin í Austur-Evrópu og nokkur lönd þriðja heimsins.

Í Kampútsíu hefur nú verið ófriður í 6—7 ár. Víetnamar hafa síðan á árinu 1978 haft mikinn her í landinu, nú 160—180 000 manna herlið. Andspyrnuöflin eru talin hafa yfir að ráða, a. m. k. 40—45 000 hermönnum og skæruliðum og ætla sér sýnilega ekki að sleppa tókunum. Leppstjórnin er Víetnamar komu á fót, undir forustu Heng Samrins, er talin ráða yfir um 30 000 manna her, sem hún ekki getur treyst. Stjórn Heng Samrins er ekki viðurkennd af S.þj., og eina ríkið sem viðurkennir stjórn hans, auk nokkurra kommúnistaríkja, er Indland. Moskvustjórnin styður Víetnama með gífurlegum framlögum, en eins og fyrr sagði hafa Sovétmenn nú fengið aðstöðu fyrir flota sinn og flugher í Víetnam.

Að samsteypustjórninni sem mynduð var 1982 undir forsæti Sihanouks fursta standa þrjár aðilar — Rauðu Khmerarnir, Þjóðfrelsisfylking Son Sanns (Khmer People's National Liberation Front, — KPNLF) og Hin þjóðlega samfylking Sihanouks fursta (National United Front for an Independent Neutral and Peaceful Kampuchea) . Sihanouk er forseti,

Son Sann forsætisráðherra, en forsvarsmaður Rauðu Khmeranna, Khieu Samphan, er varaforsæti og utanríkisráðherra.

Samsteypustjórnin nýtur stuðnings ASEAN landanna sex, og auk þess Kínverja. Eftir 1975 hefur verið grunnt á því góða milli Kínverja og Víetnama, og hafa hinir síðarnefndu stöðugt öflugt herlið við kínversku landamærin.

Stöðugt er barist í landinu, fyrst og fremst á þurrkatímanum, og gengur á ýmsu. Bæir og landssvæði eru tekin á víxl af Víetnömum og andspyrnuherjunum eða skæruliðum. Margar herbúða andspyrnuherjanna og skæruliðanna eru nálægt landamærum Thailand, og bardagarnir berast stundum yfir landamærin, og flóttafólk streymir inn í Thailand. Andúð Kampútsíumanna á Víetnömum og leppstjórn þeirra fer vaxandi.

Allar tilraunir til pólitískrar lausnar á Kampútsíuvandamálinu hafa verið árangurslausar. Það er von þeirra sem styðja samsteypustjórn Sihanouks, að hægt sé að þvinga Víetnama til að fara burt með her sinn úr Kampútsíu með stöðugum þrýstingi, m. a. með áframhaldandi efnahagsþvingunum og stuðningi við andspyrnuliðana, en fram að þessu hefur þetta engan árangur borið.

Breytingar í **Kína** sem ég nefndi hér að framan eru miklar og athyglisverðar, en hér er ekki staður né stund til að lýsa þeim, enda þyrfti til þess langt mál. En ljóst er, að Kínverjar eru á ýmsum sviðum að hverfa frá sovéska kerfinu sem innleitt var eftir valdatöku kommúnista 1949. Lengst eru kerfisbreytingarnar komnar í landbúnaðinum, en unnið er að breytingum á öllum sviðum atvinnulífsins. Gífurleg áhersla er lögð á aukinn hagvöxt og eru hugmyndir um breytingar ekki aðeins sóttar til annarra kommúnistaríkja sem innleitt hafa hjá sér endurbætur á hinu marxistíska kerfi, eins og t. d. Ungverjalands, heldur einnig til t. d. Bandaríkjanna og Japans. Breytingarnar hafa leitt til mikillar framleiðsluaukningar í Kína síðustu árin, og ört vaxandi utanríkisviðskipta. Til dæmis þrefaldaðist utanríkisverslun Kína frá 1977 til 1982, þar af 90% við Vesturlönd.

Reynt er, eins og raunar í öllum kommúnistaríkjum, að komast yfir sem mest af tækniþekkingu Vesturlanda. Eru farnar til þess ýmsar leiðir. Til dæmis er nú fjöldi ungra Kínverja við tækninám á Vesturlöndum, þar sem þeir einnig kynna sér skipulags- og framleiðsluáferðir. Árið 1979 tóku Kínverjar upp hina svo nefndu „opunarstefnu“ („open-door“ policy), sem er fyrst og fremst fólgin í stofnun „sérstakra efnahagssvæða“, þar sem dyr standa opnar fyrir erlenda fjárfestingu. Fjögur slík svæði hafa verið opnuð á undanförunum árum, og nýlega hefur verið tilkynnt opnun 15 svæða í viðbót, sem flest eru hafnarborgir. Á þessum stöðum eru bæði fyrirtæki, þar sem allt fjármagnið er í eigu erlendra aðila og „sameiginleg“ eða „blönduð“ fyrirtæki, þar sem fjármagnið er erlent að hluta. Reynt er að laða að erlent fjármagn með skattaávilnunum og öðru móti.

Nokkuð hefur dregið úr kuldanum í samskiptum Kínverja og Sovétmanna. Ríkin hafa samið um stóraukin verslunarviðskipti og skiptast nú á sendinefndum, íþróttamanna- og listamannaheimsóknum o. s. frv. En af Kínverja hálfu er á því hamrað, að samskipti þessara ríkja geti ekki komist í eðlilegt horf nema þrjú stórmál leysist, þ. e. að Sovétmenn dragi úr herafli sínum á kínversku landamærunum, hætti stuðningi sínum við stríðsrekstur Víetnama í Kampútsíu og kalli heim her sinn frá Afganistan.

Kínverjar og Bretar hafa nú náð samkomulagi um **Hong Kong**. Kínverjar eiga að taka við stjórn þessarar bresku nýlendu árið 1997, en lofa, að óbreytt efnahagskerfi skuli ríkja þar áfram í 50 ár eftir þann tíma. Þeir tala um „eitt ríki, tvö kerfi“, enda gerir núgildandi stjórnarskrá Kínverja ráð fyrir slíkum möguleika. Ýmsir telja að Kínverjar vonist eftir svipaðri lausn í framtíðinni hvað snertir Taiwan.

**Japan** er eitt af aðal iðnaðarríkjum heims eins og fyrr er minnst á. Stefna ríkisstjórnar Japans hefur til skamms tíma verið sú, að útgjöld til varnarmála fari ekki fram úr 1% af þjóðarframleiðslunni. Í landinu hefur verið lítill áhugi á landvarnarmálum, og menn hafa



talið að varnarsamningurinn við Bandaríkin væri næg vörn. En á síðustu árum fara umræður um varnarmál stöðugt vaxandi í Japan, og á það fyrst og fremst rót sína að rekja til hinna auknu hernaðarumsvifa Sovétmanna á Kyrrahafssvæðinu, ekki síst í námunda við Japan. Fjárframlög til varnarmála hafa nú verið aukin verulega í Japan.

Enn hefur ekki verið gerður friðarsáttmáli milli Japans og Sovétríkjanna eftir heimsstyrjöldina, þar eð Sovétmenn ljá ekki máls á því að sleppa fjórum eyjum norður af landinu, sem þeir tóku í stríðslok og Japanir gera tilkall til. Samskipti Japana og Sovétmanna eru þó með eðlilegum hætti og mikil verslunarviðskipti milli þeirra.

Með Japönum og Kínverjum er nú gott samkomulag og Japan er nú stærsti viðskiptaaðili Kínverja.

#### **i. Mið- og Suður-Ameríka.**

Í Mið-Ameríku hélt athygli heimsins áfram að beinast einkum að tveimur ríkjum: El Salvador og Nicaragua. Í báðum ríkjunum hefur ríkt og ríkir enn borgarastyrjöld, þar sem uppreisnaröflin njóta utanaðkomandi aðstoðar. Í báðum ríkjunum fóru fram forsetakosningar á síðasta ári og að auki kosningar samtímis til þjóðþings í Nicaragua. Því miður virðist það, sem ég sagði í skýrslu minni til Alþingis í fyrra ætla að koma á daginn: „Kosningar við þær aðstæður, sem nú ríkja í Nicaragua og El Salvador, eru því miður ekki líklegar til að leysa þau miklu pólitísku og félagslegu vandamál sem þar er við að etja eða binda enda á borgarastyrjöldina“.

Fyrri umferð forsetakosninganna í **El Salvador** fór fram 25. mars 1984 og fékk enginn frambjóðenda hreinan meiri hluta svo sem áskilið er. Síðari umferðin fór fram í maí milli þeirra tveggja frambjóðenda, sem flest atkvæði höfðu fengið í fyrri umferðinni. Forseti var kjörinn José Napoleón Duarte, frambjóðandi Kristilega lýðræðisflokksins með 53.6% atkvæða. Roberto d'Aubuisson, frambjóðandi Þjóðlega lýðræðisbandalagsins hlaut 46.4% atkvæða.

Duarte tók við embætti 1. júní og hefur honum tekist að draga verulega úr grófustu mannréttindabrotunum í El Salvador. Hann hóf samningaviðræður við uppreisnaröflin, vinstri sinnaða skæruliðaflokka sem kalla sig FMLN („Þjóðfrelsihreyfinguna“), í von um að ná friðarsamningum við þau. Roberto d'Aubuisson hefur rekið harðan undirróður gegn Duarte og er andvígur viðræðum hans við skæruliðahreyfinguna, sem nýtur stuðnings Sandinistastjórnarinnar í Nicaragua og berst gegn þeim tillögum, sem Duarte hefur lagt fram um skiptingu stórjarða til jarðnæðis handa blásnaudum leiguliðum og ýmsum öðrum umbótum á sviði efnahags- og félagsmála. Ef vonir Duartes um þingmeirihluta í kosningunum um mánaðamótin mars/apríl rætast, mun það styrkja til muna viðleitni hans til að koma festu á þjóðmálin.

Í kosningunum í **Nicaragua** í byrjun nóvember s. l. unnu Sandinistar, er komust til valda í byltingunni 1979, er harðstjóranum Somoza hershöfðingja, var steypt af stóli, auðveldan sigur. Hlutu þeir 63% atkvæða, en stærsta stjórnarandstöðuflokknum, Coordinadora-bandalaginu, var meinuð þátttaka í kosningunum. Leiðtogi Sandinista Daniel Ortega var kjörinn forseti og flokkur Sandinista hlaut 61 sæti af 96 á þinginu. Skæruhernaður heldur áfram í landinu.

Vandinn í þessum löndum er því enn óleystur. Varanlegur friður er vandfundinn í Mið-Ameríku, en vonir manna eru bundnar friðaráætlun Contadora-ríkjanna (Venezuela, Mexíkó, Columbíu og Panama). Mikilvægasta tillagan í þessari áætlun kveður á um takmörkun og eftirlit með vopnum og herjum í ríkjum Mið-Ameríku; tímaáætlun um brottför erlendra hernaðarráðgjafa, afvopnun skæruliðasveita og útilokun vopnasendinga til þeirra frá erlendum ríkjum; tímaáætlun um undirbúning frjálsra lýðræðislegra kosninga í friðuðu umhverfi, fulla virðingu fyrir mannréttindum og markvissar umbætur í félags- og

efnahagsmálum. Varanleg lausn finnst ekki nema hún sé reist á grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og réttlátari skiptingu tekna og eigna. Þetta er megininntakið í tillögum Contadora. Bandaríkin höfðu lýst yfir stuðningi við þessar tillögur í meginatriðum og það hafði Kissinger-nefndin einnig gert með þeim fyrirvara að tímabundin aðstoð við El Salvador og Honduras kynni að reynast nauðsynleg meðan uppreisnaröflin nytu hernaðar- aðstoðar og vopnasendinga utanað. Nokkrir viðræðufundir hafa átt sér stað milli fulltrúa Bandaríkjanna og Nicaragua um framkvæmd og túlkun Contadora-samkomulagsins, en um það stendur enn djúpstæður ágreiningur, að því er virðist.

Eins og kunnugt er fóru Bandaríkin og nágrannaríkin á karabísku eyjunum með herlið til **Grenada** í október 1983 er stjórnleysi og upplausnarástand ríkti á eyjunni. Forsætisráðherra landsins hafði verið myrtur og landstjórinn í samvinnu við grannríkin hafði farið fram á aðstoð Bandaríkjanna við að koma á friði og tryggja sjálfsákvörðunarrétt íbúanna. Engu að síður var talið að um alvarlegt brot á alþjóðalögum og skerðingu á sjálfstæði Grenada væri að ræða eins og fram kom í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 1983, sem harmaði þessa hernaðarhlutun. Ísland var meðal þeirra ríkja sem greiddu ályktuninni atkvæði. Áhersla var þar lögð á að erlent herlið hyrfi frá Grenada og eftir yrði til frjálsra kosninga sem fyrst. Bandaríski herinn var nær allur á brott frá eyjunum fyrir árslok 1983. Síðasta allsherjarþing gerði enga ályktun um málefni Grenada, því að það, sem þingið fór fram á í ályktun sinni árið áður hafði nú verið framkvæmt. Kosningar fóru fram á Grenada 3. desember sl. Þjóðlegi lýðræðisflokkurinn (National Democratic Party), sem er miðflokkur, vann yfirburðasigur. Flokkur Gairy, fyrrum forsætisráðherra, sem steypt var af stóli í byltingu marxista, fékk engan mann kjörinn og frambjóðendur tveggja marxískra flokka náðu ekki heldur kjöri.

Andstaðan gegn harðstjórn Pinochet í **Chile** hefur farið vaxandi. Verkföll, kröfugöngur og mótmælafundir hafa verið tíðir undanfarin misseri þótt það sé bannað. Sjötta nóvember lýsti Pinochet yfir herlögum í landinu, en þau höfðu ekki verið í gildi síðan 1978. Í kjölfarið fóru fjöldahandtökur og ritskoðun. Efnahagur landsins er bágur og atvinnuleysi er gífurlegt, einkum í höfuðborginni Santiago.

Í **Argentínu** virðist lýðræði vera að skjóta traustum rótum undir forystu Raúl Alfonsín, sem kjörinn var í lýðræðislegum kosningum eftir 7 ára ógnarstjórn herforingja. Fjöldamargir foringjar í her, flota og flugher hafa verið neyddir til að segja af sér og málaferli eru í gangi gegn leiðtogum herforingastjórnarinnar og nokkrir þeirra þegar í fangelsi. Ákærum gegn þeim eru mjög þungar: Tugþúsundum saman hurfu andstæðingar herforingjanna sporlaust. Þeir höfðu verið líflátnir og huslaðir í fjöldagröfum. Alfonsín virðist staðráðinn í því að setja herinn á þann bekk, sem honum ber í lýðræðisþjóðfélagi. Hann lúti yfirstjórn lýðræðislega kjörinnar ríkisstjórnar, gæti öryggis landsins, en hafi engin afskipti af stjórnarmálum.

Í grannríki Argentínu, **Brasilíu**, stærsta ríki Suður-Ameríku með 131 milljón íbúa, gerðist næsta óvæntur stóratburður eftir 21 árs samfellda einræðisstjórn herforingja í landinu: Frambjóðandi stjórnarandstöðunnar, Tancredo Neves, 74 ára að aldri, var kjörinn forseti landsins í janúar sl. undir kjörorðinu: Endurreisn lýðræðis. Hvort Neves tekst að festa lýðræði í sessi í Brasilíu, treysta mannréttindi og hefta pólitísk völd herforingja þar í landi verður tíminn einn að skera úr um. Neves átti að taka við völdum 15. mars, en veikindi hafa hamlað því að hann gæti hafið störf og eykur það óvissu um þróun mála.

Vandamálin sem hinar nýju lýðræðisstjórnir í Argentínu og Brasilíu hafa við að kljást eru gífurleg. Þjóðirnar eru reyrdar í viðjar erlendra skulda, efnahagur almennings bágur og atvinnuleysi gífurlegt, óðaverðbólga ríkjandi (talin vera 230% í Brasilíu í janúar sl. miðað við 12 mánuði), en svipuðu máli gegnir um nær öll ríki álfunnar. Þau hafa undanfarin ár staðið í samningum við alþjóðagjaldeyrissjóðinn um framlengingu lána og frestun afborgana með skilyrðum um aðhaldsaðgerðir til að treysta fjárhag ríkisins, en þær hafa í för með sér

þrengri kjör almennings. Nú mun vera búið að semja um frestun afborgana af erlendum lánum ríkja í Suður-Ameríku, er samtals nema 350 milljörðum Bandaríkjadala. Fjörutíu prósent útflutningstekna Suður-Ameríku fara eingöngu til greiðslu vaxta af þessum lánum. Ný lán eru tekin og greiðslubyrðin fer vaxandi og hagur ríkjanna þar með versnandi.

### III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

#### a. Sameinuðu þjóðirnar.

Um helstu mál 39. allsherjarþingsins hefur verið fjallað í kaflanum hér á undan um alþjóðamál og í skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um störf þingsins sem er fylgiskjal með þessari skýrslu til Alþingis.

Störf Sameinuðu þjóðanna, stofnana þeirra og sérstofnana eru orðin svo fjölpætt og umfangsmikil, að þess er ekki kostur að skýra frá nema litlu broti af öllu því mikla starfi í árlegri skýrslu til Alþingis sem þessari. Verður því að velja hverju sinni og nú aðeins fjallað sérstaklega um þrjár af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og minnt á Kvennaráðstefnuna sem haldin verður í lok kvennaáratugar í Nairobi í sumar. Þó má einnig nefna að á sl. ári var haldin hér á landi Evrópuráðstefna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar S. þj. (FAO), en Íslendingar hafa sem kunnugt er tekið nokkurn þátt í störfum hennar um langt árabíl.

#### b. Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).

Á síðasta allsherjarþingi var Ísland kosið fyrsta sinni til setu í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna. Í Sáttmála hinna Sameinuðu þjóða var Efnahags- og félagsmálaráðinu (Economic and Social Council (ECOSOC)) falið mjög mikilvægt og víðtækt hlutverk. Í stuttu máli var því falið að vaka yfir, gæta og efla alla þá fjölmörgu þætti, er stuðla að réttindum manna og velferð þeirra. Því er ætlað að gera athuganir og rannsóknir og gefa skýrslur um alþjóðleg efnahags- og félagsmál, menningar-, mennta- og heilbrigðismál og mál þeim skyld og gera tillögur um slík mál til allsherjarþingsins. Það á að efla virðingu fyrir mannréttindum og frelsishugsjónum. Það gerir drög að alþjóðasamningum og leggur fyrir allsherjarþingið og það getur kallað saman alþjóðaráðstefnur um þau málefni er undir það heyrar.

Af þessari upptalningu sem hvergi nærri er tæmandi, sést hve víðtækt og mikilvægt hlutverk Efnahags- og félagsmálaráðsins er. En það er einmitt á þeim sviðum er undir ECOSOC heyrar sem Sameinuðu þjóðunum hefur orðið mest ágengt í störfum sínum.

ECOSOC heldur þrjá fundi á ári og sendir mikill fjöldi aðildarríkja, sem ekki eiga aðild að ráðinu, áheyrnarfulltrúa á þessa fundi. Vikufundur er haldinn í New York í febrúar til að skipuleggja störfina á árinu, 3—4 vikna fundur er haldinn í New York í maí og annar 3—4 vikna fundur í Genf í júlí ár hvert. Á vorfundinum í New York er rætt um félagsmál hvers konar og á fundinum í Genf er fjallað um efnahags- og þróunarmál og önnur skyld mál af fjölpættasta tagi.

Fastanefndir Íslands í New York og Genf munu að verulegu leyti fara með aðild Íslands að ráðinu. Eins og gefur að skilja mun þetta hafa í för með sér aukið álag á fastanefndirnar og alþjóðadeild utanríkisráðuneytisins.

#### c. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

UNESCO er ein sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og hefur aðsetur í París. Sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá stofnuninni. Ísland á nú sæti í framkvæmdastjórn UNESCO f. h. Norðurlanda. Gegnir Andri Ísaksson prófessor því starfi og var hann nýlega valinn einn af varaformönnum stjórnarinnar.

Störf UNESCO árið 1984 mörkuðust mjög af því að Bandaríkin, sem greiða fjórðung útgjalda skv. fjárhagsáætlun stofnunarinnar, höfðu tilkynnt hinn 28. desember 1983 úrsögn úr stofnuninni frá áramótum 1984—1985 að telja. Þá tilkynnti breska ríkisstjórnin í apríl að Bretland hygðist að vísu vera áfram um sinn í stofnuninni en þó þyrfti þar ýmislegt að færa til betri vegar. Mundi ríkisstjórnin endurskoða afstöðu sína til aðildar í árslok og yrði þar þyngst á metaskálanum hverjar umbætur hefðu orðið. Gagnrýni Bandaríkjastjórnar á stofnuninni var einkum þrífætt: Því var haldið fram að UNESCO vasaðist um of í pólitískum deilumálum almenns eðlis, að afstaða stofnunarinnar til fjölmiðlastarfs væri þrándur í götu prentfrelsis í heiminum og að stofnunin væri illa rekin fjárhagslega. Gagnrýni Bretlands var svipaðs eðlis.

Framkvæmdastjórn og aðalforstjóri UNESCO reyndu að miðla málum. Kaus stjórnin á vorkundi sínum úrræðanefnd 13 stjórnarmanna og átti fulltrúi Íslands sæti í henni. Starfaði nefndin um sumarið og skilaði í september álit um umbætur á fjölmörgum sviðum í starfi stofnunarinnar. Aðalforstjórinn skipaði fimm starfshópa sem einnig lögðu til breytingar til bóta, m. a. varðandi hagsýslu, starfsmannahald og upplýsingamál. Á haustfundi framkvæmdastjórnar voru allar tillögur úrræðanefndar samþykktar og jafnframt ákveðið að framlengja umboð nefndarinnar og fela henni að fylgjast með framkvæmd þeirra umbóta sem hún hefur lagt til. Einnig tók framkvæmdastjórn undir tillögur starfshópa aðalforstjórans.

Norðurlönd voru mjög virk í þessari umbótaviðleitni allri og sama má segja um Vesturlönd yfirleitt en fulltrúar þeirra í París koma reglulega saman til funda í s. k. upplýsingahópi vestrænna aðildarríkja. Fulltrúi Íslands bar fram á haustfundi framkvæmdastjórnar norræna tillögu um samþjöppun starfsáætlunar UNESCO, þ. e. um grisjun verkefnalistans með það fyrir augum að stofnunin legði niður starfsþætti sem ýmist eru umdeildir eða skipta litlu en styrkti í þess stað verkefni sem tengjast beinlínis stofnskrá hennar og eru ekki umdeild. Tillagan fékk misjafnar undirtektir. Var hún því dregin til baka að svo komnu máli en jafnframt tilkynnt að hún yrði borin fram aftur á vorkundi framkvæmdastjórnar árið 1985.

Umbótastarf það sem hér hefur verið á minnst breytti ekki afstöðu Bandaríkjastjórnar sem fannst ekki nóg að gert. Kvöddu Bandaríkin því UNESCO í árslok 1984. Jafnframt tilkynntu Bretar og Singapúr úrsögn úr stofnuninni frá og með áramótum 1985—1986 (Bretland þó með því að tilgreina ýmis skilyrði sem gætu valdið því, ef uppfyllt yrðu, að ríkisstjórnin hætti við úrsögn).

Á aukafundi framkvæmdastjórnar, sem haldinn var í febrúarmánuði 1985, var hnykkt á norrænu tillögunni um samþjöppun starfskrafta. Samþykkti fundurinn tillögu frá fulltrúa Íslands þar sem aðalforstjóra var falið að leggja fyrir vorkundinn sérstakt þingskjal um forgangsröð einstakra verkefna í frumvarpi að starfsskrá stofnunarinnar fyrir 1986—1987.

Örlagastund virðist vera runnin upp fyrir Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og mun framtíð hennar ráðast að miklu leyti af þeim ákvörðunum sem teknar verða á 23. aðalþingi UNESCO sem fram fer í Sofíuborg í Búlgaríu 8. október — 12. nóvember 1985.

#### **d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).**

Ársfundur Evrópusvæðis WHO var haldinn í Kaupmannahöfn í lok september 1984 og sat Matthías Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þann fund ásamt nokkrum embættismönnum. Á þeim fundi var kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópusvæðisins til næstu 5 ára og var dr. Jo E. Asvall kjörinn. Dr. Asvall er Norðmaður og hafði hann opinberan stuðning allra Norðurlanda. Ráðning dr. Asvall var staðfest á fundi framkvæmdastjórnar WHO í janúar 1985 og tók hann við af Dr. Kaprio 1. febrúar 1985. Dr. Kaprio sem er finnskur lætur nú af störfum eftir 18 ár sem framkvæmdastjóri Evrópusvæðisins.

Náið samráð hefur verið á milli Norðurlanda um málefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og hefur Ísland vegna setu Almars Grímssonar í þrjátíu og eins manns framkvæmdastjórn haft forgöngu um það samráð.

Á ársfundi Evrópusvæðisins gerðu aðildarríkin samþykkt til stuðnings stefnumarki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði allra árið 2000. Árið 1984 gekk Ísland til samvinnu við WHO og nokkur önnur lönd um verkefni um forvarnir og tengist það verkefni náíð stefnumarkinu um heilbrigði allra árið 2000. Sérstök stjórnarnefnd var skipuð árið 1984 hér á landi undir formennsku Páls Sigurðssonar ráðuneytisstjóra og ráðinn var yfirlæknir, Hrafn V. Friðriksson, til að annast framkvæmdastjórn þessa samvinnuverkefnis hér á landi.

Um annað tæknilegt samstarf við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina má nefna samkomulag um eflingu leitar að leghálskrabbameini og samvinnu um fjölbættar aðgerðir í slysavörnum og skráningu aukaverkana lyfja. Hafa starfsmenn stofnunarinnar heimsótt Ísland og verið til ráðgjafar um aðgerðir. Slíkt tæknilegt samstarf hefur þróast ört undanfarin ár.

Þá ber að nefna að framkvæmdastjórn WHO fjallaði á fundi sínum í janúar 1985 um framkvæmda- og fjárhagsáætlun WHO árin 1986 og 1987 og samþykkti að mæla með því við Alþjóðaheilbrigðisþingið sem haldið verður í maí n. k. að samþykkja þá áætlun enda er hún byggð á óbreyttum útgjöldum. Á sama fundi var ítarlega fjallað um neyðarástandið í Afríku og þátt stofnunarinnar í aðgerðum til úrbóta.

Að lokum skal þess getið að á þessum fundi framkvæmdastjórnarinnar dró heilbrigðisráðherra Kúbu, með vísan til ítarlegra viðræðna aðalframkvæmdastjóra WHO dr. Mahler og Fidel Castro forseta Kúbu, til baka boð um að halda 39. Alþjóðaheilbrigðisþingið í Havana 1986. Venja er að halda þingið í Genf enda skapar það örugg skilyrði um þátttöku aðildarríkja í þinginu. Nokkur uggur hafði verið vegna þessa boðs Kúbumanna um neikvæð áhrif á samstarfið innan stofnunarinnar sem hefur undanfarin ár verið mjög gott.

#### **e. Kvennaráðstefnan í Nairobi.**

Sameinuðu þjóðirnar munu halda kvennaráðstefnu í Nairobi, Kenya, í lok kvennaáratugarins í júlí 1985, en tvær kvennaráðstefnur hafa áður verið haldnar á vegum samtakanna, í Mexíkó árið 1975 og í Kaupmannahöfn árið 1980. Einkunnarorð kvennaáratugarins eru friður, frelsi og þróun, og mun Nairobi-ráðstefnan meta árangur átaks samtakanna til að bæta stöðu kvenna í aðildarríkjunum á umræddu tímabili og líta til framtíðarinnar fram að aldamótum um alþjóðlega stefnumörkun í málefnum kvenna í heiminum. Tilgangur samtakanna með því að standa fyrir ráðstefnum um slík afmörkuð efni sem snerta fólk í öllum aðildarríkjunum er að vekja athygli á þeim og leita sameiginlegra leiða til lausnar vandamála. Undirbúningsnefnd að þátttöku Íslands í kvennaráðstefnunni hóf störf í árslok 1982 og aflaði upplýsinga vegna skýrslugerðar o. fl. Nýlega var skipuð sendinefnd á ráðstefnuna. Í henni eru: Sigríður Snævarr, sendiráðunautur, formaður, Esther Guðmundsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, Gerður Steinþórsdóttir, cand. mag., Guðríður Þorsteinsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, og María Pétursdóttir, formaður Kvenfélagsambands Íslands.

#### **f. Evrópuráðið.**

Evrópuráðið starfar sem kunnugt er í tveim deildum, ráðherranefnd utanríkisráðherra og staðgengla þeirra, fastafulltrúanna, og ráðgjafarþingi þingmanna, sem þjóðþing aðildarríkjanna kjósa. Alþingi fer með málefni ráðgjafarþingsins en störf þess rek ég ekki sérstaklega þar sem fulltrúar Alþingis munu væntanlega leggja fram greinargerð um það efni eins og undanfarið.

Á árinu var kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Marcelino Oreja, fv. utanríkisráðherra Spánar, og tók hann við störfum hinn 1. október sl.

Markmið Evrópuráðsins hefur frá upphafi verið að koma á nánari einingu meðal aðildarríkjanna, sem nú eru 21 að tölu, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra. Þau starfa m. a. saman að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda, laga- og stjórnarfarsmála og leitast við að treysta mannréttindi og frelsi.

Nánast öllum málum er vísað til ráðherranefndarinnar til endanlegrar afgreiðslu, enda hefur hún ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar. Í ráðherranefndinni eru því rædd og ákvörðun tekin um fjölda mála á þeim margvíslegu sviðum, sem nefnd voru hér á undan.

Undanfarin ár hefur mjög aukin áhersla verið lögð á stjórn málaumræður í ráðherranefndinni m. a. í því skyni að samræma eftir föngum afstöðu lýðræðisríkja Evrópu til ýmissa alþjóðamála og sérmála Evrópu. Í samræmi við þetta hafa farið fram umræður og víðtæk samráð.

Að undanförunu hafa fjórir vinnuhópar fastafulltrúa starfað að álitsgerðum og drögum að ályktunartillögum — í fyrsta lagi um starfshætti Evrópuráðs, í öðru lagi um hlutverk Evrópuráðs í þróun Evrópu til nánari einingar, í þriðja lagi um mannréttindamál og í fjórða lagi um menningarsamvinnu.

Í framhaldi af álitsgerð eins þessara vinnuhópa hefur ráðherranefndin samþykkt ályktun um hlutverk Evrópuráðsins á stjórn málasviðinu. Í þeirri ályktun segir m. a. að pólitískar umræður í Evrópuráðinu skuli taka mið af eftirfarandi þáttum: Að hafa samráð um alþjóðamál, sem snerta aðildarríkin sameiginlega; að ræða atburði, sem brjóta gróflega í bága við þær meginreglur og hugsjónir, sem stofnunin byggir starfsemi sína á, í því skyni að ná samstöðu um sameiginlega afstöðu til þess háttar atburða; að auðvelda ákvarðanir um viðeigandi aðgerðir til að leysa deilur sem snerta evrópskt samfélag og ógna lýðræðishugsjónum og einingu Evrópu; og loks að aðstoða eftir fremsta megni við lausn vandamála er koma upp milli aðildarríkjanna, í samvinnu við viðkomandi aðila. Í nefndri ályktun er einnig að finna viljayfirlýsingu um aukin samráð milli ráðherranefndarinnar og ráðgjafarþingsins á stjórn málasviðinu um þau mál sem áhugaverð eru fyrir báða aðila.

Ítarlegar umræður hafa farið fram í ráðherranefndinni um að efla samvinnuna milli Evrópuráðsins og Efnahagsbandalags Evrópu í sameiginlegum málaflokkum í því skyni að komast hjá tvíverknadi. Er hér um að ræða samvinnu m. a. á sviði löggjafar, félagsmála og menningar- og menntamála. Gert er ráð fyrir að ályktunartillaga um þetta efni verði lögð fyrir ráðherranefndina í apríl 1985.

Síðla síðastliðins árs samþykkti ráðherranefndin tillögu frá ráðgjafarþinginu um að setja á stofn óháða nefnd valinkunnra Evrópumanna til að leggja mat á og semja álitsgerð um langtíma horfur og möguleika á samvinnu Evrópuríkja.

#### **g. Norðurlandasamvinna.**

Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra fjallaði ég nokkuð um eðli, tilgang og fyrirkomulag norrænnar samvinnu og hinn mikla og fjölpætta árangur sem af henni er orðinn. Er því óþarfi að endurtaka það hér. Íslandsdeild Norðurlandaráðs leggur árlega skýrslu fyrir Alþingi um hið fjölpætta norræna samstarf og þingmenn fá greinargerðir um störf nefndar samstarfsráðherranna fimm.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 4.—8. mars sl. og er þingheimi vafalaust enn í fersku minni. Það var hið 33. í röðinni og verður ótvírætt talið meðal þeirra merkustu vegna þeirra fjölmörgu mikilvægu ákvarðana og samþykktu sem þingið gerði. Ég mun í þessari skýrslu aðeins drepa á þrjár þeirra mikilvægustu: Breytingar á skipulagi norræna samstarfsins, samstarfsáætlun um aukningu hagvaxtar, eflingu atvinnulífs og fjölgun starfa

og stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir vestursvæðið svokallaða, þ. e. Færeyjar, Ísland og Grænland.

Með þeim breytingum, sem samþykktar hafa verið er leitast við að styrkja skipulag norrænnar samvinnu og gera það skilvirkara og ennfremur að bæta umfjöllun norrænna málefna í stjórnkerfum aðildarlandanna. Í samþykktinni felst að almennu fjárlögin og menningarmálafrjálögin verða sameinuð. Enn fremur verða sameinaðar í eina skrifstofu í Kaupmannahöfn þær tvær skrifstofur, sem reknar hafa verið á vegum ráðherranefndarinnar, ein í Osló og önnur í Kaupmannahöfn (menningarmál). Enn fremur er ákveðið að koma á fót iðnþróunarmiðstöð í Osló og flytja Norræna iðnþróunarsjóðinn þangað. Vonir standa til að sameining skrifstofanna muni auðvelda meðferð mála sem spanna fleiri en eitt svið og stuðla að markvissari stjórnun. Eru þessar breytingar raunar taldar forsenda þess að kleift verði að ráðast í þau viðamiklu verkefni, sem samstarfsáætlunin um eflingu hagvaxtar og tryggingu atvinnu felur í sér, en megináttak áætlunarinnar verður að stórefla samgöngur milli Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Til nokkurs jafnvægis við þetta áttak var samþykkt á Norðurlandabínginu í Reykjavík viljayfirlýsing um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Ísland og Grænland. Verður sérstök tillaga gerð um stofnun og markmið sjóðsins sem lögð verður fyrir efnahagsnefnd Norðurlandaráðs til umfjöllunar og er vonast til að sjóðurinn geti tekið til starfa á næsta ári. Þessi samþykkt markar á vissan hátt tímamót í starfsháttum Norðurlandasamvinnunnar.

Tillaga um stofnun norrænnar líftæknistofnunar á Íslandi var reifuð á Norðurlandabínginu og hefur þegar öflugan stuðning. Standa vonir til að hún verði samþykkt á næsta þingi Norðurlandaráðs.

Þær samþykktir, sem ég hef hér dregið á, auk fjölda annarra, sem hér er ekki getið, sýna og sanna að norræn samvinna er síður en svo á undanhaldi heldur er hún áfram að eflast að umfangi og þýðingu. Norræn samvinna er Íslendingum mjög mikilvæg og þátttaka í henni verður áfram einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

#### **Grænland.**

Á undanförunum árum hefur verið unnið að nánari tengslum milli Íslands og Grænlands. Er ég flutti skýrslu mína um utanríkismál á Alþingi í fyrra, höfðu Grænlandingar sagt sig úr Efnahagsbandalagi Evrópu, og jafnframt gert samkomulag við bandalagið um sérstöðu og tollfríðindi gegn fiskveiðiréttindum við Grænland, sem þeir jafnframt fá gjald fyrir. Úrsögnin átti að koma til framkvæmda um áramótin 1984—85, en af formsástæðum frestaðist brottför Grænlands úr bandalaginu um einn mánuð, og varð eigi fyrir en 1. febrúar sl.

Í janúarlök sl. var gengið frá samningi sem kemur í veg fyrir hömlur í viðskiptum Grænlands og Íslands er leitt hefðu af því að þeir njóta ekki lengur beinnar aðildar að gagnkvæmum fríverslunarsamningi Íslands og EBE.

Gert var ráð fyrir, að Jonathan Motzfeldt kæmi í heimsókn til Íslands í júní sl., en af því gat ekki orðið vegna kosninga til grænlenka landsþingsins og nýrrar stjórnarmyndunar. Hins vegar kom landsstjórnarformaðurinn hingað í september s. l. ásamt nokkrum embættismönnum. Áður fór íslensk sendinefnd til Grænlands til að undirbúa viðræður í Reykjavík. Í Reykjavík átti Jonathan Motzfeldt viðtöl við forsætisráðherra og aðra ráðherra og snerust viðræðurnar um möguleika á að efla og styrkja samskipti Íslands og Grænlands. Rætt var fyrst og fremst um mál sem snerta hafið og fiskveiðar, m. a. um möguleika á samvinnu hvað snertir vernd og nýtingu fiskstofna, þróun fiskveiða, eftirlit með veiðum, hafrannsóknir og markaðsmál, en einnig um samgöngumál, viðskiptamál og landbúnað, um Grænlandssjóð og um samskipti á sviði menntamála. — Í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri áttu ýmsir fulltrúar íslensks atvinnulífs kost á að ræða við grænlenku gestina um möguleika á nánari samskiptum.

Í tengslum við fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík var hinn 6. mars sl. haldinn mjög gagnlegur viðræðufundur með forystumönnum Grænlandinga. Til umfjöllunar voru mörg þeirra sameiginlegu hagsmunamála sem áður voru nefnd, m. a. hugmyndir um sameiginlegar fiskirannsóknir við A-Grænland, samgöngumál o. fl. Þá var rætt um loðnumál.

Með það fyrir augum að auðvelda samskipti Íslands og Grænlands var lagt til af Íslands hálfu, að stofnuð yrði samstarfsnefnd Íslendinga og Grænlandinga, er annist milligöngu milli stjórnvalda landanna á sviði efnahagsmála og fyrst og fremst varðandi allt sem snertir fiskveiðar og hafið. Nú er útlit fyrir, að endanlegt samkomulag náist fljótlega um tilhögun þessara mála.

Grænlandingar eru smátt og smátt að taka í sínar hendur stjórn efnahagsmálanna, auk annarra mála, og um sl. áramót náðu þeir stórum áfanga, er þeir tóku við stjórn tveggja mikilvægustu málaflokkanna sem Konunglega Grænlandsverslunin hefur haft með höndum, þ. e. framleiðslu og útflutningsmála. Á því sviði hefur starfað um þriðjungur allra starfsmanna konunglegu verslunarinnar. Grænlandingar munu á næsta ári taka í eigin hendur vörudreifingu og flutninga.

#### **IV. Varnar- og öryggismál.**

Friður og frelsi, sem tryggir sjálfstæði landsins og lýðræði, sem við Íslendingar viljum búa við án afskipta eða yfirgangs annarra, er grundvöllur íslenskrar utanríkis- og öryggisstefnu. Þjóðin hefur í meira en aldarþriðjung haldið fast við þá skoðun, að þessi grundvöllur væri best tryggður með þátttöku okkar í varnarbandalagi vestrænna þjóða og veru varnarliðsins hér á landi.

Lega Íslands frá hernaðarlegu sjónarmiði ræður örlögum þess, ekki síður í dag en á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Á þeirri forsendu verður mótun og framkvæmd íslenskrar varnarstefnu að byggjast. Það er og hefur verið stefna okkar í varnarmálum, að öll starfsemi varnarliðsins miðist við varnir og eftirlit, enda er það í samræmi við varnarsamninginn og stefnu Atlantshafsbandalagsins. Sú aðstaða, sem Bandaríkjunum fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, hefur verið sköpuð héraðs miðast við þetta hlutverk.

##### **Umræður um hlutverk varnarliðsins.**

Umfjöllun um hlutverk varnarliðsins og starfsemi þess hefur verið all ítarleg að undanfögnu. Ég tel, að nauðsynlegt sé, að almenningur hafi ávallt nægilega góðar upplýsingar til þess að geta metið stöðu þessa veigamikla máls. Umræður um varnarmál í öðrum ríkjum tengjast oft afgreiðslu fjárlaga er kveða á um fjárframlög til hernaðarþarfa á ári hverju. Því er ekki fyrir að fara hér á landi og því vill bera við, að umræður verði yfirborðslegar og einkennist oft af upplýsingaskorti. Ráðuneytið hefur að undanfögnu unnið að því að kynna ýmsar hliðar, er snúa að starfsemi varnarliðsins. Má þar nefna skýrslu um athugun á endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins og kynningarfundum tengda þeirri athugun, ítarlega skýrslu um starfsemi verktakafyrirtækja á varnarsvæðum, sem gefin var út í apríl 1984, og þá viðleitni, að skýra fyrirfram frá breytingum á búnaði varnarliðsins, svo sem þeirri endurnýjun á orrustuvélum, sem fram munu fara á þessu ári. Ég mun stefna að því, að efla slíka upplýsingastarfsemi, en það er ekki hægt að gera að neinu ráði nema með auknu starfslíði. Vert er í þessu sambandi að vekja athygli á frumkvæði öryggismálanefndar um útgáfu á skýrslu Gunnars Gunnarssonar um áætlanir og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem nýlega hefur birst.



### **Þekking á varnar- og öryggismálum — Varnarmálaskrifstofa.**

Í því skyni að öðlast betri yfirsýn og meiri þekkingu á varnar- og öryggismálum hefur ráðuneytið undanfarið lagt áherslu á að efla tengsl við hermálafirvöld bandalagsins í Brussel og Norfolk, svo og nágrannabjóðir okkar. Í maí sl. hóf Ísland þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Fyrir nokkru var haldinn viðræðufundur í London með fulltrúum bresku utanríkis- og varnarmálaráðuneytanna, þar sem skipst var á skoðunum um stöðu mála á Norður-Atlantshafi. Aflað hefur verið upplýsinga frá Norðmönnum vegna ratsjarmálsins og viðræður hafa átt sér stað við starfsmenn Atlantshafsbandalagsins um ýmsa þætti þessa sama máls.

Gagnvart Bandaríkjamönnum og Atlantshafsbandalaginu hefur verið lögð rík áhersla á, að íslensk stjórnvöld fái ávallt upplýsingar um hernaðarstöðu landsins og ekki sé hafist handa um neinar áætlanir, er snerta varnarstöðu þess, án samráðs við okkur. Við viljum og verðum að vera virkir þátttakendur í varnarsamvinnu bandalagsins á öllum stigum mála.

Í skýrslu minni til Alþingis um utanríkismál á sl. ári gat ég þess að athugun stæði yfir á því, hvernig heppilegasta tilhögun yrði á eflingu varnarmáladeildar, bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum utanríkisráðuneytisins verði ávallt til staðar fullnægjandi þekking á varnar- og öryggismálum. Í því skyni að framfylgja þessu markmiði hef ég ákveðið þá breytingu á varnarmáladeild, að framvegis verður starfssvið hennar aukið í áföngum, m. a. með ráðningu sérfræðinga með herfræðilega og hertæknilega reynslu og menntun. Varnarmáladeild mun framvegis verða sérstök skrifstofa í utanríkisráðuneytinu. Verða verkefni varnarmálaskrifstofunnar þessi:

- a) Málefni, er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951;
- b) Herfræðileg og hertæknileg málefni, er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum, þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna;
- c) Þátttaka í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Samstarf við varnarliðið og yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi (ACLANT) um gerð áætlana varðandi varnir Íslands. Samskipti við varnarmálaráðuneyti ríkja Atlantshafsbandalagsins og annarra ríkja eftir ákvörðun utanríkisráðherra;
- d) Skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórnina;
- e) Samstarf við almannavarnaráð og landhelgisgæslu;
- f) Yfirstjórn mála á varnarsvæðunum og þeirra ríkisstofnana, sem starfa á eða eru í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra, sbr. lög nr. 106/1954 sbr. auglýsingu nr. 96/1969;
- g) Eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum, er starfa á varnarsvæðum. Samskipti við nágrannasveitarfélög, sem eru í nábýli við varnarsvæðin, og stofnanir og aðila, er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins.

### **Eðli varnarstöðvarinnar.**

Varnarliðið er hér til varnar landinu og svæðunum umhverfis það í samræmi við óskir okkar sjálfra. Eftirlitsstarfið, sem varnarliðið innir af hendi, er grundvallarforsenda þess, að ávallt verði hægt að greina aukningu á herstyrk Sovétríkjanna í námunda við Ísland, þannig að Atlantshafsbandalagið geti brugðist við með viðeigandi hætti. Eðli varnarstöðvarinnar hefur ekki breyst, þrátt fyrir umfangsmikla endurnýjun og endurbætur, er hófust snemma á þessum áratug. Endurbætur þessar eru nauðsynlegar eigi varnarstöðin að geta sinnt varnar- og eftirlitshlutverki sínu, en það grundvallast annars vegar á loftvörnum og hins vegar á kafbáta- og skipaefirliti.

Horfast verður í augu við þá staðreynd, að uppbygging sovésks herafla á Kola-skaga,

sem hófst að verulegu leyti snemma á sjöunda áratugnum meðan slökunarstefnan stóð yfir, hefur verið stöðug og markviss. Í skýrslu norska herforingjaráðsins, sem birt var í janúar sl., er gerð úttekt á hernaðaruppbyggingu Sovétríkjanna á norðurslóðum sl. 20 ár. Komist er að þeirri niðurstöðu, að hún hafi verið mjög mikil og er ekki síst vakin athygli á framförum í herbúnaði. Til að mynda hefur fjöldi stærri sovéskra herskipa Norðurflotans aukist úr 50 í 90 á þessu tímabili, þar af hefur beitiskipum fjölgað úr þrem í tólf. Kafbátum búnum langdrægum eldflaugum hefur fjölgað úr 26 í 39 og kafbátum, er hafa innanborðs meðaldrægar eldflaugar, hefur fjölgað úr 19 í 31. Samtals er talið, að Sovétmenn hafi um 180 kafbáta í Norðurflotanum.

Fyrir okkur Íslendinga eru þær framfarir, sem orðið hafa á tæknibúnaði sovéskra herflugvéla áhyggjuefni. Eldri meðaldrægar sprengjuflugvélar hafa verið útbúnar stýri-flaugum, nýjar langdrægar sprengjuflugvélar, sem eru hljóðfráar og nefnast Backfire, hafa verið teknar í notkun og innan nokkurra ára mun enn fullkomnari sprengjuflugvél, sem nefnist Blackjack, bætast við flugflota Sovétmanna.

### **Loftvarnaþáttur.**


Sérhverju ríki stafar ógn af flugi óþekktara herflugvéla í námunda við lofthelgi þess, nema viðhlítandi gagnráðstafanir séu fyrir hendi hverju sinni. Hlutverk varnarliðsins hefur verið að greina allar óþekktar flugvélar, er koma inn á eftirlitssvæði þess, fylgjast með þeim og hafa tiltækan varnarbúnað, ef eitthvað skyldi út af bregða. Eftirlitssvæði varnarliðsins nær í u. þ. b. 140 sjómflur út frá ströndum landsins, sbr. fyrri mynd, sem sýnir bæði eftirlitssvæðið og áætlað sjónsvið fjögurra ratsjárstöðva í 13.000 feta hæð. Til þess að inna þetta hlutverk af hendi hefur varnarliðið á að skipa 12 orrustuvélum, af gerðinni F-4E Phantom, tveimur AWACS ratsjárnélum, einni eldsneytisflutningavél af gerðinni KC-135, og tveimur ratsjárstöðvum, annars vegar á Miðnesheiði og hins vegar á Stokksnesi.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í langdrægum sprengjuflugvélum og stýri-flaugum Sovétríkjanna, hefur verið talið nauðsynlegt að efla loftvarnir Íslands og svæðanna umhverfis landið. Síðar á þessu ári eru væntanlegar 18 orrustuvélar af gerðinni F-15, sem munu taka við hlutverki Phantom-vélanna. Nýju vélarnar hafa aukið flugþol, sem gerir það að verkum, að auðveldara verður m. a. að senda þær inn á norðausturhluta eftirlitssvæðisins án eldsneytisbirgðavélarinnar. Verið er að ljúka byggingu nýu styrktra flugskýla, sem munu hýsa F-15 orrustuvélarnar og samþykkt hefur verið bygging fjögurra skýla til viðbótar.

Þar eð ekkert ratsjárefirlit úr landi er fyrir hendi út frá Norðurlandi, og AWACS vélarnar tvær geta ekki verið á lofti allan sólarhringinn, hefur verið til athugunar að byggja tvær nýjar ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi, endurnýja búnað núverandi ratsjárstöðva á Miðnesheiði og Stokksnesi, sem er orðinn úreltur, og setja upp eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli, sem tæki við upplýsingum frá öllum fjórum ratsjárstöðvum. Loftvarnarhlutverk varnarliðsins mun ekki breytast vegna slíkrar endurnýjunar ratsjár- og eftirlitskerfisins, en því yrði gegnt á fullkomnari hátt en nú er unnt. Stöðvarnar yrðu búnar langdrægum flugeftirlitsratsjám, sem næðu til allt að 200 sjómílna svæðis frá hverri stöð og samsvaraði sjónsvið þeirra nokkurn veginn efnahagslögsögu okkar Íslendinga. Aukið sjónsvið ratsjárkerfisins gæfi varnarliðinu meiri tíma til viðbragðs og úthaldsbetri orrustuvélar tryggðu viðbragðsgetuna. Ljóst er því, að endurbætur þessar mundu bæta mjög loftvarnir Íslands sem full þörf er á í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur á vopnabúnaði Sovétríkjanna.

Áætlað er, að um 11 menn þurfi til að sjá um rekstur hvernar ratsjárstöðvar, og yrði þar um íslenska starfsmenn að ræða. Þar eð eftirlit flyttist í eftirlitsstöðina í Keflavík yrði um verulega fækkun varnarliðsmanna á Stokksnesi og á Miðnesheiði að ræða.


Sérstök afnot íslenskra aðila af ratstjárstöðvunum yrðu einkum vegna flugumferðarstjórnar og eftirlits með skipaumferð í grennd við stöðvarnar, en einnig mundu þær veita



veðurupplýsingar. Veita mætti fullkomna flugumferðarþjónustu fyrir millilandaflug og innanlandsflug í algengustu flughæðum og í mörgum tilfellum mætti nota ratsjárnar til að fylgjast með aðflugi að flugvöllum í grennd við stöðvarnar. Sérstakar skiparatsjár, sem komið yrði upp á stöðvunum, gæfu kost á að fylgjast með siglingum allt að 60 sjómílar á haf út. Upplýsingar frá ratsjámum mundu því auka mjög öryggi í lofti og á legi. Áætlað er, að rekstur ratsjárstöðvanna gæti hafist árið 1987 með bráðabirgðabúnaði, sem Bandaríkjamenn legðu til. Endanlegum búnaði, sem Atlantshafsbandalagið kostaði, yrði komið fyrir tveim árum síðar. Íslensk stjórnvöld og íslenskir tæknimenn tækju virkan þátt í framkvæmdum á öllum stigum. Hönnun mannvirkja og búnaðar yrði í samræmi við íslenska staðla og yrði tekið mið af aðstæðum hér á landi. Varðandi frekari upplýsingar um ratsjárstöðvarnar vísast til ítarlegrar skýrslu, sem varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins sendi frá sér í lok sl. árs.

#### **Kafbáta- og skipaefirlit.**

Kafbáta og skipaefirlit úr lofti hefur verið rekið af varnarliðinu frá Keflavíkurflugvelli síðan það kom til landsins 1951. Núverandi flugvélakostur, vélar af gerðinni Orion P-3C, hefur verið hérlendis síðan 1969 og er ein flugsveit með níu flugvélar staðsett hér í 5 mánuði í senn. Náin samskipti eru við bandalagsþjóðir okkar í Evrópu um kafbátaleit á Norður-Atlantshafi. Daglega taka kafbátaleitarvélar frá Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Kanada,



Noregi og Þýskalandi þátt í þessu eftirliti og skipta með sér leit á afmörkuðum svæðum, sem breytt er dag frá degi. Seinni mynd sýnir dæmi um slík svæði. Vélar frá þessum þjóðum hafa oft nokkurra daga viðkomu á Keflavíkurflugvelli og taka þá þátt í eftirlits- og æfingaflogi varnarliðsins. Er þetta gott dæmi um nána varnarsamvinnu og upplýsingaskipti, sem eiga sér stað innan Atlantshafsbandalagsins.

Í þessu sambandi hefur verið til athugunar hjá utanríkisráðuneytinu erindi Hollendinga um að fá heimild til þess að staðsetja á Keflavíkurflugvelli eina kaþbátaleitarvél af sams konar gerð og varnarliðið hefur nú til umráða. Áhugi Hollendinga byggist fyrst og fremst á því, að fá tækifæri til þess að æfa hollenskar áhafnir í eftirlitsstörfum á Norður-Atlantshafi í þágu sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Fjöldi Hollendinga yrði um 30, þ.m. talið bæði áhöfn og starfsmenn til þess að annast viðhald vélarinnar, en dvalartími yrði einn til tveir mánuðir í senn. Ekki yrði um fjölgun í varnarliðinu að ræða, þar sem bandarískum vélum og starfslíði fækkaði samsvarandi.

Kaþbátaleit neðansjár með svonefndu SOSUS-hlustunarkerfi hefur verið starfrækt á Norður-Atlantshafssvæðinu um langt árabíl. Hérlendis hefur verið rekin eftirlitsstöð í þessu skyni í tæp 20 ár. Þetta kerfi er, ásamt upplýsingum frá kaþbátaleitarflugvélum, mikilsverður þáttur í því, að Atlantshafsbandalagsríkin hafi fullnægjandi upplýsingar um ferðir sovéskra kaþbáta á hverjum tíma. Á átaka- eða hættutímum yrði það eitt meginhlutverk sovéskra kaþbáta að rjúfa siglingar um Atlantshaf milli Norður-Ameríku og Evrópu. Því er brýnt að hafa eftirlit með kaþbátum Sovétmanna, og ekki síst eldflaugakaþbátum þeirra, sem ógnað geta þjóðum Atlantshafsbandalagsins beggja vegna hafsins.

### **Hlutverk landhelgisgæslunnar.**

Ég lét þá skoðun í ljós í síðustu skýrslu minni, að kanna þyrfti gaumgæfilega hlutverk landhelgisgæslunnar í eftirlitsstarfi umhverfis Ísland, og hvort ekki væri rétt að koma á verkefnaskiptingu, er gæti stuðlað að mun nákvæmari upplýsingaöflun um skipaferðir nálægt landinu en nú er fyrir hendi. Ég tel brýnt, að lagt verði út í slíka athugun á hlutverki gæslunnar. Hún hefur á að skipa þrem varðskipum, sem í dag eru e. t. v. ekki fullnýtt vegna fjárskorts.

Samkvæmt lögum hefur landhelgisgæslan m. a. það verkefni, að fjarlægja eða gera skaðlaus tundurdufl. Það er mat hermálasérfræðinga Atlantshafsbandalagsins, að það ástand gæti skapast á átakatímum og jafnvel fyrir átök, að tundurduflatálmunum yrði komið fyrir undan ströndum landsins og jafnvel inni á flóum og fjörðum. Enda þótt liðsauki frá Atlantshafsbandalaginu yrði sendur til Íslands til að fjarlægja slíkar tálmanir er ljóst, að hér gæti verið um mjög yfirgripsmikið verkefni að ræða. Því er brýnt, að landhelgisgæslan hafi yfir að búa þeirri þekkingu og hafi á hendi þá stjórnun, að hægt sé að nýta bæði skip gæslunnar og fiskiskip eftir atvikum og þörfum. Landhelgisgæslan hefur um nokkurt skeið unnið að því að kanna þessi mál nánar í samvinnu við varnarmáladeild. Sóttir hafa verið fundir og námsskeið Atlantshafsbandalagsins í þessu skyni, og fyrirhugað er að halda þessari athugun áfram. M. a. hafa Norðmenn boðist til þess að halda sérstakt námskeið á þessu sviði fyrir landhelgisgæsluna.

### **Helguvík.**

Lokið verður á þessu ári við fyrsta áfanga olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík, samtals 30.000 m<sup>3</sup> birgðarými og leiðslu til Keflavíkurflugvallar. Í sumar verður hafist handa við 2. áfanga, sem er gerð hafnarmannvirkja og á þeim áfanga að vera lokið 1988. Sömuleiðis verður hafist handa við 3. áfanga A, birgðarými, er nemur samtals 19.000 m<sup>3</sup>.

Eldra birgðarýmið á Keflavíkur-Njarðvíkursvæðinu, sem tekið verður úr notkun í áföngum, nemur alls 65.000 m<sup>3</sup>, en til viðbótar hefur varnarliðið birgðarými í Hvalfirði, sem nemur 47.000 m<sup>3</sup>. Því er heildarbirgðarými varnarliðsins í dag 112.000 m<sup>3</sup>, en áætlað er, að birgðarými olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík að meðtöldum þjónustugeymum á Keflavíkurflugvelli verði samtals 186.000 m<sup>3</sup> eða 66% aukning. Þegar framkvæmdum í Helguvík er að fullu lokið verður ekki þörf fyrir birgðarými varnarliðsins í Hvalfirði, en þar er einnig birgðarými fyrir skip Atlantshafsbandalagsins, er nemur 96.000 m<sup>3</sup>. Samanlagt mun því birgðarými í Hvalfirði og Helguvík nema 282.000 m<sup>3</sup> í lok Helguvíkurframkvæmda, en er í dag 208.000 m<sup>3</sup>. Heildaraukning er því 74.000 m<sup>3</sup>, eða liðlega 35%.

Fullyrt hefur verið, að með aukningu birgðarýmis í Helguvík væri ætlunin að breyta eðli varnarstöðvarinnar og skapa m. a. aðstöðu fyrir langdrægar sprengjuflugvélar bandaríska flughersins (SAC). Þetta er rangt, enda mundu íslensk stjórnvöld ekki samþykkja slíka breytingu á eðli varnarstöðvarinnar. Í umræðum um framkvæmdir í Helguvík sem fram fóru í bandaríska þinginu í mars 1984 kom skýrt fram, að engin áætlun væri fyrir hendi um, að langdrægar sprengjuflugvélar bandaríska flughersins hefðu afnot af Keflavíkurflugvelli eða fengu eldsneyti frá olíubirgðastöðinni í Helguvík beint eða óbeint.

Með framkvæmdum í Helguvík er verið að sameina á eitt svæði eldsneytisbirgðarými varnarliðsins; leggja niður selflutninga eldsneytis frá Hvalfirði til Keflavíkur; taka úr notkun gamla geyma, sem eru að mestu leyti óvarðir, geta valdið mengun og eru fyrir skipulagi, og að lokum og ekki síst að auka birgðarými varnarliðsins í samræmi við áætlanir um hve langan tíma þyrfti til að endurnýja þær birgðir, sem fyrir hendi eru ef til átaka drægi.

### **Stjórnstöð.**

Áform eru fyrir hendi um byggingu styrktrar stjórnstöðvar í stað núverandi, sem er í járngrindarhúsi með mjög ófullkominni aðstöðu að öllu leyti. Staðhæft hefur verið að stjórnstöðinni yrði komið fyrir neðanjarðar, hún væri gerð til að þola kjarnavopn. Hið rétta er, að hér er um að ræða tveggja hæða byggingu, gluggalausa, sem er hönnuð til að hýsa ýmsa stjórnunarþætti, er verið hafa til staðar á Keflavíkurflugvelli frá því að varnarliðið kom fyrst til landsins. Endurnýjun stöðvarinnar hefur því ekki í för með sér neina eðlisbreytingu á þeirri stjórnunarstarfsemi, sem Bandaríkin reka til varnar Íslandi og svæðunum umhverfis landið. Byggingin á að vera útbúin sérstökum hreinsiútbúnaði vegna hugsanlegrar mengunar frá efnavopnum og á þannig að geta hýst starfsmenn þess í allt að eina viku. Slíkt er í samræmi við NATO-staðla, enda byggingin að miklu leyti greidd af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins úr þeim verkefnaflokki sjóðsins, sem greiðir kostnað við flugvelli og flugvallarmannvirki. Viss hætta er talin vera til staðar, að slík vopn kynnu að verða notuð, ef árásir yrðu gerðar á bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins. Því er ekki um neina sérstöðu að ræða hvað Ísland varðar í þessum efnun. Væntanlega yrði hafist handa um byggingu stöðvarinnar á næsta ári.

### **Verktakastarfsemi fyrir varnarliðið.**

Ég lagði fyrir Alþingi á sl. vori skýrslu um verktakastarfsemi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka, sem annast nýbyggingar og viðhaldsverkefni fyrir varnarliðið. Í skýrslunni var rakinn aðdragandi að stofnun þessara fyrirtækja, upplýsingar gefnar um fjárhagslega afkomu, verkefnamagn og birtur listi yfir eigendur. Jafnframt var í skýrslunni lýst því viðhorfi mínu, að hvorki væri heppilegt né hagkvæmt að fjölga beinum viðsemjendum varnarliðsins frá því sem nú er. Hins vegar væri ástæða til þess að opna fyrir þá möguleika, að nýir verktakar hefðu aðstöðu til að taka að sér verkefni í auknum mæli og á sama grundvelli og félögin, er tengjast Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum. Þá væri einnig rétt að kanna ítarlega skilyrði þess, að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er. Í því skyni að kanna þetta nánar var sett á laggirnar samstarfsnefnd með aðild beggja verktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins. Í störfum nefndarinnar hefur verið leitast við í fyrsta lagi að upplýsingum um verkefni, sem fram undan eru hjá Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum og í öðru lagi, að undirbúa grundvöll fyrir þátttöku undirverktaka í vissum framkvæmdum. Á þessu stigi stendur yfir athugun á því, að opna fyrir undirverktöku við hafnargerðina í Helguvík.

Í skýrslu minni var jafnframt vikið að nauðsynlegri úttekt á tollafgreiðslu til verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli í því skyni að einfalda afgreiðsluhætti. Þessi úttekt hefur staðið yfir í vetur og er framkvæmd af Lögmonnum í Ármúla 3, sem hafa sérfræðilega þekkingu á tollamálum. Henni lýkur á næstunni.

### **Nýframkvæmdir.**

Upphæð nýframkvæmda, sem samþykktar voru af íslenskum stjórnvöldum í nóvember s. l., nam alls 89.9 millj. dollara. Hér er um að ræða áætlaðan heildarkostnað ýmissa verkefna til margra ára og ber þar hæst hafnargerð í Helguvík, sem er þriggja ára verkefni, og greiðist til helminga af Bandaríkjunum og mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Af öðrum verkefnum má nefna fjögur styrkt flugskýli, 19 þúsund rúmmetra birgðarými í Helguvík, viðbótarráfstöð fyrir varnarliðið, leikfimiðhús við núverandi gagnfræðaskóla varnarliðsins, tvær þjónustubyggingar á nýju athafnasvæði orrustuflugvéla, íbúðarhús fyrir einstaklinga og tækjageymslu.

Verkefnamagn Íslenskra aðalverktaka, sem samanstendur af óloknum framkvæmdum

frá fyrri árum og byrjunarframkvæmdum á framangreindum verkefnum er áætlað að verði á þessu ári 27.7 millj. dollara. Til samanburðar námu heildarframkvæmdir Íslenskra aðalverktaka undanfarin ár: 1981 17.2 millj., 1982 35.2 millj., 1983 41.5 millj. og 1984 34.5 millj. (áætlað). Verkefnamagn Keflavíkurverktaka, sem sjá að mestu leyti um venjubundið viðhald á mannvirkjum varnarliðsins, mun væntanlega verða um 9 millj. dollara. Undanfarin 4 ár hafa Keflavíkurverktakar unnið að viðhaldsframkvæmdum fyrir 8—11.5 millj. dollara á ári.

#### **Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins.**

Á síðustu árum hafa ýmsar stærri framkvæmdir varnarliðsins verið greiddar að mestu leyti eða að hluta úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Ég tel nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á hugsanlegri aðild Íslands að sjóðnum, hvaða réttindi og skyldur fylgja slíkri aðild, hver yrði bein kostnaðarhlutdeild og hvaða óbeinna kostnaðarþátta þyrfti að taka tillit til. Með aðild að sjóðnum tekur viðkomandi ríki að sér alla hönnunarþætti þeirra verkefna, sem ráðist er í, og stjórn á öllum þeim framkvæmdum, sem ákveðið er af viðkomandi ríki og Atlantshafsbandalaginu að leggja út í.

#### **Fjöldi varnarliðsmanna og íslenskra starfsmanna.**

Fjöldi varnarliðsmanna var um s. l. áramót alls 3.057. Í skylduliði varnarliðsmanna voru samtals 2.045 manns, þar af 1230 börn.

Samtals störfuðu 2.282 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót. Alls voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1.069, þar af 22 í ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka voru 480 og starfsmenn Keflavíkurverktaka voru 144.

#### **Ný flugstöð. Flugumferð.**

Jarðvegsframkvæmdum við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sem hófst haustið 1983, lauk í júní 1984. Nú er unnið að öðrum áfanga byggingarinnar, sem gerir ráð fyrir, að uppsteypu hennar verði lokið fyrir 1. júní n. k. og að hún verði orðin fokheld með gleri og frágengnu þaki fyrir 1. október n. k. Sex tilboð bárust í þennan áfanga og var lægsta tilboði, frá Ístaki h. f., tekið. Þessar framkvæmdir ganga allar samkvæmt áætlun. Á árinu var á grundvelli útboðs jafnframt gengið frá kaupum á gler- og burðarvirki frá Bandaríkjunum og verður ísetningu lokið fyrir 1. október n. k. Þá voru í nóvember s.l. opnuð tilboð í gerð vatnsveitu og skolplagna vegna flugstöðvar og athafnasvæðis hennar. Ellefu tilboð bárust í verkið og var lægsta tilboðinu, frá Hagvirki h. f., tekið. Áætlað er, að þessari framkvæmd ljúki fyrir 1. september n. k. Að ofangreindum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli starfa nú að jafnaði 80 til 90 manns.

Á árinu 1984 fór um hálf milljón farþega um Keflavíkurflugvöll. Brottfararfarþegar voru samtals 165.276 eða um 13% fleiri en árið áður. Til landsins komu 168.470 manns, eða um 16% fleiri en í fyrra. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 170.435 á móti 165.698 árið áður eða aðeins 3% aukning milli ára, sem stafar m.a. af því, að meðan verkfall opinberra starfsmanna stóð yfir í október 1984 höfðu flugvélar Flugleiða í Atlantshafsflugi með alls 14.350 farþega ekki viðkomu á Keflavíkurflugvelli. Þegar á heildina er litið voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll mun meiri á árinu 1984 heldur en umferðarspá gerði ráð fyrir. Í viðmiðunarspá, sem höfð er til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, er gert ráð fyrir 6% meðaltalshækkun milli ára.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1984 58.3 millj. króna, þar af voru lendingargjöld 49.7 millj. króna. Hagnaður á árinu nam tæplega 31 millj. króna, en var tæplega 16 millj. króna árið 1983.

### **Fríhöfnin.**

Heildarvelta Fríhafnarinnar var á árinu 1984 alls 248,4 millj. króna, og nam hagnaðurinn af rekstri hennar 93 millj. króna. Skil í ríkissjóð voru 100 millj. króna.

Ég er á þeirri skoðun, að fríhöfnin sé eitt þeirra fyrirtækja sem eðlilegt væri, að rekið yrði af einkafyrirtæki, enda eru fríhafnir á Norðurlöndum og víðast hvar annars staðar í Evrópu í einkarekstri, en ríkissjóðir viðkomandi landa hafa af þeim verulegar tekjur í formi leigugjalda og aðstöðugjalda. Verði ákveðið, að fenginni lagaheimild, að bjóða út rekstur fríhafnarinnar, yrði fyrirhugaður útboðsgrundvöllur þannig, að væntanlegur leigutaki greiði leigugjald, sem myndi ákvarðast annars vegar sem lágmarksgreiðsla á ári, og hins vegar sem árlegt hlutfall af veltu fyrirtækisins, og yrði greidd sú upphæð sem hærrí reyndist. Með slíku fyrirkomulagi yrði hlutur ríkissjóðs tryggður.

### **Ýmis rekstur.**

Rekstrarskostnaður lögregluembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 50.7 millj. króna árið 1984. Heildarinnheimta embættisins var 158 millj. króna og innheimtust liðlega 99% af því sem til innheimtu kom. Hjá embættinu starfa 74 fastráðnir starfsmenn, þar af 7 við yfirstjórn, 29 í tollgæslu og 38 í lögreglu. Á árinu var gerð gangskör að því að endurskipuleggja þjálfun lögreglunnar, bæði með upprifjunarnámskeiði á vegum Lögreglu-skóla ríkisins og reglubundinni þrekþjálfun liðsins.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1984 41.8 millj. króna án söluskatts. Rekstrarhagnaður var 13 millj. króna. Skil í ríkissjóð námu samtals 7.6 millj. króna. Alls var álagður söluskattur 9.1 millj. króna og var því samtals skilað í ríkissjóð 16.7 millj. króna.

## **V. Hafréttarmál.**

Hafréttarmálin eru nú sem fyrr málaflokkur þar sem brýna nauðsyn ber til að staðið sé á verði um hagsmuni Íslands.

Af þeim vettvangi vil ég nú taka eftirfarandi fram:

### **Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.**

Þingsályktunartillaga um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna mun innan skamms verða lögð fyrir Alþingi og er það von ríkisstjórnarinnar að unnt verði að fullgilda samninginn sem allra fyrst.

Fylgst hefur verið með starfi nefndar sem vinnur samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunnar að undirbúningi starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómsins.

### **Hafsbotns málefni.**

Í marsmánuði 1983 samþykkti Alþingi þingsályktanir annars vegar um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri og hins vegar á Reykjanes hrygg. Í þeirri fyrri var ályktað að fela ríkisstjórninni „að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Bretana og Íra um yferráð Hatton-Rockall-hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans“, og hinni síðari „að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjanes hrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ eru ályktanir þessar í samræmi við fyrri afstöðu þingsins til þessa efnis. Hefur að undanförunni verið staðfastlega unnið að framkvæmd þessarar stefnu, enda er hér einnig um að ræða eitt af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar við myndun hennar.

Hinn 5. júlí sl. var Dönur/Færeyingum, Bretum og Írum afhent til kynningar



greinargerð varðandi afmörkun íslenska landgrunnsins suður af landinu. Jafnframt var því lýst yfir að íslensk stjórnvöld teldu eðlilegt að fulltrúar þessara ríkja ræddust við um sameiginlega hagsmuni og ágreining er varðar réttindi á Hatton-Rockallsvæðinu og gerð yrði tilraun til að ná samkomulagi um sameiginlega nýtingu svæðisins og skiptingu afraksturs auðlinda hafsbotnsins. Fyrstu viðbrögð Íra og Breta í ágúst og nóv./des. sl. hafa verið að andmæla þeim grundvelli sem réttindakröfur Íslands eru byggðar á og hafa þeir með því einnig hafnað formlegum viðræðum á grundvelli krafanna. Er raunar ágreiningur milli Breta og Íra innbyrðis um réttindi á þessu svæði sem þeir hafa haft í hyggju að láta gerðardóm skera úr en undirbúningur undir störf gerðardómsins dregist á langinn. Af hálfu Dana/Færeyinga hafa komið fram sérstök sjónarmið varðandi afmörkun landgrunns Færeyja. Mun áfram verða unnið að málinu m. a. er með hliðsjón af ályktunum Alþingis ákveðinn á næstunni viðræðufundur með Dönum/Færeyingum. Náin samráð hafa verið og verða höfð um mál þetta við utanríkismálanefnd en þar ríkir samstaða um málið og formaður hennar, Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur verið öflugur talsmaður hagsmuna Íslands á opinberum vettvangi hér og erlendis.

#### **Hvalveiðimál.**

Á ársfundi alþjóðahvalveiðiráðsins í Buenos Aires 1984 voru eftirfarandi aflamörk ákveðin fyrir hvalveiðivertíð 1985: 161 langreyð, 38 sandreyðar (eftirstöðvar af sex ára aflamarki 504 hvalir), 242 hrefnur (sameiginlegar veiðar á hafssvæðinu við A-Grænland, Ísland og Jan Mayen).

Komandi hvalveiðivertíð er síðasta reglulega vertíðin hér við land fyrir hvalveiðibann samkvæmt ákvörðun hvalveiðiráðsins. Endurskoðun á áhrifum stöðvunarinnar skal fara fram eigi síðar en árið 1990 og munu íslensk stjórnvöld stuðla að upplýsingaöflun í því sambandi.

Hvalveiðimálin hafa verið til ítarlegrar meðferðar í sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun og rædd í utanríkismálanefnd. Mun verða gerð sérstök grein fyrir hvalveiðimálum þegar tímabært þykir.

#### **Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).**

Fyrsti ársfundur laxverndunarstofnunarinnar var haldinn í Edinborg 22.—25. maí 1984. Aðilar að stofnuninni eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk f.h. Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Finnland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Spánn hefur einnig sótt um aðild. Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur er forseti stofnunarinnar.

Á ársfundinum lagði íslenska sendinefndin fram í Norðaustur-Atlantshafsnefnd stofnunarinnar ályktun Alþingis frá 14. mars 1983 sem hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinu í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans, og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi.

Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í ályktuninni gerði íslenska sendinefndin tillögu í nefndinni um laxveiðibann utan 12 sjómílna og bann við notkun reknetna. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Þess í stað var samþykkt stjórnunaraðgerð um veiðar Færeyinga sem gerir ráð fyrir að afli þeirra fari ekki yfir 625 lestir.

Ekki hafði tekist að ná samkomulagi meðal upprunaríkja laxastofnsins sem Færeyingar veiða um sameiginlega stefnu gagnvart þeim veiðum. Þessi staða kann að breytast eftir að stofnunin hefur komist yfir byrjunarörðugleika. Ennfremur hefur afstaða Efnahagsbandalags Evrópu til þessara mála breyst eftir útgöngu Grænlands úr bandalaginu.

Á maí-fundi Vestur-Grænlandsnefndar stofnunarinnar tókst ekki að ná samkomulagi um að draga úr veiðum Grænlandinga, þrátt fyrir það að óbyggjandi vísindalegar upplýsingar gæfu til kynna að um brýna þörf væri að ræða. En á framhaldsfundi nefndarinnar í júlí 1984 varð samkomulag um verulega lækkun leyfilegs hámarksafla við Vestur-Grænland, í 870 lestir.

Upprunaríkin hefðu kosið að aflamarkið væri sett lægra enda sýndu veiðarnar, sem urðu langt undir leyfðu marki, báglegt ástand stofnsins. Það var þó mat þátttakenda að þessi niðurstaða og hin yfirvegaða málsmeðferð á fundinum væri upphaf að árangursríkara starfi stofnunarinnar.

#### **Veiðar annarra þjóða við Ísland.**

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Heimildin var frá upphafi, við lausn ágreinings vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í september 1972, bundin við tiltekin skip og þeim hefur farið fækkandi og eru nú aðeins 6 talsins. Leyfilegur hámarksafla belgísku skipanna er 4400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%. Afli belgískra skipa á árinu 1984 var 1368 lestir, þar af þorskur 188 lestir.

Samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 hafa Færeyingar leyfi til að veiða hér við land allt að 17000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1984 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 8500 lestir, þar af allt að 2000 lestir þorsks, og var sú heimild nýtt að fullu. Nú á árinu 1985 hefur verið veitt heimild fyrir helmingi þess magns en gert er ráð fyrir að áður en lýkur verði leyft heildarmagn það sama og á sl. ári. Samkomulag var einnig gert í mars 1984 um gagnkvæm réttindi til veiða á 30 000 lestum kolmunna á árinu 1984 en íslenskum skipum var leyft að veiða allt að 5000 lestir makríls í stað sama magns af kolmunna. Engar veiðar fóru fram samkvæmt þessu samkomulagi.

Loks hafa Norðmenn samkvæmt samkomulagi frá 1976 heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Afli á árinu 1984 var ákveðinn 1000 lestir, þó þannig að þorskafla mætti ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Fallið var frá uppsögn samkomulagsins af Íslands hálfu en þess í stað var í júní sl. gerður samningur við Noreg um veiðar Íslendinga í norskri lögsögu. Norðmenn veiddu á árinu 1984 704 lestir við Ísland, þar af 91 lest þorsks.

#### **Skipting loðnuveiða.**

Um alllangt skeið hefur verið reynt að ná þrífliða samkomulagi um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum milli Íslendinga, Norðmanna og Grænlandinga, þ. e. til síðustu áramóta Efnahagsbandalags Evrópu. Í maí 1983 var lögð fram skýrsla vísindamanna aðilanna þriggja þar sem talið var að álíta bæri 73—86% loðnustofnsins tilheyrja íslensku lögsögunni en 14—27% Jan Mayen og Grænlandssvæðunum. Ekki var tekin afstaða til skiptingar þess hluta sem talinn var utan okkar lögsögu milli hinna svæðanna tveggja. Kröfugerðir viðsemjenda okkar hafa verið verulega meiri en við höfum talið edlilegt og sanngjarnt með tilliti til hins vísindalega álits varðandi dreifinguna og annarra málavaxta, m. a. hvað íslensk efnahagsafkoma er háð loðnuveiðunum. Alvarlegur ágreiningur reis um veiðar þessar á sl. sumri og er nú af Íslands hálfu lögð mikil áhersla á að lausn, a. m. k. til bráðabirgða, fáiist fyrir upphaf sumarvertíðar í ár. Það hefur torveldað úrlausn málsins að ágreiningur Norðmanna og Dana/Grænlandinga um lögsögumörkin milli Jan Mayen og Grænlands er áfram óútkljáður.

### **Fiskveiðar Íslendinga í lögsögu annarra ríkja.**

Í framhaldi af athugun á fiskveiðimöguleikum Íslendinga í bandarískri lögsögu var í september sl. undirritaður samningur við Bandaríkin um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna. Samningurinn öðlaðist gildi í nóvember sl. og eru nú til athugunar umsóknir um heimildir til fiskveiða eða fiskvinnslu á grundvelli hans.

Áfram er unnið að könnun á fiskveiðimöguleikum annars staðar, sbr. ályktun Alþingis 16. apríl 1983.

### **VI. Þróunarsamvinna.**

Framlög af ríkisfé til þróunaraðstoðar voru á árinu 1984 rúmar 72 milljónir króna eða 0,107% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Hefur ársfjárhæðin aldrei verið hærri og hlutfallið af þjóðarframleiðslu aðeins einu sinni, þ. e. árið á undan. Á fjárlögum yfirstandandi árs er fjárhæðin um 68,9 millj. kr., þ. e. nálægt 3,2 millj. kr. lægri en í fyrra, eða 0.08% af áætl. þjóðarframleiðslu. Þetta er næsthæsta fjárhæðin og þriðja hæsta hlutfall þjóðarframleiðslu sem verið hefur verið í þessu skyni af Íslands hálfu. Ef bætt er við 8,3 millj. kr. sem verið var úr ríkissjóði fyrr á þessu ári til að greiða niður mjólkurduft sem Hjálparstofnun kirkjunnar keypti til neyðarhjálpur í Eþíópíu hækka opinberu framlögin á árinu í tæpl. 77,2 milljónir kr. og hlutfallið í 0.087% (sjá nánar töflu í fylgiskjali), en raunar er hæpið að telja með í þessu sambandi slíkar útflutningsbætur er hafa það hlutverk að gera verð íslenskra landbúnaðarvara samkeppnisfært við erlent markaðsverð.

Framlög frjálsra félagasamtaka sem upplýsingar liggja fyrir um voru árið 1984 óvenju há, þ. e. meira en þrefalt hærri en árið á undan, vegna þess átaks sem gert var í söfnun til neyðar- og þróunarhjálpur í Eþíópíu. Námu framlög Hjálparstofnunar kirkjunnar, Rauða kross Íslands, Kristniboðssambandsins og Aðventista rúmlega 33,8 milljónum króna eða 0,038% af þjóðarframleiðslu.

Þótt þannig hafi í samanburði við liðin ár verið vel að staðið í fyrra og allvel nú verður ekki framhjá því horft að mikil aukning þarf að verða á þróunarframlögum Íslands næstu árin svo að fullur sómi sé að. Í heild eru framlög hins opinbera á þessu ári nær nifalt lægri en það mark sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ. e. 0,7% þjóðarframleiðslu sem skv. núverandi áætlun væru um 617 milljónir króna. Eins og margsinnis hefur verið minnst á eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð fyrir mörgum árum komin fram úr þessu marki og Finnland, sem á árinu 1983 lagði fram 0,33% þjóðarframleiðslu sinnar, mun að öllu óbreyttu ná því síðar á þessum áratug. Sautján af aðildarríkjum Efnahags- og þróunarstofnunarinnar (OECD), þau sem taka þátt í störfum þróunaraðstoðarnefndar stofnunarinnar (DAC), leggja fram til þróunarríkja frá 0,24% upp í 1.06% þjóðarframleiðslu sinnar, að meðaltali 0,36%. Ísland leggur þannig aðeins fram sem svarar þriðjungi af framlagi þess lægsta.

Með hliðsjón af þessu hef ég fyrir mitt leyti fallist á þá tillögu stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (PSSÍ) að stefnt verði að því að ná áður nefndu 0,7% marki á sjö árum. Einkum ber að auka skerf okkar til framþróunar fiskveiða og jarðhitanýtingar í fátæktarlöndum heimsins sem mörg búa yfir vannýttum auðlindum á þessum sviðum. Margir Íslendingar hafa öðlast mikilsverða sérfræðisþekkingu og reynslu í þessum efnum — meiri en flestir ef ekki allir aðrir. Þeir geta því komið meiru góðu til leiðar á skemmri tíma en aðrir ef fjármagn er fyrir hendi. Raunar er í hópi Íslendinga meiri sérfræðikunnáttu að finna en nýtt verður fyrir þróunarframlög okkar einna enda t. d. jarðhitaframkvæmdir mjög dýrar. Því hefur verið leitast við að koma íslenskum fyrirtækjum og sérfræðingum á framfæri við alþjóðastofnanir, þ. á m. tæknisamvinnu- og þróunardeild Sameinuðu þjóðanna

(UNDTCD) í New York, Matvæla og landbúnaðarstofnun S.þj. (FAO) í Róm og Alþjóðabankann (IBRD) í Washington — og hafa fulltrúar þessara stofnana m. a. komið hingað til viðræðna fyrir atbeina utanríkisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins. Er það í samræmi við vaxandi áhuga hjá áðurnefndum íslenskum aðilum á að taka að sér verkefni erlendis. Æskilegt er að aukin þróunarframlög Íslands renni fyrst og fremst til verkefna sem Íslendingar geta sjálfir framkvæmt. Það skapar möguleika til þess að hafa bein áhrif á og fylgjast með hvernig fjármagninu er varið og tryggja að það komi að tilætluðum notum. Það leiðir einnig til nánari gagnkvæmra kynna Íslendinga og þjóða þriðja heimsins. Enginn vafi leikur heldur á að það getur verið Íslendingum til góðs að auka samskipti sín við þróunarríkin á sama hátt og við líka vonum að það geti orðið þeim til styrktar.

Á þessu ári eru framlög Íslands til þróunaraðstoðar á vegum alþjóðastofnana herra hlutfall heildarframlaga okkar en ella sökum þess að ákveðið var að taka þátt í nýrri fjármögnun Alþjóðaframburðastofnunarinnar (IDA-7) með því að leggja fram 75,7 milljónir króna samtals árin 1985—1987. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands eru hins vegar lægri um sinn nú í kjölfar þeirrar verulegu aukningar sem varð á framlögum til stofnunarinnar meðan smíði R/s Fengs stóð yfir. Þetta þarf þó að — og mun væntanlega á allra næstu árum — breytast í samræmi við það sem fyrr er sagt.

Í starfi PSSÍ, sem vinnur að þróunarsamvinnu í tengslum við utanríkisráðuneytið, hefur áfram borið hæst samstarfið við **Cabo Verde** að þróun fiskveiða þar er hófst árið 1980. R/s Fengur, fyrsta sérhannaða fiski- og rannsóknarskip fyrir þróunarstarf sem smíðað er hérlandis, kom suður þangað 6. maí 1984 og hefur reynst einkar vel. Fiskileit og tilraunaveiðar í maí/júní sl. undir stjórn dr. Jakobs Magnússonar fiskifræðings benda til þess, skv. bráðabirgðaskýrslu um vísindaniðurstöður, að á veiðisvæði við eyjarnar Maio-Boa Vista-Sal, þar sem togveiðitilraunir voru gerðar á 83 stöðum, megi fá a. m. k. 4000 lesta bolfiskafla á ári án röskunar á núverandi smábátaveiðum. Þetta myndi þýða um 40% aukningu á heildarafla landsmanna sem nú er aðeins um 10 þús. smálestrir á ári, nálægt 2/3 túnfiskur. Gæti það skapað árstíðabundin verkefni fyrir 4 fiskiskip í væntanlegum túnfiskflota sem ella lægju bundin við bryggju utan vertíðar eða u. þ. b. hálf t. árið. Cabo Verde menn hafa nú öðlast frumkynni og eru jákvæðari en áður gagnvart togveiðum, sem þeir hafa verið hikandi við að tileinka sér af ótta við að þær spilltu atvinnumöguleikum smábátafiskimanna. Íslensku rannsóknirnar hafa leitt í ljós að togveiðarnar mundu byggjast á öðrum fisktegundum en nú eru veiddar. Unnið er að gerð korta yfir nýju veiðisvæðin, þar sem getið er fiskstofna og hvernig sjávarbotninn er á hverjum stað. Fiskimenn hafa fengið nokkra þjálfun. Fiskirannsóknarstofa í Mindelo hefur verið efl. Að beiðni Cabo Verde-manna hefur R/s Fengur einnig verið notaður til að reyna að styrkja undirstöður hinna mikilvægu túnfiskveiða landsmanna, s. s. beituöflun, en árangur er takmarkaður enn. Mikill áhugi er hjá stjórnvöldum á að nýta skipið til að leita nýrrar túnfisktegundar, sem bundnar eru vonir við. Þessu hefur verið sinnt m. a. þar sem R/s Fengur hefur reynst mjög vel fallinn til túnfiskveiða og er betur búinn leitartækjum en önnur tiltæk skip. Þetta starf felst að sjálfsögðu í stuðningi við reynda heimamenn, þar sem Íslendingar eru að mestu ókunnugir túnfiskveiðum. Nokkur árangur hefur náðst í eflingu humarveiða og í ljós komið möguleikar á rækjuveiði sem verða kannadur betur. Brýnt er nú að huga nánar að markaðsmálum, þar sem ætlunin er að selja aukinn afla í S-Evrópu eða annarsstaðar. Stefnt er að áframhaldi allra þátta sem hér voru nefndir í framkvæmdaáætlun verkefnisins fyrir þetta ár. Verkefnisstjóri er nú Jóhannes Guðmundsson, en auk hans dveljast nú syðra 3 íslenskir starfsmenn.

Þeir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri PSSÍ, Björn Friðfinnsson stjórnarmaður og dr. Jakob Magnússon, ráðunautur varðandi fiskveiðiverkefni, fóru til Cabo Verde í október sl. til að gera úttekt á framkvæmd fiskveiðiverkefnisins og ræða við stjórnvöld áætlun þessa árs.

Núgildandi samningur Íslands og Cabo Verde um fiskveiðiverkefnið var undirritaður í nóvember 1981 en rennur út um næstu áramót. Má búast við að leitað verði eftir framlengingu hans.

Mannfræðingarnir dr. Gísli Pálsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir alþm. dvöldu á Cabo Verde við rannsóknir frá júní til ágúst sl. með stuðningi m. a. Norrænu Afríkustofnunarinnar. Liggur fyrir fróðleg skýrsla þeirra um rannsóknirnar, en ráðgert er framhald þeirra síðar.

Þrír hagfræðingar frá Cabo Verde, þ. á m. þýskur þróunarráðgjafi, dvöldust hér á landi í 10 daga í lok ágúst sl. til þess að kynna sér skipulag hagstjórnarmála m. a. að því er lýtur að sjávarútvegi. Töldu þeir mjög gagnlegt að kynnast þjóðfélagsþróuninni og stórstígru uppbyggingu hér á þessari öld.

Kynningarstarf um þróunarverkefni var eftt á sl. ári með því að hefja útgáfu á „Fréttabréfi um Þróunarmál“, auk útgáfu sérstakra upplýsinga um íslensk verkefni, miðlun kynningarefnis til m. a. kennara og skólanema, o. fl. Efla þarf þessa starfsemi enn frekar.

Tveir íslenskir líffræðikennarar, Gottskálf Friðgeirsson og Daníel Hansen, fóru til kennslustarfa í **Ghana** sl. haust og dveljast þar enn á vegum samtakanna Alþjóðleg fræðsla og samskipti (AFS) með stuðningi menntamálaráðuneytisins og PSSÍ. Er von til að framhald geti orðið á þessu starfi, enda er það stefnuatriði á sviði þróunaraðstoðar hins opinbera að örva og styðja eftir getu frjáls félagasamtök til aðgerða. Meira máli skiptir þó að aðeins fimmta hvert barn á skólaaldri í Afríku nýtur nú skólagöngu og því mikil þörf á að sem flestir taki þátt í því umbótastarfi sem vinna þarf.

Læknafélag Íslands hefur látið í ljós áhuga á að „framlag Íslands til þróunarhjalpar gæti að einhverju leyti orðið í formi læknisfræðilegrar þjónustu eða ráðgjafar.“ Landlæknir, Ólafur Ólafsson, hefur áður vakið máls á þessu og íslenskir læknar notið fyrirgreiðslu til að kynna sér meðferð hitabeltissjúkdóma. Í sambandi við aukningu fjárframlaga til þróunarsamvinnu þarf að kanna nánar möguleika á þátttöku lækna í nýjum verkefnum en t. d. í Afríku er nú læknir fyrir hverja 21 000 íbúa (hér á landi einn fyrir hverja 500).

Dagana 17.—21. mars 1985 sóttu þeir Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ólafur Þ. Þórðarson alþm. alþjóðlega ráðstefnu í Svolvear, Noregi, þar sem fjallað var um reynsluna af fiskveiðiverkefnum í þróunarlöndum sem Norðmenn hafa stutt.

**Norræna samstarfið** um þróunarverkefni í Austur-Afríku hefur haldið áfram með svipuðum hætti og fyrr, en nú er ákveðið að Finnar taki einir við landbúnaðarverkefninu í Tansaníu. Efling samvinnureksturs í Tansaníu heldur áfram sem norrænt verkefni skv. samningi sem gildir til 1988. Samskonar verkefni í Kenya mun halda áfram til miðs næsta árs en til athugunar er með framhald. Tveir Íslendingar starfa við hvort þessara síðastnefndu verkefna og Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri PSSÍ hefur átt aðild að stjórnun verkefnanna. Mósambík-verkefnið á sviði landbúnaðar hefur dregist verulega saman m.a. vegna öryggisleysis í landinu. Er nú til athugunar hvort rétt sé að halda áfram þátttöku í Kenya- og Mósambík-verkefnunum.

Á hinn bóginn eru fyrir frumkvæði finnska forsætisráðherra Kalevi Sorsa uppi norrænar ráðagerðir um þróunarverkefni á svæði sem nær yfir 9 lönd í sunnanverðri Afríku (SADCC-lönd). Var m. a. fjallað um stuðning við þessi ríki á ráðstefnu utanríkisráðherra Norðurlanda og landa þessara í júní sl. í Stokkhólmi. Einnig hefur átt sér stað töluverður undirbúningur að norrænni þróunarsamvinnu við Namibíu jafnskjótt og landið öðlast sjálfstæði.

Tvær aðalnefndir norrænar starfa að þróunarsamvinnumálum, þ. e. embættismannanefndin (EKB) sem Helgi Gíslason, sendifulltrúi, situr í fyrir Íslands hönd, og ráðgjafar-nefndin (RKB) sem próf. Ólafur Björnsson hefur verið fulltrúi í.

Frá því að **Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna** tók til starfa fyrir 6 árum hafa 36

styrkþegar frá þróunarlöndunum verið á Íslandi við 6—8 mánaða þjálfun, en 19 komið í skemmri námsferðir (frá 2 vikum til 3 mánaða). Nemendurnir hafa komið frá 13 þróunarlöndum, en auk þess hafa komið fjórir einstaklingar frá V-Evrópulöndunum á eigin kostnað.

Árið 1984 voru 8 styrkþegar í sex mánaða námi. Þeir komu frá Burundi (1), Costa Rica (1), Eþíópíu (2), Kína (3) og Thailandi (1). Auk þeirra voru þrír nemendur í 2—3 mánuði frá Indlandi (á vegum UNDP), Svíþjóð og V-Pýskalandi. Yfirmenn jarðhitamála í orkumálaráðuneytum Kenya og Nicaragua komu í stutta kynnisferð. Efnifræðingur kom frá Costa Rica í þrjár vikur að kynna sér meðferð á kalkútellingum í borholum á háhitasvæðum.

Árið 1985 er gert ráð fyrir 8 styrkþegum í 6 mánaða námi. Þeir munu koma frá Eþíópíu (3), Kenya (3), Thailandi (1) og Tyrklandi (1). Jarðhitaskólinn verður settur 15. apríl. Auk þessara nemenda er gert ráð fyrir nokkrum framámönnum jarðhitamála í Júgóslavíu og Tyrklandi í kynnisferð, en sú ferð er ekki endanlega ákveðin.

Samningur milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar hefur verið endurnýjadur til þriggja ára frá 1. mars 1985. Kostnaðarhlutdeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó verður allt að 25% heildarkostnaðar, en annan rekstrarkostnað greiðum við. Forstöðumaður jarðhitaskólans hefur frá upphafi verið dr. Ingvar Birgir Friðleifsson og hefur hann unnið þar ágætt starf ásamt fleiri íslenskum sérfræðingum.

Aftast í skýrslu þessari er skv. venju að finna yfirlit yfir opinber framlög til þróunarsamvinnu.

## VII. Utanríkisviðskiptin 1984.

Viðskiptaráðuneytið hefur látið í té eftirfarandi yfirlit:

Á sviði utanríkisviðskipta er aðalhlutverk stjórnvalda, sem í reynd eru viðskiptaráðuneytið í samstarfi við sendiráðin, eftirfarandi:

1. að tryggja sem best hagsmuni útflutningsatvinnuveganna með alþjóðasamstarfi í EFTA, GATT og OECD og við EBE og milli Norðurlandanna;
2. að efla viðskipti með tvíhliða samningum við lönd sem standa utan þessara alþjóðasamtaka;
3. að efla útflutningsstarfsemina;
4. að greiða fyrir sérstökum viðskiptum og leysa viðskiptavandamál sem upp kunna að koma.

Utanríkisviðskiptin eru mjög þýðingarmikil fyrir efnahagsafkomu Íslendinga. Útflutningur vöru og þjónustu á árinu 1984 var um 50% af þjóðarframleiðslunni. Það skiptir því miklu máli að alþjóðaviðskipti séu frjáls. Á síðustu áratugum hefur mikið áunnist við að bæta markaðsaðstöðuna fyrir íslenskar framleiðsluvörur og munar þar mest um viðskiptafríðindin í löndum Efnahagsbandalagsins. Enn fremur hefur með GATT-samningnum fengist tollfrelsi fyrir freðfiskblokk í Bandaríkjunum. Þá hafa tvíhliða viðskiptasamningar, einkum við Sovétríkin, haft mikla þýðingu fyrir sölu freðfisks og saltsíldar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir utanríkisviðskiptunum árið 1984 og helstu störfum stjórnvalda á því sviði.

### Viðskiptajöfnuður.

Mikill halli var á viðskiptum við útlönd árið 1984. Þrátt fyrir það að heildarútflutningur væri 8,5% meiri á sambærilegu gengi en á árinu áður nam halli á vöruskiptajöfnuði 332 millj. kr. en 1983 var 544 millj. kr. afgangur. Þó ber þess að geta að birgðir útflutningsvara

um síðustu áramót voru 692 millj. kr. meiri en í ársbyrjun. Hins vegar höfðu útflutningsbirgðirnar lækkað um 1 231 millj. kr. á árinu 1983. Lítil breyting varð á viðskiptakjörunum.

Greiðslur vegna ýmiss konar erlendar þjónustu voru einnig hærri í fyrra en á árinu þar á undan, einkum vegna vaxtagreiðslna og ferðalaga erlendis. Hallinn á viðskiptajöfnuðinum, bæði vegna vöruviðskipta og þjónustu, var því 4 130 millj. kr. en 1 260 millj. kr. 1983 og samsvaraði því 6% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 2,4% árið áður.

### **Innflutningur.**

Vöruinnflutningur í heild jókst um tæp 13% árið 1984. Almennur innflutningur jókst um 14,6%, þar af oluinnflutningur um 5%. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dróst saman um 7%. Þar af minnkaði innflutningur skipa og flugvéla um 4,5% og innflutningur á vegum Landsvirkjunar um 52%. Innflutningur vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkflugvelli, sem hófst 1984, nam 19 m. kr. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju jókst um 41,7% en innflutningur vegna álbræðslu dróst saman um 1,4%.

### **Útflutningur.**

Árið 1984 var útflutningur **sjávarafurða** um 67% af heildarútflutningnum sem er svipað hlutfall og árið áður. **Fryst fiskflök** voru eins og áður langmikilvægasta útflutningsvaran og var útflutningsverðmæti þeirra um 28% af heildarútflutningnum. Flutt voru út 107 400 tonn af frystum fiskflökum á móti 113 600 tonnum árið áður. Þessi samdráttur stafar af minni botnfiskafla. Bandaríkin voru sem fyrr stærsti markaður fyrir fryst fiskflök og voru flutt út þangað 64 700 tonn á móti 67 100 tonnum árið 1983. Útflutningur til EBE var 26 300 tonn árið 1984 sem er svipað magn og árið 1983 og til Sovétríkjanna voru flutt út 14 300 tonn á móti 19 600 tonnum árið 1983.

Útflutningur á blautverkuðum **saltfiski** nam um 35 500 tonnum sem er nálægt 8 000 tonnum minna magn en árið 1983. Mest munar um samdrátt í útflutningi til Portúgals sem er þýðingarmesti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk. Voru aðeins flutt út 18 000 tonn af blautverkuðum saltfiski til Portúgals árið 1984 á móti 24 500 tonnum árið 1983. Útflutningur á blautverkuðum saltfiski til Spánar var um 9 100 tonn og hafði aukist um 1 000 tonn frá árinu áður. Útflutningur til Frakklands og Bretlands var svipaður. Útflutningur á þurrkuðum saltfiski nam um 2 700 tonnum sem er svipað magn og árið 1983. Helstu markaðslönd voru Brasilía, Frakkland, Vestur-Þýskaland og Bretland.

Loðnuveiði var aftur leyfð haustið 1983 og var aflamagn ákveðið 640 000 tonn fyrir haust- og vetrarvertíð. Á síðastliðnu hausti var aflamagn Íslendinga á haust- og vetrarvertíð ákveðið 815 000 tonn. Útflutningur á **loðnumjöli** og **loðnulýsi** gekk vel en verð á afurðunum fór lækkandi á árinu. Út voru flutt 114 000 tonn af loðnumjöli og 54 000 tonn af loðnulýsi. Útflutningur loðnuafurða var 8,5% af heildarútflutningnum árið 1984 og er þá meðtalinn útflutningur á frystri loðnu og loðnuhrognum.

Eins og áður seldu íslensk fiskiskip afla sinn á **ísfiskmörkuðum** erlendis, einkum í Bretlandi og Þýskalandi. Þá varð mikil aukning á útflutningi á **nýjum fiski** í kæligámum með flutningaskipum og voru þannig flutt út 12 700 tonn af fiski á móti 7 000 tonnum árið 1983. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hefur ekki dregið úr hefðbundnum siglingum íslenskra fiskiskipa á markaði í Bretlandi og Þýskalandi.

Útflutningur **iðnaðarvara** nam um 29% af heildarútflutningum árið 1984 en það er svipað hlutfall og árið 1983. Útflutningur á áli var um 85 000 tonn og hafði minnkað um 20 000 tonn frá árinu 1983 en það ár var mikið flutt út af eldri álbirgðum. Útflutningur á kísiljárnri jókst verulega. Þá varð mikil aukning á útflutningi ullarvara, aðallega vegna stóraukins útflutnings til Sovétríkjanna. Útflutningur á ullarvörum til Vestur-Þýskalands jókst árið 1984 eftir nokkurn samdrátt undanfarin tvö ár. Þá var áframhaldandi aukning á

sölu ullarvara til Bandaríkjanna. Einnig varð veruleg aukning á útflutningi ullarvara til Kanada, Grikklands, Ítalíu og Japans. Sala á lagmeti jókst verulega, eða um 520 tonn í 3 390 tonn, aðallega vegna aukinnar sölu til Sovétríkjanna, Frakklands og Vestur-Pýskalands.

Útflutningur á **landbúnaðarvörum** var um 1,7% af heildarútflutningnum árið 1984 á móti 1,1% árið 1983. Útflutningur á kindakjöti jókst úr 2 600 tonnum í tæp 3 600 tonn, aðallega vegna aukinnar sölu til Noregs. Þá jókst útflutningur á osti úr 585 tonnum í 1 005 tonn vegna aukinnar sölu til Bandaríkjanna og Svíþjóðar.

#### Viðskipti við einstök markaðssvæði og lönd.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu utanríkisviðskiptanna eftir svæðum og löndum 1983 og 1984:

	Útflutningur		Innflutningur	
	1983	1984	1983	1984
EFTA-lönd .....	14,9	12,7	22,8	21,3
EBE-lönd .....	34,7	38,3	45,1	47,3
Austur-Evrópa .....	8,0	9,5	11,3	11,0
Bandaríkin .....	28,3	28,4	7,9	6,8
Önnur lönd .....	14,1	11,1	12,9	13,6

**Bandaríkin** voru sem fyrr langstærsta markaðsland fyrir íslenskar útflutningsvörur og fóru 28,4% af heildarútflutningnum þangað árið 1984. Er það svipað hlutfall og árið 1983. Útflutningur á frystum fiskflökum minnkaði lítillega eða úr 67 100 tonnum árið 1983 í 64 700 tonn árið 1984. Til að vinna gegn þessari þróun endurvöktu Ísland, Danmörk, Noregur og Kanada á árinu samtök til að kynna frystar sjávarafurðir úr Norður-Atlantshafi á Bandaríkjamarkaði. Samtök þessi (North Atlantic Seafood Association — NASA) voru stofnuð árið 1974 en starfsemi þeirra hafði legið niðri um skeið. Hins vegar rúmlega tvöfaldaðist sala á frystum rækjum og sömuleiðis tvöfaldaðist sala á kísiljárn til Bandaríkjanna og var rúmlega 8 000 tonn árið 1984. Innflutningur frá Bandaríkjunum var aðeins 6,8% af heildarinnflutningnum. Hefur þetta hlutfall farið lækkandi undanfarin ár og á hækun dollaragengis eflaust þátt í þeirri þróun.

Stærsta markaðssvæðið fyrir íslenskar útflutningsvörur er **Efnahagsbandalag Evrópu**. Árið 1984 fóru 38,3% af útflutningi landsmanna á þennan markað en 34,7% árið áður. Njótum við þýðingarmikilla tollfríðinda fyrir útflutningsvörur okkar vegna fríverslunarsamningsins við bandalagið, bæði fyrir sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Mikilvægustu vörurnar, sem tollfríðinda njóta, eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Útflutningur til **EFTA-ríkjanna** var 12,7% af heildarútflutningsverðmætinu. Þar hefur Portúgal nokkra sérstöðu sem stærsti kaupandinn. Útflutningurinn er nær eingöngu saltfiskur. Portúgalar hafa kvartað yfir því að þeir keyptu mun meir af okkur en við af þeim. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að greiða fyrir auknum innflutningi frá Portúgal og hvatt til aukinna kaupa á portúgólskum vörum. Á síðasta ári var verðmæti innflutnings frá Portúgal um 72% af verðmæti útflutnings okkar þangað en þetta hlutfall var aðeins 6% árið 1977. Munar mest um aukinn innflutning á olíuvörum frá Portúgal.

Á síðasta ári fóru fram viðræður milli Matthíasar Á. Mathiesen viðskiptaráðherra og Alvaro Barreto, viðskiptaráðherra Portúgals, um viðskipti landanna og ýmis sameiginleg hagsmunamál varðandi aðildina að EFTA og samningaviðræður Portúgala við Efnahagsbandalagið. Í þessum viðræðum lagði Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra sérstaka áherslu á að ekki yrðu lagðir **tollar á saltfisk** í Portúgal eftir að þeir væru orðnir aðilar að



Efnahagsbandalaginu. Væri það í þeirra þágu sem stærsta innflutningslands á saltfiski í stækkuðu Efnahagsbandalagi. Einnig var rætt um sérstakan 12% toll sem Portúgalir höfðu ákveðið að leggja á innfluttan saltfisk frá ríkjum sem ekki veittu þeim fiskveiðiréttindi. Aðrir áttu aðeins að greiða 3% toll og hefði þetta haft mikið óhagræði í för með sér fyrir íslenska framleiðendur gagnvart Kanadamönnum og Norðmönnum en þeir veita Portúgölum einhver fiskveiðiréttindi. Niðurstaða viðræðnanna var sú að Portúgalir frestuðu álagningu tollsins a. m. k. um sinn.

Viðskiptin við **Austur-Evrópuríkin** breyttust ekki mikið á árinu 1984. Útflutningurinn jókst þó um tæp 20% miðað við meðalgengi dollars en innflutningurinn stóð í stað. Sem hlutfall af heildarútflutningi Íslands jókst útflutningurinn til þessara ríkja úr 8,0% 1983 í 9,5% 1984. Innflutningurinn minnkaði hins vegar úr 11,3% í 11,0%. Viðskiptin við Pólland, sem á undanförunum árum hafa verið óeðlilega lítil, fimmfölduðust á árinu, bæði útflutningur og innflutningur. Aukning útflutningsins stafaði aðallega af útflutningi að nýju á loðnumjöli sem var 75% útflutningsins til Póllands (14 500 tonn). Hlutdeild útflutningsins til Póllands í heildarútflutningnum jókst úr 0,2% 1983 í 1,0% 1984 en var þó lægri en nokkrum árum áður (2,4% 1980). Þá jókst útflutningurinn til Tékkóslóvakíu mikið á árinu (um 150% í krónum) vegna sölu á frystum fiskflökum og loðnumjöli.

Viðskiptin við Sovétríkin á árinu 1984 voru með svipuðu sniði og árið áður. Athyglisvert er að mjög dró úr halla í viðskiptunum. Miðað við meðalgengi dollars minnkaði viðskiptahallinn úr 30 í 19 milljónir dollara. Á sama mælikvarða jókst útflutningurinn um rösk 5% en innflutningurinn dróst saman um tæp 10%. Hlutur útflutningsins í heildarútflutningi Íslands hækkaði úr 7,4% 1983 í 7,8% 1984 en hlutur innflutningsins í heildarinnflutningi minnkaði úr 10,4% 1983 í 9,1% 1984. Nokkrar sveiflur eru oft í magni og verðmæti eftir því m. a. hvernig afgreiðslur skiptast á árið og um áramót. Aukning útflutningsins byggðist aðallega á talsverðri aukningu á útflutningi saltsíldar, úr 16 200 tonnum 1983 í 19 700 tonn 1984. Samkvæmt hagskýrslum minnkaði útflutningur á freðfiski hins vegar úr 25 600 tonnum 1983 í 20 800 tonn 1984 enda þótt sama magn væri selt bæði árin. Útflutningur á lagmeti jókst úr 760 í 820 tonn og á ullarvörum úr 123 í 265 milljónir kr. (meðalgengi dollars hækkaði um 26,6% milli ára). Í ullarvöruútflutningnum munaði mest um stórauðna treflasölu. Miðað við útflutningsverðmæti var freðfiskur í fyrsta sæti (795 milljónir kr.), saltsíld í öðru sæti (619 millj.), ullarvörur í þriðja sæti (265 millj.) og lagmeti í 4. sæti (101 millj.). Olíuvörur voru sem fyrr í 1. sæti innfluttra vara (2 209 milljónir kr.). Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru svipuð og 1983. Árið 1984 voru flutt inn 329 000 tonn, þ. e. 74 000 tonn af bílabensíni, 125 000 tonn af gasolíu og 130 000 tonn af svartolíu. Miðað er við keypta og lestaða farma. Samkvæmt Hagtíðindum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 56,4% af heildarinnflutningi allra olíuvara. Hinn 27. desember 1984 var samið við sovéska ríkisólufélagið um jafnmikil heildarkaup á olíuvörum fyrir árið 1985 og árið áður, 310 000 tonn, og með sömu skiptingu, þ. e. 70 000 tonn af bílabensíni, 100 000 tonn af gasolíu og 140 000 tonn af svartolíu.

Horfur eru á að viðskiptin við Sovétríkin verði svipuð á árinu 1985 og verið hefur. Í október 1984 var gerður samningur um sölu á 19 000 tonnum af frystum flökum og 6 000 tonnum af heilfrystum fiski, að mestu leyti til afhendingar á árinu 1985. Hér var um að ræða 2 000 tonna aukningu á sölu flaka miðað við samninginn fyrir árið 1984. Um svipað leyti var gerður samningur um sölu á saltsíld, aðallega til afhendingar á árinu 1985. Magnið var 18 500 tonn (185 000 tunnur) eða 500 tonnum meira en í samningunum fyrir árið 1984 og 2 500 tonnum meira en í samningnum fyrir árið 1983. Í marsbyrjun 1985 hafði verið samið um sölu á gaffalbitum og lifur að verðmæti 2 milljónir dollara. Á sama tíma árið 1984 hafði verið samið um sölu á lagmeti fyrir 3,4 millj. dollara en árssalan á lagmeti hefur farið fram í áföngum. Horfur eru á að ullarvörusala verði litlu minni en á árinu 1984 þegar salan var

mjög mikil. Í marsbyrjun 1985 hafði Álafoss samið um sölu á 1 380 þús. treflum að verðmæti 3,5 millj. dollara. SÍS hafði þá samið við sovéska samvinnufélagið Sojuzkoopvneshtorg um sölu á ullarfatnaði, treflum og teppum fyrir 3 millj. dollara. Viðskipti samvinnufélaganna byggjast á vöruskiptasamningi að verðmæti 4—5 millj. dollara ár hvert. Á móti íslenskum ullar- og skinnavörum koma gasolíufarmur og matvæli.

Vorið 1985 verður fram haldið viðræðum við Sovétmenn um nýjan viðskiptasamning fyrir tímabilið 1986—1990 en málið var fyrst reifað í hinum árlegu viðskiptaviðræðum við Sovétmenn sem fóru fram í Reykjavík í júlí 1984. Af hálfu íslenskra útflutningsaðila hefur verið óskað eftir talsvert hærri kvótum en í viðskiptasamningnum fyrir 1981—1985. Sovéski markaðurinn er einkum mikilvægur fyrir útflytjendur saltsíldar og freðfisks. Þannig má nefna að á árunum 1983—1984 voru um  $\frac{3}{4}$  af saltsíldarútflutningnum seldir til Sovétríkjanna og um helmingurinn af karfaflökunum og heilfrysta fiskinum. Á árinu 1984 var meira en helmingur af þrjónavörum úr ull fluttur út til Sovétríkjanna sé miðað við magn. Þá eru Sovétríkin einnig mikilvægur markaður fyrir lagmeti (um fjórðungur heildarútflutningsins fór þangað 1984). Hallinn í viðskiptunum við Sovétríkin hefur oft verið notaður sem röksemd fyrir því að Sovétmenn keyptu sem mest af íslenskum útflutningsvörum. Uppistaðan í innflutningnum frá Sovétríkjunum hefur jafnan verið olíuvörur (yfir 90% árið 1984) en auk þess má nefna timbur og bíla.

Á árinu fóru fram hinar árlegu viðskiptaviðræður við fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu en auk þess viðræður við fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins sem haldnar eru annað hvert ár.

Erfiðasta viðskiptavandamál síðustu tveggja ára hefur verið lokun skreiðarmarkaðarins í **Nígeríu**. Árið 1981 var Nígería þriðja stærsta viðskiptaland Íslendinga og keypti þá 13% af heildarútflutningnum. Í fyrra voru aðeins flutt út 1 000 tonn af hertum hausum fyrir 41,6 millj. króna sem samsvaraði 0,2% af heildarútflutningnum. Þetta hefur valdið skreiðarframleiðendum miklum erfiðleikum þar eð óseldar birgðir eru taldar vera 11 000 tonn af skreið og 5 000 tonn af hertum hausum. Ótal tilraunir hafa verið gerðar af hálfu skreiðarútflytjenda og með aðstoð sendiráðsins í London til að fá innflutningsleyfi en í marslok 1985 hafði það ekki borið árangur. Við þetta bætist svo að skreiðarútflytjendur hafa ekki enn fengið greidda skreið fyrir um 20 millj. dollara. Er þar um að ræða ógreiddar innheimtur og eftirstöðvar vanskilaábyrgða sem nema 8,6 millj. dollara, eftirstöðvar umsaminna lána til 3 ára 6,8 millj. dollara og ófrágengin lán til 6 ára 4,7 millj. dollara.

Á hinn bóginn hafa viðskiptin við sum önnur lönd gengið vel og farið vaxandi og má í því sambandi benda á **Japan**. Áður hefur einkum verið selt þangað hvalkjöt, fryst loðna og loðnuhrogn og kísiljárn en í fyrra voru einnig seld þangað um 3 200 tonn af frystum karfa og aukið magn af lagmeti og frystri rækju. Markaðsmöguleikar í Japan eru mjög athyglisverðir og hafa útflytjendur sýnt áhuga á að nýta þá.

### **Alþjóðasamstarf.**

Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur alþjóðaviðskiptasamstarf eflst mjög og leitt til frjálsari viðskipta milli iðnaðarríkja á flestum sviðum. Af þessari þróun naut Ísland lengi góðs enda þótt framlag þess hafi fram til ársins 1960 verið lítið. Árið 1967 gerðist Ísland fullgildur aðili að Alþjóðlegu tolla- og viðskiptasamtökunum, GATT, og 1970 að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Með gerð fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalagið 1972 fengust enn fremur mikil fríðindi fyrir íslenskar útflutningsafurðir svo að telja má að markaðir þeirra hafi aldrei verið jafn opnir og tollfrjálsir og nú með þeirri veigamiklu undantekningu að skreið hefur í tvö ár verið bannvara í Nígeríu.

Vegna þýðingar utanríkisviðskiptanna fyrir þjóðarbúið hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að standa vörð um það frelsi í alþjóðaviðskiptum, sem náðst hefur, og standa

gegn tilraunum til að skerða það með höfnum, tollum eða ríkisstyrkjum. Þetta er og hefur verið afstaða íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi. Á árunum 1980—83 hafa verið talsverð brögð að því að lönd hafi gripið til verndaraðgerða vegna atvinnuleysis og erfiðleika í ákveðnum atvinnugreinum þrátt fyrir yfirlýsingar og aðvaranir GATT, OECD, EFTA og EBE. Þessar aðgerðir hafa þó ekki haft bein áhrif á utanríkisviðskipti Íslands nema hvað varðar ríkisstyrki til sjávarútvegs í Noregi og Kanada. Viðskiptaráðherrar, sem sótt hafa ráðherrafundi OECD og EFTA, hafa margoft gagnrýnt styrkveitingar til sjávarútvegs sem raska samkeppnisaðstöðunni á alþjóðamörkuðum auk þess sem gagnrýni hefur verið borin fram við ráðamenn í Noregi og Kanada.

**Starfsemi Fríverslunarsamtaka Evrópu — EFTA —** einkenndist mikið af undirbúningi fyrir fund ædstu manna aðildarríkjanna í Visby á Gotlandi og fyrir sameiginlegan ráðherrafund EFTA-ríkjanna og ríkja Efnahagsbandalagsins sem haldinn var í Lúxemborg. Fundurinn í Lúxemborg var haldinn af því tilefni að á árinu 1984 voru að fullu komnar til framkvæmda tollalækkanir samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið. Jafnframt var fjallað um nánara samstarf á ýmsum sviðum. Á þessum fundi var lögð áhersla á árangursríkt samstarf þessara ríkja og lýst yfir vilja til að auka það umfram það sem fríverslunarsamningarnir gera ráð fyrir, t. d. á sviði orkumála, efnahagsmála, samgangna og umhverfismála. Á fundinum var einnig rætt um ýmsar verndaraðgerðir en með afnámi tolla í viðskiptum milli ríkjanna hefur borið meir á ýmsum viðskiptahindrunum öðrum en tollum, svo sem ríkisstyrkjum.

Á fundi ædstu manna EFTA-ríkjanna var fjallað um samstarfið innan EFTA og látinn í ljós vilji til að útvíkka það, m. a. með samráði um alþjóðleg viðskiptamál. Á fundi viðskiptaráðherra EFTA-ríkjanna, sem haldinn var samhliða fundi ædstu manna, var samþykkt starfsáætlun fyrir samtökin. Er þar m. a. fjallað um viðskipti með sjávarafurðir og möguleika á því að auka fríverslun með þær. Einnig er þar fjallað um ríkisstyrki og hvernig megi afnema þá. Starfar nú sérstök nefnd við athugun á þessum málum.

Einn liður í EFTA-samstarfinu er starfsemi ráðgjafarnefndar en í henni eiga sæti fulltrúar vinnumarkaðarins og samtaka atvinnulífsins í EFTA-ríkjunum. Auk þess hittast reglulega nefndir sérfræðinga sem fjalla um viðskiptamál, tollamál og efnahagsmál. Þá hittast einnig þingmenn frá EFTA-ríkjunum einu sinni á ári og verður næsti fundur þingmannanefndarinnar haldinn í Reykjavík í júní n. k.

Sameiginleg nefnd Íslands og **Efnahagsbandalags Evrópu**, sem á að fylgjast með framkvæmd fríverslunarsamningsins, hélt tvo fundi á síðasta ári. Var annar fundurinn haldinn á Íslandi en venjulega eru þessir fundir haldnir í Brussel. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel en hins vegar hafa á undanförunum árum verið hækkaðir tollar á vörum, svo sem saltsíld og sóltuðum ufsaflökum, sem falla utan við vörusvið samningsins.

Aðalvandamálið nú stafar af þeirri ákvörðun Efnahagsbandalagsins í desember 1984 að fella úr gildi einhliða tollaniðurfellingu bandalagsins á innfluttum **saltfiski, saltfiskflökum og skreið** frá og með 1. júlí 1985. Við þetta gæti útflutningur okkar á saltfiski og skreið lent í allt að 13% tolli en saltfiskflökum í allt að 20% tolli í staðinn fyrir að þessar vörur hafa verið tollfrjálsar frá 1971 eða nokkru fyrir gerð fríverslunarsamnings Íslands við bandalagið. Ákvörðun bandalagsins hefur verið tekin í sambandi við væntanlega aðild Portúgals og Spánar að bandalaginu en án fullnægjandi raka. Af Íslands hálfu hefur um langt skeið verið bent á það að aðild Portúgals og Spánar, sem flytja mikinn saltfisk inn, ætti fremur að stuðla að því að tollfrelsi héldist eða tollfrjálsir kvótar væru hækkaðir.

Þetta mikilvæga mál var rætt sérstaklega við bandalagið á fundi embættismanna í Brussel í janúar 1985 og stefnt er að frekari viðræðum við bandalagið um saltfisktollinn á næstunni. Af Íslands hálfu hefur verið undirstrikað að ákvörðun bandalagsins hefði mest áhrif á Ísland af öllum ríkjum þar eð hvorki meira né minna en um 25% af heildarútflutningi

Íslands til EBE-ríkjanna, Portúgals og Spánar, hins stækkaða EBE, á árunum 1983 og 1984 hafa farið þangað (árið 1982 var talan tæp 40% af útflutningnum). Verðmæti hinna umræddu vara var um 10% af öllum útflutningi landsmanna á árunum 1983 og 1984 en tæp 20% af heildarútflutningnum árið 1982. Hefur verið lögð mikil áhersla á það að þessari ákvörðun verði ekki hrundið í framkvæmd eða tollar hafðir sem allra lægstir og tollfrjáls kvóti aukinn. Á árinu 1984 var verðmæti umræddra vara, sem flutt var út til EBE-ríkjanna, Portúgals og Spánar, um 2,3 milljarðar króna eða röskar 70 milljónir dollara. Á árinu 1981 var verðmætið enn meira eða um 150 milljónir dollara. Eru því gífurlegir hagsmunir í húfi ef lækkan tolls mundi leiða til lækkunar útflutningsverðs.

Umræður í GATT hafa snúist um framkvæmd þeirra samþykka sem gerðar voru á ráðherra fundi samtakanna 1982. Vinna við undirbúning að nýrri samræmdri tollnafnaskrá, sem taka á gildi 1. janúar 1987, heldur áfram og hafa mörg ríki lagt fram drög að fyrstu köflum tollskrárinnar. Einnig hafa umræður um viðskipti með landbúnaðarvörur haldið áfram. Þá er farið að ræða tillögur um að hefja nýjar almennar viðskiptaviðræður svipaðar þeim sem kallaðar eru Kennedyviðræðurnar (1964 — 1967) og Tókýóviðræðurnar (1973 — 1979). Þessar viðræður, sem farið er að kalla Brusselviðræður, munu að mestu snúast um þjónustuviðskipti og aðrar viðskiptahömlur en tolla. Eftir að tollar í alþjóðaviðskiptum hafa lækkað svo sem raun ber vitni hefur meira borið á öðrum hömlum. Er stefnt að því að draga úr þeim svo að alþjóðaviðskipti geti haldið áfram að þróast á eðlilegan hátt.

Þátttaka Íslendinga í starfi **Efnahags- og framfarastofnunarinnar** — OECD — í París var með hefðbundnum hætti á árinu 1984. Mest starf mæddi á sendiráði Íslands, einkum vegna tíðra ráðs fundu en einnig vegna þátttöku í ýmsum öðrum fundum. Á árlegum ráðherra fundi OECD, sem haldinn var 17. — 18. maí, var ráðinn nýr framkvæmdastjóri, Frakkinn Jean — Claude Paye sem verið hafði yfirmaður efnahagsdeildar franska utanríkisráðuneytisins og tók hann við störfum af Hollendingnum Emile van Lennep sem gegnt hafði því starfi um 15 ára skeið. Á fundinum hvatti Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra til þess að aðildarríkin drægu úr viðskiptahömlum, svo og útflutningsstyrkjum og öðrum stuðningi aðildarríkjanna við atvinnuvegi sem drægi úr eðlilegri samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum og jafngilti því í raun verndarstefnu. Á fundi menntamálaráðherra aðildarríkja OECD 20. — 21. nóvember lagði Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra einkum áherslu á nauðsyn þess að styrkja tengsl menntakerfisins við atvinnulífið og foreldra nemenda. Í febrúar sótti Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, ráðstefnu ráðherra og háttsettra embættismanna um horfur í hagþróun aðildarríkjanna og ráðstafanir af hálfu stjórnvalda til að stuðla að framförum til lengri tíma litið. Í sama mánuði sóttu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins sérstaka ráðstefnu um þróun í atvinnumálum. Þá sóttu fulltrúar að heiman m. a. ýmsa hefðbundna fundi, t. d. fundi fiskimálanefndar, vísinda- og tækninefndar, váttryggingarnefndar og stjórnarnefnda vegarannsóknna og skólarannsóknamiðstöðvarinnar. Davíð Ólafsson seðlabankastjóri sótti fundi efnahagsmálanefndarinnar en fundir þeirrar nefndar og skjöl og rit OECD um ástand og horfur í efnahagsmálum heimsins og einstakra landa þykja mjög gagnleg. Þá er vandað til ársskýrslu OECD um íslensk efnahagsmál. Veitir Þjóðhagsstofnun OECD mikla aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga og með þátttöku í árlegri yfirheyrslu um efnahagsmálin skömmu fyrir útkomu skýrslunnar. Að sjálfsögðu ber OECD ábyrgð á skýrslunni og semur m. a. niðurstöður þar sem fram koma tillögur til úrbóta. Viðskiptaráðuneytið sér um umfangsmikla dreifingu á skjölum og ritum er berast frá OECD og um 400 nefndum stofnunarinnar, m. a. ársskýrslu um fiskveiðar í aðildarríkjum hennar.

### Norrænt viðskiptasamstarf.

Á árinu var mikið starf unnið á vegum stjórnvalda og einkaaðila á Norðurlöndum til að auka viðskipti og efnahagssamvinnu landanna. Þar á meðal tók viðskiptaráðuneytið þátt í starfi á vegum norrænu viðskiptaráðherranna og norrænu ráðherranefndarinnar sem beinist að því að gera Norðurlöndin að **einni markaðsheild**. Fóru fram athuganir á gildandi viðskiptahömlum innan allra Norðurlandanna. Í viðskiptaráðuneytinu var samið ítarlegt yfirlit um þau lög og reglugerðir sem hafa að geyma ákvæði er fela í sér takmarkanir eða aðrar hömlur á viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna, bæði hvað varðar innflutning og útflutning.

Þrátt fyrir þátttöku Íslands í þessu samstarfi er ljóst að Ísland hefur ekki sama hag af því að koma á fót sameiginlegum heimamarkaði Norðurlandanna og hin löndin. Til að svo verði þarf að nást meiri jöfnuður í viðskiptum landanna. Á árinu 1983 komu 28,5% af heildarinnflutningi Íslands frá hinum Norðurlöndunum en 1984 26,2%. Af heildarútflutningi landsins fóru 5,1% til Norðurlandanna árið 1983 en 8,1% 1984. Sjónarmið Íslendinga hafa mætt skilningi hjá stjórnvöldum hinna Norðurlandanna. Snemma árs 1984 samþykktu samstarfsráðherrar Norðurlandanna að styrkja sérstakt **markaðsátak** Íslands á Norðurlöndunum í því skyni að auka sölu á íslenskum framleiðsluvörum þar. Var ákveðið að ráðherranefnd Norðurlanda veitti 500 þúsund norskar krónur til markaðsátaksins og jafnvirði þeirrar fjárhæðar kæmi frá íslenskum stjórnvöldum. Um 20 íslensk fyrirtæki, valin úr stórum hópi fyrirtækja, taka þátt í markaðsátakinu undir stjórn sænsks markaðssérfræðings. Beitt er nokkuð nýstárlegum aðferðum með því að gera sérstaka markaðsathugun fyrir hvert fyrirtæki. Er gert ráð fyrir að þessu verkefni ljúki á miðju ári 1985 en þegar hefur verulegur árangur skilað sér fyrir þátttakendur.

### Efling útflutnings.

Í byrjun september 1984 samþykkti ríkisstjórnin að gert yrði átak til að efla útflutningsstarfsemi og leita markaða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis en í því skyni skyldi stofnað útflutningsráð sem næði til allra atvinnuvega. Í samræmi við þessa yfirlýsingu lagði viðskiptaráðherra fram svohljóðandi bókun á ríkisstjórnarfundinum hinn 6. september:

1. Í samráði við útflytjendur og samtök þeirra verði hafist handa um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsmála og með hvaða hætti æskilegt sé að ríkisvaldið standi að þeim málum. Hér er m. a. átt við hvort ekki sé rétt að ein og sama stofnunin, útflutningsmiðstöð, annist aðstoð við útflytjendur þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði.
2. Á meðan sú endurskoðun fer fram verði áfram unnið við markaðsöflun á vegum og fyrir íslensk fyrirtæki á þann hátt sem tíðkast hefur.  
Þar sem brýnt er að auka nú þegar starfsemi við verkefna- og þjónustuútflutning verði sérstökum nefndum á vegum viðskiptaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis falið það verkefni.
3. Við endurskipulagningu lánamála verði sérstaklega athugað með lána- og tryggingamál útflutningsatvinnuveganna.
4. Í því skyni að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á því efni verði hugmynd um sérstakt útflutningsár sérstaklega könnuð og að því stefnt 1986.

Bókunin var samþykkt og í nóvembermánuði skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að greiða fyrir **útflutningi verkefna og þjónustu**. Nefndin tók fljótlega til starfa og einbeitti sér í fyrstu að því að öðlast yfirsýn yfir það sem væri að gerast hér á landi á þessu sviði útflutningsmála. Einnig sinnti ráðuneytið verkefna- og þjónustuútflutningi með ýmsum öðrum hætti, þ. á m. átti fulltrúi þess sæti í stjórn Norræna verkefnaútflutningssjóðsins

(NOPEF) en sjóðurinn veitti nokkrum íslenskum fyrirtækjum styrki á árinu til forathugana á verkefnum í þróunarlöndunum.

Í samræmi við fyrrgreinda bókun viðskiptaráðherra voru skipaðar tvær aðrar nefndir í byrjun ársins 1985. Var annarri þeirra falið að athuga og gera tillögur um **fyrirkomulag útflutningsmála** og þá sérstaklega hvernig háttað skuli samstarfi útflytjenda og stjórnvalda til eflingar útflutningi. Hinni nefndinni var aftur á móti einkum ætlað að kanna hugmynd um að árið 1986 verði gert að **ári útflutningsins** og sérstök áhersla verði því lögð á ýmiss konar umbætur og ráðstafanir sem eflt geta útflutningsstarfsemi.

## VIII. Utanríkisþjónustan.

Í skýrslu minni til Alþingis á síðasta ári lýsti ég þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að huga sifellt að því að utanríkisþjónustan ræki sem best það hlutverk sitt að gæta hagsmuna Íslands erlendis.

Jafnframt því að stöðugt er leitast við að nýta hina fámennu utanríkisþjónustu okkar sem best tel ég nú svo komið að tímabært sé að efla utanríkisþjónustuna m. a. til þess að styðja við bakið á íslenskum útflytjendum við markaðsleit og til þess að fylgjast betur með samkeppnisaðstöðu okkar á erlendum mörkuðum.

Í þessum tilgangi hefur verið gengið frá samkomulagi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins um að markaðsfulltrúi ÚÍ starfi um nokkurt árabíl við ræðisskrifstofuna í New York. Hefur hann nýlega tekið til starfa. Hér er brotið nýtt blað í samvinnu utanríkisþjónustunnar við samtök útflytjenda. Nauðsynlegt er að efla slíkt samstarf og er í því efni brýn þörf á að samtök helstu útflutningsgreina og stjórnvöld byggi upp fastan samstarfsvettvang til verulegs átaks í markaðsmálum. Um þetta efni er fljótlega að vænta tillagna nefndar sem viðskiptaráðherra hefur skipað. Mun utanríkisþjónustan ekki láta sinn hlut eftir liggja í sameiginlegu átaki í þessum efnunum.

Ísland hefur nú stjórnmalasamband við 77 ríki, sem í langflestum tilfellum hefur verið stofnað til að beiðni hinna erlendu ríkja. Við upptöku stjórnmalasambands hefur það oftast verið látið koma skýrt fram að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða skipun sendiherra hjá hinu erlenda ríki að minnsta kosti fyrst um sinn.

Síðan á árinu 1970 hefur sendiráðum eða fastanefndum Íslands erlendis ekki fjölgað en þau eru nú 11 að tölu. Á undanfórnum árum hefur umdæmislöndum sendiherra okkar hins vegar stöðugt fjölgað. Nú eru íslenskir sendiherrar tilkynntir hjá 59 ríkjum og fastafulltrúar hjá allmörgum alþjóða- eða milliríkjastofnunum. Af þessu leiðir að störf sendiráðanna hafa aukist til muna á undanfórnum árum.

Ég tel nauðsynlegt að gera tillögu um fjölgun sendiráða Íslands erlendis við undirbúning fjárlaga næsta árs.

Þegar hugað er að fjölgun íslenskra sendiráða beinist athyglin einkum að þremur löndum, sem Ísland hefur þegar mikil og góð samskipti við. Þessi lönd eru Kanada, Finnland og Japan.

Mál þessi hafa verið rædd í utanríkismálanefnd Alþingis og er þar t. d. góður hljómgrunnur fyrir stofnun sendiráðs í Kanada, en ég tel eðlilegt að frekari umræður fari fram í nefndinni um framtíðarstefnu í þessum efnunum, áður en til ákvörðunar kemur.

Í hálfan annan áratug hefur utanríkisráðuneytið verið til húsa í byggingu lögreglustjóra-embættisins í Reykjavík. Þetta húsnæði hefur ekki verið nægjanlegt til þess að öll starfsemi ráðuneytisins gæti verið undir sama þaki, heldur hefur í allmörg ár þurft að leigja húsnæði annars staðar fyrir varnarmáladeildina. Veldur það að sjálfsögðu vandkvæðum í daglegu

starfi og hindrar hagræðingu. Þar við bætist að embætti lögreglustjóra hefur í nokkur ár haft þörf fyrir að taka leiguhúsnæði ráðuneytisins til eigin nota. Urbætur í húsnæðismálum utanríkisráðuneytisins eru því orðnar brýnt mál. Á sínum tíma var ákveðið að reyna að fylgja þeirri stefnu að starfsemi Stjórnarráðsins yrði sem mest á sama svæði í grennd við Stjórnarráðshúsið og Arnarhvol. Með þetta í huga tel ég mjög æskilegt að leyst verði úr húsnæðisþörfum utanríkisráðuneytisins með nýbyggingu á lóð ríkisins við Skúlagötu, austan húss rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Fyrir forgöngu forsætisráðherra er hafinn undirbúningur þar að lútandi. Teldi ég rétt að viðskiptaráðuneytið yrði þarna einnig til húsa hvort sem að ráði verður að fela utanríkisráðuneyti stjórn utanríkisviðskipta eða ekki, en mjög margir sem til þekkja eru þeirrar skoðunar að sameina beri ráðuneytin að þessu leyti, sbr. nú síðast ráðagerðir um skipulagsbreytingu á Stjórnarráði Íslands.

Eitt af hlutverkum utanríkisþjónustunnar er að gæta hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum að því er varðar menningarmál. Liður í því starfi er Íslandskynning á erlendri grund m. a. með útgáfu og dreifingu upplýsingaefnis um Ísland.

Unnið hefur verið að verulegri útgáfustarfsemi landkynningarbæklinga, í sumum tilfellum í samvinnu við ýmis íslensk fyrirtæki. Má t. d. nefna útgáfu upplýsingabæklings á sex tungumálum sem er að koma út og verður dreift á vegum utanríkisþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem þess óska.

Áhugi útflytjenda og annarra þeirra sem afla gjaldeyris fyrir þjóðarþúið er í auknum mæli að vakna fyrir gildi öflugrar landkynningar. Er utanríkisþjónustan boðin og búin til að efla samstarf við þessa aðila. Gott samstarf af þessu tagi hefur komist á og er von til að það fari vaxandi. Vel heppnaðar opinberar heimsóknir forseta Íslands til útlanda hafa einnig verið nýttar með samstarfi utanríkisþjónustunnar og útflytjenda til kynningar á Íslandi og íslenskum framleiðsluvörum.

## Fylgiskjal 1.

### Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra:

Umdæmi sendiráða Íslands og fastanefnda eru nú sem hér segir, auk þess sem 2 sendiherrar búsettir í Reykjavík annast 14 fjarlæg lönd, einkum í Asíu:

#### **Kaupmannahöfn:**

Danmörk  
Ítalía  
Tyrkland  
Ísrael

#### **Osló:**

Noregur  
Pólland  
Tékkóslóvakía

#### **Stokkhólmur:**

Svíþjóð  
Finnland  
Júgóslavía  
Albanía  
Saudi Arabía

#### **London:**

Stóra-Bretland og  
Norður-Írland  
Írland  
Holland  
Nígería

#### **Reykjavík:**

Japan  
Kína  
Indland  
Pakistan  
Bangladesh  
Alþýðulýðveldið Kórea  
Kóreulýðveldið  
Indónesía  
Thailand  
Íran  
Írak  
Kýpur  
Túnis  
Ástralía

#### **París:**

Frakkland  
Cabo Verde  
Spánn  
Portúgal  
OECD  
UNESCO

#### **Moskva:**

Sovétríkin  
Búlgaríja  
Rúmenía  
Ungverjaland  
Pýska alþýðulýðveldið  
Mongólía

#### **Bonn:**

Sambandslýðveldið  
Pýskaland  
Austurríki  
Sviss

#### **Brussel:**

NATO  
EBE  
Belgía  
Grikkland  
Luxemborg

#### **Washington:**

Bandaríki N-Ameríku  
Kanada  
Mexíkó  
Brasilía  
Argentína  
Chile  
Perú  
Bahamaeyjar  
Kúba

#### **Genf:**

EFTA  
Evrópuskrifstofur  
Sameinuðu þjóðanna  
og aðrar stofnanir  
S.þj. í Genf  
Kenýa  
Tanzanía  
Egyptaland  
Eþíópía

#### **New York:**

Höfuðstöðvar  
Sameinuðu þjóðanna.



## Fylgiskjal 2.

### **Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.**

#### **Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.**

Sameinuðu þjóðirnar (UN).  
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).  
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).  
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).  
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).  
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).  
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).  
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).  
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).  
Alþjóðapóstsbandið (UPU).  
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).  
Alþjóðabankinn (IBRD).  
Alþjóðalánastofnunin (IFC).  
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).  
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

#### **Önnur alþjóðasamtök.**

Atlantshafsbandalagið (NATO).  
Evrópuráðið (Council of Europe).  
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).  
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).  
Norðurlandaráð (Nordic Council).  
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).  
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).  
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Berne Union for the Protection of Literary and Artistic Works).  
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).  
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).  
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).  
Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).  
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).  
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).  
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).  
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).  
Parisarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).  
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).  
Alþjóðasamband sakamála lögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).  
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

### Fylgiskjal 3.

#### Ályktanir á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Ísland gerðist á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna meðflytjandi að eftirfarandi ályktunartillögum:

#### Allsherjarþingið:

1. Ályktun 39/5 Kampútsíumálið.
2. Ályktun 39/72G Suður-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna.
3. Ályktun 39/72H Samræmdar aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði.

#### Fyrsta nefnd:

4. Ályktun 39/53 Algjört bann við kjarnavopnatilraunum.
5. Ályktun 39/65D Ráðstafanir um bann við efna- og sýklavopnum.

#### Sérstaka stjórnmalanefndin:

6. Ályktun 39/100 Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi.

#### Önnur nefnd:

7. Ályktun 39/172 Þáttur kvenna í þróunarstarfsemi.
8. Ályktun 39/179 Háskóli Sameinuðu þjóðanna.
9. Ályktun 39/189 Aðstoð við Grænhöfðaeypjar.
10. Ályktun 39/208 Lönd, sem búa við eyðimerkurmyndun og þurrka

#### Þriðja nefnd:

11. Ályktun 39/46 Alþjóðasamningur gegn pyntingum.
12. Ályktun 39/109 Skyndiaftökur.
13. Ályktun 39/112 Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga.
14. Ályktun 39/130 Samningur um afnám alls misréttis gegn konum.
15. Ályktun 39/135 Samningur um réttindi barna.
16. Ályktun 39/136 Mannréttindasáttmálar.
17. Ályktun 39/137 Afnám dauðarefsingar
18. Ályktun 39/140 Skýrsla flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

#### Fjórtða nefnd:

19. Ályktun 39/44 Menntunar- og þjálfunaráætlun fyrir sunnanverða Afríku.

#### Fimmta nefnd:

20. Ályktun 39/70 Endurskoðun á greiðslum til ríkja sem leggja til herlið í UNIFIL.
21. Ályktun 39/71A og B Fjármögnun friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL.

#### Sjötta nefnd:

22. Ályktun 39/83 Öryggi stjórnarerindreka.
23. Ályktun 39/89 Vernd og velfarnaður barna.

## Fylgiskjal 4.

### Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1978–1985 (í þús. kr.).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
<b>A. Langtímaþróunaraðstoð</b>								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna .....	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788	4 788
2. Alþjóðafmárafarastofnunin (IDA) .....	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580	20 530
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal .....	380	540	960		590			
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands .....	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	41 410	20 500
5. Alþjóðabankinn (IRBD), hlutafjárskning .....	900					5 453	11 856	11 856
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild .....		332	456	661	1 045	2 650	3 775	4 900
<b>Alls</b>	<b>2 460</b>	<b>3 266</b>	<b>9 206</b>	<b>9 699</b>	<b>17 902</b>	<b>61 915</b>	<b>66 409</b>	<b>62 574</b>
<b>B. Önnur aðstoð.</b>								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF) .....	40	59	71	138	250	332	332	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) .....	12	26	33	59	173	378	580	552
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) .....	21	52	100	296	683	595	945	1 208
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA) .....	29	60	88	132	512	201	297	380
5. Aðstoð við flóttamenn .....	4	434	182	413	1 911	1 500	318	—
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna .....	6	10	16	29	45	41	58	80
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins .....	9	14	19	34	363	367	477	558
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna .....	6	10	16	29	45	41	58	80
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO) .....		3	12	31	164	112	238	236
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna .....					58	50	88	104
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR) .....						248	294	258
12. Sérstök matvælaaðstoð vegna hungursneyðar o. fl. ....					1 150	2 559	2 000	10 800
<b>Alls</b>	<b>127</b>	<b>668</b>	<b>537</b>	<b>1 161</b>	<b>5 354</b>	<b>6 424</b>	<b>5 685</b>	<b>14 588</b>
<b>Samtals</b>	<b>2 587</b>	<b>3 931</b>	<b>9 743</b>	<b>10 860</b>	<b>23 256</b>	<b>68 339</b>	<b>72 094</b>	<b>77 162</b>
Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs .....	0.045%	0.046%	0.073%	0.053%	0.075%	0.129%	0.107%	0.087%

1) Áætlun.